



SKOÐUN Hvort er betra að þúsund ferðamenn sitji heima eða gisti í svefnsófum fólks, spyr Pawel. **19**



MENNING Hljómsveitin Kaleo frumsýnir myndband við lagið Vor í Vagla-skógi í kvöld. **30**



SPORT Margrét Lára Viðarsdóttir sér fyrir endann á langri meiðslasögu sinni. **34**

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
28. júní 2013
150. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt öreimtbláskönnun Capacent Gallup, janúar - mars 2012

LÍFIÐ



Pakklát fyrir foreldrana

Elísabet Eyþórsdóttir í Sísý Ey hefur verið umkringd tónlist alla tíð. Hún á fimm ára snilling sem vill aðallega hlusta á danshljómsveitina Prodigy.

FRÉTTIR

Eitra fyrir lúpínu Skoða á leiðir til að útrýma lúpínu sem breiðir úr sér í Pengilhöfða við Grenivík. **2**

29 milljarða bótamáli vísað frá Einu stærsta skaðabótamáli sem þrotabú hefur höfðað frá hruni var vísað frá dómi í gær. Slitastjórn Landsbankans áfrýjar líklega. **6**

Fá ekki auglýstan nethraða Neytendur í Evrópu fá ekki þann nethraða sem þeir borga fyrir. Ísland er undir meðaltali Evrópulanda. **12**



SHALDOR 18

Bolungarvík	9°		V 4
Akureyri	9°		V 2
Egilsstaðir	10°		NV 4
Kirkjubæjarkl.	13°		V 5
Reykjavík	10°		V 10

SKÚRIR Í dag verður yfirleitt fremur hæg vestlæg átt en aðeins hvassara við S-ströndina. Víða skúrir, einkum V-tíl í fyrstu. Hiti víðast 8-14 stig. **4**

4 SÉRBLÖÐ

Lífið | Sumardrykkir | Nýsköpun Fólks



70% vilja óbreytt veiðigjöld

Mikill meirihluti landsmanna er andvígur áformum ríkisstjórnarinnar um að lækka veiðigjöld á útgerðirnar samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Meirihluti sjálfstæðismanna vill lækka veiðigjöldin.

KÖNNUN Mikill meirihluti landsmanna er andvígur því að lækka veiðigjöld á útgerðina eins og ríkisstjórnin áformar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls eru 70,6 prósent þeirra sem afstöðu taka í könnuninni andvíg því að lækka veiðigjöldin en 29,4 prósent eru hlynt því að lækka gjaldtökuna.

Meirihluti stuðningsmanna allra annarra flokka en Sjálfstæðisflokksins er andvígur því að lækka veiðigjöldin. Alls eru 59 prósent þeirra sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn nú andvíg áformum ríkisstjórnarinnar en 41 prósent vill lækka gjöldin.


Um 39,5 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins eru andvíg því að

lækka gjöldin en 60,5 prósent eru því fylgjandi.

Afstaða stuðningsmanna annarra flokka er afgerandi. Á bilinu 86 til 90 prósent stuðningsmanna Bjartrar samtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna eru andvíg lækkan gjaldanna, og 74 prósent stuðningsmanna Pírata.

Hringt var í 1.677 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki hinn 26. og 27. júní. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Á að lækka veiðigjaldið eins og ríkisstjórnin áformar að gera? Alls tóku 73,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

Afstaða landsmanna til lækkunar veiðigjalds



Spurt var: Á að lækka veiðigjaldið eins og ríkisstjórnin áformar að gera? Já Nei

Heimild: Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 26. og 27. júní



BJÖRGUNIN GEKK VEL Stálskipið Þórsnes II var dregið af strandstað við Skoreyjar í Breiðafirði í gær, en þar hafði það steytt á skeri fyrr um daginn. Öttast var að olía gæti lekið frá skipinu en ekki var að sjá nokkuð slíkt í gær. **Sjá síðu 4**

Parið Daniel og Alexia:
Fundu ástina í hvalaskoðun

FÓLK Þau Daniel Annisius og Alexia Askelöf gengu í það heilaga í Naustavík við Skjálfandaflóa á mánudaginn.

Þau starfa bæði hjá hvalaskoðunar fyrirtækinu Gentle Giants á Húsavík, en þau kynntust þar árið 2007.

Daniel segir athöfnina hafa verið ævintýri líkasta.

„Við ferjuð-um fólknið yfir flóann í hvalaskoðunarbátum okkar, Sylvíu, og athöfnin fór fram í fjörinni. Svo kom sólin fram einmitt á meðan á athöfninni stóð, sem var alveg frábært.“

Þau segjast ekki komast í brúðkaupsferð í sumar vegna anna í hvalaskoðuninni, en í haust sé stefnan tekin á að fara í Interrail-ferðalag. **- þj / sjá síðu 38**



ALEXIA ASKELÖF

Stækkunarstjóri ESB segir ekki hægt að hafa umsókn á ís að eilífu:
Íslendingar ákveði sig sem fyrst

UTANRÍKISMÁL Íslensk stjórnvöld þurfa að ákveða sig sem fyrst hvort aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði haldið áfram eða ekki. Þetta segir Peter Stano, talsmaður stækkunarstjóra ESB.

„Það er svo sem enginn sérstakur tímarámi, en Stefan Füle [stækkunarstjóri ESB] hefur sagt íslenskum stjórnvöldum frá okkar hugmyndum því við þurfum líka að gera ráðstafanir,“ segir hann. „Eini ramminn sem við höfum núna til að skipuleggja samband okkar við Ísland er umsóknin ykkar og það sem hefur nú þegar komið fram í viðræðunum.“

Stano minnst á að ESB sé kunnugt um að aðildarviðræður verði teknar upp á Alþingi með haustinu og ekki sé búist við því að mikið gerist fyrr en þá. „En það er ljóst að

þetta getur ekki verið sett á ís að eilífu,“ segir hann. „Þess vegna þurfum við að fá viðbrögð frá íslenskum stjórnvöldum sem fyrst.“

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur sagt að ekkert sé búið að ákveða varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi aðildarviðræður við ESB. Fram kom í fréttum Stöðvar 2 á miðvikudag að rétt tæplega helmingur þjóðarinnar vildi klára aðildarviðræðurnar, samkvæmt nýrri könnun Capacent. Um fjöru-tíu prósent vilja slíta viðræðum.



PETER STANO

GUNNAR BRAGI SVEINSSON

En það er ljóst að þetta getur ekki verið sett á ís að eilífu.

Peter Stano, talsmaður stækkunarstjóra ESB

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

EINSTAKT UPPFLETTIRIT

Yfir 350 fisktegundum gerð skil

www.forlagid.is

SPURNING DAGSINS



Árný, verðið þið á hjólum í kringum þátttakendur?

„Við hjólum og spólum hér.“

Þátttakenda í hjólréiðakeppninni Tour de Hvolsvöllur bíður veisla við endamarkið á Hvolsvelli. Árný Lára Karvelsdóttir er kynningarfulltrúi Rangárbings eystra.

Vinakot býður í kaffi og biður um faglega ákvörðun um unglingaheimili sitt:

Rannsóknir byggja ekki á persónulegu mati

FÉLAGSMÁL „Það ríkir engin óvissa varðandi starfsemi Vinakots,“ segja Aðalheiður Bragadóttir og Jóhanna Fleckenstein, forstöðukonur hjá Vinakoti, sem rekur tvö heimili fyrir unglinga með hegðunarvanda í Hafnarfirði.

Í yfirlýsingu Aðalheiðar og Jóhannu vegna fjölmiðlaumfjöllunar um málefni heimilis Vinakots fyrir drengi í Fjólúhvammi er ítrekað að ekki liggi fyrir niðurstaða hjá skipulags- og byggingaráði Hafnarfjarðar um það hvort Vinakot teljist

stofnun eða heimili. Komið hefur fram að einhverjir íbúar götunnar telja um að ræða atvinnustarfsemi sem ekki eigi heima í íbúðargötu.

„Okkur einlæga von er að niðurstaðan muni ekki byggjast á persónulegri skoðun skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar heldur faglegum grunni og lögfræðilegu álit. Einnig viljum við jafnframt taka það fram að hagsmunir skjólstaðinga okkar eru og verða alltaf í fyrirrúmi,“ segir í yfirlýsingu forstöðukvennanna sem bjóða íbúum



AÐALHEIÐUR BRAGADÓTTIR



JÓHANNA FLECKENSTEIN

Fjólúhvamms í kaffi á mánudaginn þar sem starfsemin verður kynnt og spurningum svarað.



FJÓLÚHVAMMUR Forstöðukonur í Vinakoti segja enga óvissu ríkja um starfsemina.

Áskrifendamagn rangt mælt: Villandi framsetning Pipars

FJÖLMIÐLAR Útreikningar auglýsingastofunnar Pipars á breyttum áskrifendafjölda Stöðvar 2 og Skjás eins eru villandi, þar sem þeir bera saman mælingar á ólíkum tímum milli ára.

Guðni Rafn Gunnarsson, yfirmaður rannsóknarsviðs Capacent, hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna þessa. „Að gefnu tilefni vill Capacent taka fram að áskrift að sjónvarpsstöðvum er mæld mánaðarlega í rafrænum ljósvakamælingum Capacent og eru aðgengilegar markaðsaðilum. Óheimilt er að birta upplýsingar úr Neyslu- og lífstílskönnun Capacent og er þeim ekki ætlað að mæla áskrift sjónvarpstöðvanna,“ segir hann.

Sverrir Agnarsson, fjölmiðla-greinin hjá 365, skrifar grein um málið í Fréttablaðið í dag.

- sh / sjá síðu 19

Snowden fastur á flugvelli: Skilríkin frá Ekvador ógild

EKVADOR, AP Bráðabirgðavegabréf sem bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden fékk frá Ekvador var gefið út án heimildar. Þetta segja stjórnvöld í Ekvador, sem gátu ekki gefið skýringar á því af hverju hann fékk þetta skilríki.



EDWARD SNOWDEN

„Skjal af þessu tagi hefur ekkert gildi og er eingöngu á ábyrgð þess einstaklings sem gaf það út,“ sagði Betty Tola stjórnsýsluráðgjafi á blaðamannafundi í gær.

Bandaríska vegabréfið, sem Snowden hafði, hefur verið gert ógilt þannig að hann virðist nú sitja fastur á flugvelli í Moskva án skilríkja.

- gb

Lög um lækkun veiðigjalda: Píratar hyggjast beita málþófi

ALÞINGI Þingmenn Pírata hyggjast beita málþófi til að tryggja það að forseti Íslands muni verða á landinu til að taka sjálfur afstöðu til laga um veiðigjalda.



JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

„Okkur þætti vænt um að vita hve lengi við þingmenn Pírata þurfum að þæfa málið þar til þú kemst til landsins til að taka við málskotsréttinum úr höndum stjórnarliða?“ segir Jón Þór Ólafsson, alþingismaður Pírata, í opnu bréfi til forseta, en í fjarveru forseta er forsætisráðgjafi handhafi forsetavalds.

Málið var í gær tekið úr atvinnuveganefnd og vísað til annarrar umræðu á þingi.

- þj

Biskup Kaupmannahafnar: Kirkjur hýsi ekki diskótek og stórmarkaði

DANMÖRK Sex af hverjum tíu Dönnum eru fylgjandi því að önnur starfsemi en trúarleg fari fram í kirkjum sem hefur verið lokað. Þetta eru niðurstöður könnunar á vegum danska blaðsins Jyllands-Posten. Ákveðið hefur verið að loka fjórtán kirkjum í Kaupmannahöfn.

Biskup borgarinnar, Peter Skov-Jakobsen, vill að skynsamleg starfsemi fari fram í kirkjunum og bendir á söfnuði innflytjenda sem oft vanti húsnæði fyrir guðsþjónustur.

Biskupinn er einnig hlynntur samfélagslegri starfsemi og menningarlegri en á erfitt með að sjá fyrir sér diskótek og stórmarkaði í kirkjunum.

- ibs



LÚPÍNAN Í ÞENGIHÖFÐA Plantan sem græða átti upp melinn í Þengilhöfða leggur sífellt meira land undir sig.

MYND/BJÖRN INGÓLFSSON

Reyna að eittra fyrir lúpínu í Þengilhöfða

Skoða á leiðir til að útrýma lúpínu sem breiðir úr sér í Þengilhöfða við Grenivík. Tilraun verður gerð með eitrun á hluta svæðisins. Sveitarstjórinn segir frest til að ákveða framtíð lúpínunnar í höfðanum að renna út. Brátt verði ekkert við ráðið.

UMHVERFISMÁL „Það eru fimmtán til tuttugu ár síðan við ösnuðumst með dúsk af lúpínu þarna upp eftir, sem við áttum aldrei að hafa gert,“ segir Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, þar sem stendur til að útrýma lúpínu úr Þengilhöfða.

Sveitarstjórnin ákvað að láta eittra fyrir hluta af lúpínunni, sem að sögn Guðnýjar þekur nú tæpan hektara í Þengilhöfða. Guðný á síðan að gera kostnaðaráætlun um algera útrýmingu þessarar umdeildu plöntu úr fjallinu, sem stendur við Grenivík.

„Við erum að spá í hvort það eigi að útrýma lúpínunni eða ekki. Sumum finnst ómurlagt að hafa lúpínu og öðrum finnst það bara

fallegt,“ segir Guðný, sem ítrekar að endanleg ákvörðun hafi ekki verið tekin. Of seint sé að eittra á þessu ári.

„Ef það verður ákveðið þá tekur það tuttugu ár og við þurfum að leggja töluverða peninga í það. Annað hvort byrjum við á næsta ári eða við hugsum ekki um þetta því það verður alltaf erfiðara og erfiðara að útrýma lúpínunni eftir því sem hún breiðist út. Hún stoppar ekki,“ segir Guðný.

Að sögn sveitarstjórans sjá margir eftir hefðbundnum melagróðri sem lúpínur kæfi. Menn hafi ekki haft eins miklar efasemdir um lúpínuna þegar henni var sáð á sínum tíma.

„Ef menn ætla að eyða þessu er



„Ef menn ætla að eyða þessu er um að gera áður en þetta verða gígantískir flákar.“

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

um að gera áður en þetta verða gígantískir flákar,“ bendir Guðný á. Aðspurð segir hún reyndar lúpínu mun víðar í Grýtubakkahreppi. „En það er svo mikið af henni að það er tapaður bardagi nema bara í Höfðanum.“ gar@frettabladid.is

Femmenessence

Finnur þú fyrir breytingaskeiðseinkennum?

Prófaðu nýja Femmenessence 100% náttúruleg vara unnin úr macarót. Rannsóknir sýna að Femmenessence getur bætt líðan kvenna á breytingaskeiði.

Femmenessence styður við og nærir eigin hormónafrámleislu líkamans

*Tilboðið gildir til 30.júní

20% kynningar afsláttur*

Lyf & heilsa Við hlustum!

Hvatt er til að vinnumarkaður endurmeti gildi fjölskyldunnar:

Vilja skoða 36 tíma vinnuviku

KJARAMÁL Mikilvægt er að skoða kosti þess að stytta vinnuviku Íslendinga úr 40 stundum í 36 stundir. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem kom út í gær.

Skýrslan var unnin að beiðni velferðarráðuneytis í samstarfi við Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu. Segir í skýrslunni að betur þurfi að huga að vinnuframlagi starfsfólks og finna leiðir til þess að breyta þeirri séríslensku menningu sem felst í að vinna langan vinnudag.

Skýrslan byggir á 24. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem segir að nauðsynlegt sé að gera konum og körlum kleift að samræma starfskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Tillögur vinnuhópsins eru í tíu liðum en þar á meðal eru aðilar vinnumarkaðarinnar hvattir til þess að standa fyrir fræðsluáttaki með áherslu á endurmenntun stjórnanda út frá gildum fjölskyldunnar og að þeir setji sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir þar sem unnið er að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Þóroddur Kristinnsson, formaður vinnuhópsins, segir að málaflökkurinn varði afar marga. „Þetta er mikil-



VINNUTÍMI TI SKOÐUNAR Aðilar vinnumarkaðarinnar eru hvattir til að leggja áherslu á endurmenntun stjórnanda út frá gildum fjölskyldunnar.

MYND ÚR SAFNI

vægt mál og skýrslan á að gera málaflökkinn aðgengilegan fyrir sem flesta.“ segir Þóroddur og bendir á að stytting vinnuvikunnar sé eitt af því sem vert sé að skoða í þessu samhengi. „Það gefur augaleið að því minna sem fólk vinnur, því meiri tíma hefur það með fjölskyldunni en um er að ræða stórt og umfangsmikið mál og því er vert að skoða það sérstaklega.“

- le

VALITOR KORTALAN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

SPARIÐ 18.980

BORÐ + 4 STÓLAR

FSC

Jutlandia Harðviður

ROYAL BORÐ OG 4 ROYAL STÓLAR
Fallegt sett úr gegnheilum harðviði. Stærð á borði: Ø110 sm. Borðið og stólana er auðveldlega hægt að leggja saman svo lítið fari fyrir settinu í geymslunni. Borð 16.990 Stóll 7.995 Vrn. 902-11-1001, 902-11-1004

BORÐ + 4 STÓLAR 29.990

KUBBUR VÍKINGASPIL 2.995

KUBBUR VÍKINGASPIL
Sniðugt í ferðalagið, útileguna eða garðinn. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!
Vnr. 24826001

Vnr. 638935
ASADI SANDALAR 1.495

NÝ SENDING

ASADI KLOSSAR 1.695
Vnr. RL-1316BLK37

KATLA OPEN AIR TJALD
Gott 2ja manna tjald úr vatnsvörðu, akrýlhúðuðu nylonefni. Þéttur botn og s terkar stangir. Stærð: 205 x 140 x 105 sm. Þyngd: 1,4 kg. Mjög létt og nett tjald sem tekur lítið pláss! Fæst í 3 litum. Vrn. 41814001

400 mm 1,40 kg

ÁLBAKKAR 195
Vnr. DV5100900

4 STK.

EINNOTA GRILL 295
EINNOTA GRILL
Gott einnota grill á góðu verði. Vnr. YL7315050

Hitapól svefnpokans
Þægindamörk +16/+26°C
Lágmarkshiti +5°C

2 MANNA TJALD 2.695

TARTU SVEFNPOKI 1.995
TARTU SVEFNPOKI
Svefnpoki á frábæru verði! Stærð: 220 x 74 sm. Þyngd: 840 gr. Má þvo í vél. Vnr. 906-10-1038

SPARIÐ 50.000

FULLT VERÐ: 229.950

179.950

VALITOR KORTALAN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

DIXIE TUNGUSOFI
Glæsilegur tungusofu með tauáklæði. Stærð: 315 x 165 x 86 Vnr. 8880000567

BRESCIA SÓLSTÓLL
Traustur og nýtskulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Litir: Svartur, rauður og blár Vnr. 3738500

BRESCIA SÓLSTÓLL 6.895

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Tilboðin gilda frá 28.06 til 03.07

FULLT VERÐ: 9.995

5.995

CARMEN STÓLAR
Með krómfótum, fánlegir í fjórum litum. Vnr. 8880000506

40% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 9.995

4.995
Vnr. C37370730

KASSAGÍTAR

SVONA ERUM VIÐ



Í LOK ÁRS 2011 skulduðu fjölskyldur á aldrinum 35-49 ára mest allra aldurshópa. Samanlagðar skuldir þeirra voru 809,3 milljarðar króna.

Heimild: Hagstofa

Björgunaraðgerðir vegna strands við Skoreyjar á Breiðafirði stóðu fram eftir kvöldi í gær: Mjög vel gekk að koma Þórsnesi II á flot

UMHVERFISMÁL Ekki var útlit fyrir að olía hefði lekið úr stálskipinu Þórsnesi II sem var dregið á flot í gærkvöldi, rétt áður en Fréttablaðið fór í prentun.

Björgunin gekk vel að sögn upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar, sem sá um björgunaraðgerðir. Til stóð að draga skipið í höfn til nánari skoðunar, en þyrlla gæslunnar fylgdi á eftir til að fylgjast með hvort olía færi að leka.

Togarinn Helgi SH 135 dró Þórsnesi II á flot, en það hafði steytt á

skeri við Skoreyjar á Breiðafirði, austan við Stykkishólm, rétt fyrir hádegi í gær. Öllum níu skipverjum var bjargað í land heilum á húfi.

Einar Þór Strand, formaður björgunarsveitarinnar Berserkja í Stykkishólmi, sagði í samtali við Fréttablaðið að aðstæður hefðu verið með besta móti og að björgunin hefði gengið vel fyrir sig.

„Ætli þeir hafi ekki verið allir komnir í land um það bil 30 til 40 mínútum eftir að útkallið barst,“ sagði hann.

Umhverfisstofnunvar með allan viðbúnað tiltækan fyrir dráttinn, meðal annars flotgirðingar.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, að olíuleki á þessum slóðum gæti haft hrikalegar afleiðingar.

„Það eru þúsundir lítra af olíu í skipinu og ef hún færi út í umhverfið væri það alvarlegt mál bæði fyrir lífríki sjávar og fuglalífið, þar sem æðarfugl er meðal annars kominn með unga út á sjó.“ -þj



ENGINN LEKI SJÁANLEGUR Þórsnesi II virtist ekki mikið skemmt eftir að það losnaði af strandstaði í gær.

MYND/LHG



FYRIR UTAN SJÚKRAHÚSIÐ Í PRETORÍU Fjöldi fólks hefur lagt leið sína þangað síðustu daga að votta Mandela virðingu sína.

NORDICPHOTOS/AFP

Mandela hresstist nokkuð en var enn í lífshættu:

Zuma hvatti fólk til að biðja

SUÐUR-AFRÍKA, AP „Hann er miklu betri í dag en þegar ég sá hann í gærkvöld,“ sagði Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku í gær, um heilsufar Nelsons Mandela, sem var forseti landsins 1994 til 1999.

Mandela hefur legið þungt haldinn á sjúkrahúsi í Pretoríu síðan um síðustu helgi. Í gær var hann orðinn heldur skárri, brást við snertingu ástvina og gat opnað augun.

Almennt virðist vera farið að renna upp fyrir íbúum Suður-Afríku að þessi helsti leiðtogi þjóðarinnar eigi ekki langt eftir. Hann er orðinn 94 ára og nýtur ómældrar virðingar heima fyrir jafnt sem annars staðar.

DÓMSTÓLAR

Ákært fyrir ítrekaða hráka

Ríkissaksóknari hefur ákært níttján ára Akureyring fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa í fyrkasumar, á Ráðhústorginu á Akureyri, hrækt ítrekað á buxur og skó lögreglumanns. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær.

BANDARÍKIN

Ný innflytjendalög

Öldungadeild Bandaríkjanna samþykkti í gær nýja innflytjendalöggjöf, sem getur opnað milljónum ólöglegra innflytjenda leið til að fá ríkisborgararétt. Meiri andstaða er við lögin í fulltrúadeild, sem á enn eftir að fjalla um þau.

Norska alþýðusambandið:

Innflytjendur fá öll ný störf

NOREGUR Innflytjendur búsettir í Noregi hafa fengið nær öll ný störf í landinu. Í fyrra fjölgaði um 38 þúsund störf á vinnumarkaðnum. Í norskum fjölmiðlum segir að nær 27 þúsund starfanna hafi farið til innflytjenda búsettra í Noregi. Útlendingar sem dvöldu í landinu til skamms tíma fengu afganginn.

Norska alþýðusambandið, LO, hefur lýst yfir áhyggjum af þróuninni og óttast að þeir sem minnst mega sýnir verði undir á vinnumarkaðnum.

Sá stolnu verkfærin sín til sölu á Bland.is

Forsvarsmenn sölusíðna á netinu gefa ekki upplýsingar um notendur nema að undangengnum dómskúrskurði. Framkvæmdastjóri bland.is segir starfsfólk þó reyna að sporna við sölu þýfis. „Þekkt vandamál,“ segir aðstoðaryfirlögsluþjónn.

LÖGREGLUMÁL Nokkuð hefur borið á því undanfarið að óprúttir aðilar noti söluvefi, á borð við bland.is, til þess að selja illa fengna hluti og koma þeim í verð.

Í samtali við Fréttablaðið lýsti kona, sem vildi ekki láta nafns síns getið, áhyggjum sínum yfir málinu, en hún og maðurinn hennar urðu fyrir því að brotist var inn í verkfærageymslu þeirra og ýmsu stolið. Þar voru dýr verkfæri og fáir eiga eins. Þannig fór ekki á milli mála þegar konan sá hluta verkfæra til sölu á söluvefnum bland.is að um þeirra eigur væri að ræða.

Þegar þau leituðu til lögreglu með málið var þeim sagt að bland.is gæfi ekkert upp um notandann og að þau þyrftu dómsúrskurð til þess að nálgast slíkar upplýsingar. Slíkt getur tekið langan tíma.

Notandinn hafði stofnað reikning á bland.is stuttu áður en auglýsingin með þýfinu hafði verið sett inn. Þannig þyrftu hjónin sem um ræðir að taka málin í sínar hendur.

Þau settu sig í samband við þann sem seldi þýfið í gegnum bland.is og gerðu sér upp áhuga á því að kaupa umrædd verkfæri. Þau mældu sér við mót við hann, en það var svo lögreglan sem mætti á svæðið í stað þeirra.

Jón H. B. Snorrason aðstoðaryfirlögsluþjónn segir þetta þekkt vandamál. „Við höfum oft þurft að snúa okkur til þeirra sem eru í forsvari fyrir söluvefi á landinu. Við leggjum áherslu á það við þessa söluvefi að ef grunur leikur á að um sé að ræða þýfi geti þeir ekki ábyrgðarlaust haldið áfram að hýsa sölnu. Þá yrðu þeir í framhaldinu sekir um hylmingu,“ segir Jón. „Upp til hópa held ég að það sé heiðarlegt fólk sem stendur að baki slíkum síðum og að jafnaði eru menn samvinnuþýðir, en það getur ekki komist undan þessari ábyrgð. Við höfum áður þurft að leita til dómstóla til fá úrskurð um eitt og annað vegna söluvefja. Slíkir úrskurðir kosta mikla vinnu af hálfu hins opinbera,“ bætir Jón við.

Skorri Rafn Rafnsson, framkvæmdastjóri bland.is, segir starfsfólk sitt gera allt í sínu valdi til



SKORRI RAFN RAFNSSON



JÓN H.B. SNORRASON



GERIR ALLT SEM Í VALDI ÞESS

STENDUR Framkvæmdastjóri bland.is segir starfsfólk sitt gera allt sem í valdi þess standi til að sporna við þýfissölu en að það þurfi að starfa innan ramma laganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

að koma í veg fyrir að þýfi sé selt á söluvefnum. „Svona mál eru sjaldgæf, en við erum náttúrulega með 230 þúsund notendur. Við berjumst gegn sviksamlegu athæfi. Hins vegar erum við skyldug til að virða þau lög og þær reglur landsins sem gilda um persónuvernd,“ segir Skorri. „Við deilum ekki upplýsingum um notendur okkar nema í skjóli laga, nánar tiltekið laga um persónuvernd, dómsúrskurðar og neyðarréttar,“ bætir Skorri við. „Við innleiddum auðkenningarskyldu til þess að sporna við því að ólöglegt athæfi þrífist á vefnum. Það hefur skilað töluverðum árangri,“ segir Skorri jafnframt.

olof@frettabladid.is

Íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVADAN ÞAD KEMUR

islandskt.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

RÓLEGHEIT UM HELGINA Veður verður víðast hvar nokkuð gott um helgina. Yfirleitt hægur vindur og lítur út fyrir bjart veður á morgun en lítils háttar vætu vestan til. Hitinn mætti þó vera mun hærri þessa daga.

Alicante 25°	Billund 17°	Gautaborg 18°	London 22°	Orlando 32°	San Francisco 22°
Basel 20°	Frankfurt 18°	Kaupmannahöfn 18°	Mallorca 25°	Ósló 18°	Stokkhólmur 20°
Berlín 20°	Friedrichshafen 19°	Las Palmas 26°	New York 27°	París 19°	

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HUROM[®]

SAFAPRESSA

NÝ SENDING!

- ✓ Pressar ávexti, grænmeti, hnetur, hveitigras, fræ, möndlur o.fl.
- ✓ Kreistir en sker ekki, skilar meiri safi með meira af næringarefnum.
- ✓ Hægt að pressa margar mismunandi safi í röð, nóg að láta vatn renna í gegn á milli.
- ✓ Örugg, engir hnífar!
- ✓ Hreinni safi, miklu minna hrat.
- ✓ Mjög hljóðlát.
- ✓ Einfalt að þrifa.



KYNNINGARVERÐ

41.990
fullt verð 45.990

Fullkominn þrýstibúnaður sér til þess að safinn sé ferskur án þess að tapa vítamínum og ensímum.



Hurom Slow juicer safapressan fær frábær ummæli frá viðskiptavinum enda með einstaklega góða nýtingu, eða allt að 70% úr hefðbundnum ávöxtum.

Gildir til 1. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir nýjasta kvikmynd Baltasars Kormáks?
2. Hver leiðir ástralska Verkamanna-flokkinn?
3. Hver er formaður Samtaka hernaðarandstæðinga?

SVÖR

1. Þ. Gunnarsson, 2. Kevin Rudd, 3. Stefán Pálsson.

Kynferðisafbrotamanni var sleppt eftir húsbrott og braut af sér sömu nótt:
Dóttirin bjóst við fleiri brottum

LÖGREGLUMÁL „Ég beið bara eftir því að þetta endurtæki sig,“ segir dóttir Jóhanns Sigurðarsonar, sem hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir að brjótast fyrir í mánuðinum inn á tvö heimili og brotið kynferðislega gegn unglingsstúlku og konu.

Jóhann, sem nú gengur undir nafninu Jóhannes Páll Sigurðsson, hefur tvisvar áður verið dæmdur fyrir kynferðisbrott, síðast árið 2008, en var sleppt úr fangelsi árið 2011 og losnaði af skilorði í vor.

6 sinnum er maðurinn talinn hafa brottist inn á heimili í miðbænum og Kópavogi í upphafi mánaðar, þar af fjórum sinnum sömu nóttina.

Dóttir hans sagði í samtali við Vísi að hún hefði lokað á öll samskipti við föður sinn. Hún hefði ekki vitað af brottum föður síns

fyrir en hún hefði lesið um þau í Fréttablaðinu í gær.

Í fréttum RÚV í gær kom fram að Jóhann hefði verið handtekinn eftir fyrra húsbrottið en sökum þess að hann hefði breytt um nafn hefði lögregla ekki þekkt til brotasögu hans og sleppt honum lausum. Þaðan fór hann og braust inn í seinna skiptið og braut gegn konu, en var handtekinn í kjölfar þess. Síðar kom í ljós að maðurinn hafði í fjórgang reynt að brjótast inn í hús þessa nótt.

- Þj, vg

Könnun sænsks háskóla:
Fleiri vilja færri flóttamenn

SVÍPJÓÐ Andstaðan gegn flóttamönnum vex í Svíþjóð, samkvæmt niðurstöðum könnunar Somstofnunarinnar við Gautaborgarháskóla sem var gerð í fyrra og var kynnt á dögunum.

Alls sögðu 45 prósent aðspurðra að þeim þætti það góð hugmynd að taka á móti færri flóttamönnum. Ári áður, eða 2011, var fjöldinn 41 prósent.

Alls svöruðu rúmlega sex þúsund af tólf þúsund manna úrtaki spurningum rannsakenda.

- ibs



BARACK OBAMA OG MACKY SALL Forsetarnir voru ekki á einu máli um réttindi samkynhneigðra. NORDICPHOTOS/AFP

Obama andmælt í Senegal:
Samkynhneigð telst enn glæpur

SENEGAL, AP „Við erum enn ekki tilbúnir að hætta því að líta á samkynhneigð sem glæp,“ sagði Macky Sall, forseti Senegal, eftir að Barack Obama Bandaríkjaforseti hafði hvatt leiðtoga Afríkuríkja til þess að viðurkenna réttindi samkynhneigðra.

Sall hélt því engu að síður fram að íbúar Senegal væru mjög umburðarlyndir og samkynhneigðir sættu ekki ofsóknum. Samfélagið þyrfti bara tíma til að melta þessa hluti: „Það er með þetta eins og dauðarefsinguna. Það eru mörg ár síðan við aflögðum hana.“

- gb

Ársreikningar sveitarfélaga:

Fjárhagsleg afkoma batnar

EfnaHAGSMÁL Afkoma sveitarfélaga hefur batnað á heildina litið og þau hafa styrkst fjárhagslega, samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2012. Þetta kemur fram í fréttabréfi hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kom út í gær.

Heildartekjur sveitarfélaga hafa vaxið um 6,8% að nafnvirði frá því árið 2011, þær voru þá 192,4 milljónir króna en voru 205,5 milljónir króna árið 2012. Að auki hefur heildarframlegð vaxið um 5,8 milljónir króna á milli ára eða 4,4 prósent. Hún er nú 18,8 milljónir króna á móti 13 milljónum króna árið 2011.

- ne

Grænn hópur á Evrópuþingi:

Herferð gegn olíuleit við Grænland

GRÆNLAND Hópur umhverfsvænna Evrópuþingmanna, Græni hópurinn, berst nú gegn olíuleit Dana og Grænlendinga við Vestur-Grænland. Á vef Jyllands-Posten er vitnað í þau ummæli Margrete Auken að fjarlæg lönd eins og Spánn, Þýskaland, Austurríki og Frakkland óttist afleiðingar fari eitthvað úrskurðis. Slíkt muni ekki eingöngu verða vandamál Danmerkur og Grænlendinga, heldur muni það hafa áhrif á lífríki hafsins um allan heim.

Það er mat þingmanna í Græna hópunum að öll lönd heims eigi að mótmæla olíuleitinni, en ekki bara Evrópuríki.

- ibs

Fundargerð nefndar birt:

Allir sammála um stýrivextina

EfnaHAGSMÁL Einhugur var í peningastefnunefnd Seðlabankans um tillögu Más Guðmundssonar, seðla-



MÁR GUÐMUNDSSON

bankastjóra og formanns nefndarinnar, að stýrivöxtum fyrir síðustu vaxtaákvörðun. Vöxtum var haldið óbreyttum.

Í nýbirtri fundargerð nefndarinnar frá 11. þessa mánaðar kemur fram að farið hafi verið yfir þróun efnaHagsmála og fjármálamarkaða, auk vaxtaákvörðunarinnar sjálfar og kynningar á henni.

Í nefndinni eiga sæti, auk Más, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðla-bankastjóri, Þórarinn G. Pétursson, aðalhafgræðingur Seðlabankans og hafgræðingarnir Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir.

- ók



SIGURJÓN P. ÁRNASON



HALLDÓR KRISTJÁNSSON



SVAFA GRÖNFELDT



KJARTAN GUNNARSSON

29 milljarða bótamál sagt byggt á getgátum

Einu stærsta skaðabótamáli sem þrotabú hefur höfðað eftir hrun hefur verið vísað frá dómi. Dómari segir bótakröfu slitastjórnar Landsbankans á hendur stjórnendum og bankaráði vera getgáfur. Snerist um þrjár greiðslur á degi neyðarlaganna.

DÓMSMÁL Risavöxnu skaðabótamáli slitastjórnar Landsbankans gegn fyrrverandi stjórnendum bankans og bankaráði hans var vísað frá dómi í gær. Slitastjórnin mat tjónið af saknæmri háttsetmi stefndu á um 29 milljarða en dómari kallar upphæðina getgátur.

Slitastjórnin stefndi í fyrra sjö manns fyrir dóm í málinu; bankastjórnunum fyrrverandi, Sigurjóni Þ. Árnasyni og Halldóri J. Kristjánssyni, bankaráðsmönnum Kjartani Gunnarssyni, Svöfu Grönfeldt, Þorgeiri Baldurssyni og Andra Sveinssyni og auk þess Jóni Þorsteini Oddleyfssyni, sem var forstöðumaður fjárfstýringar bankans. Björgólfi Guðmundssyni, sem var formaður bankaráðsins, var ekki stefnt, enda var hann orðinn gjaldþrota og ekkert til hans að sækja.

Slitastjórnin taldi að sjömenningarnir hefðu valdið bankanum tjóni með ákvörðunum um fjóra gjörninga sem allir gengu í gegn 6. október 2008, daginn sem neyðarlögin voru sett og eftir að Geir H. Haarde flutti þjóðinni ávarp um efnaHagshrunið í sjónvarpinu.

Í fyrsta lagi er um að ræða kaup á kröfum af Landsvaka fyrir tæpa tuttugu milljarða, í öðru lagi útborgun lánalínu til Straums upp á 7,2 milljarða og í þriðja lagi uppgjör við MP banka upp á 7,5 milljarða.

Mat slitastjórnarinnar var að stjórnendurnir og bankaráðsfólkið hefði bakað þrotabúinu tjón sem á núverandi gengi krónunnar stendur í um 29 milljörðum með því að koma því til leiðar, eða koma ekki í veg fyrir, að þetta fé væri greitt út úr bankanum þegar þeim hafi

átt að vera ljóst að bankinn stefndi í þrot.

Þessu er héraðsdómari Skúli Magnússon ósammála. „Samkvæmt framangreindu telur dómari að mjög skorti á að stefnandi hafi gert reka að því að fá tjón sitt staðreynt með þeim úrræðum sem honum eru tæk að lögum, svo sem öflun mats,“ segir í dómnum.

„Er tjón stefnanda því vanreifað og grundvöllur fjárhæðar kröfugerðar hans í reynd getgátur. Lúta þessir annmarkar að málinu í heild og eru þeir svo verulegir að ekki verður úr þeim bætt á síðari stigum. Er því skylt að vísa málinu í heild frá dómi.“

Páll Benediktsson, upplýsingafultrúi slitastjórnarinnar, segir yfirlýsingar líkur á að málinu verði áfrýjað.

stigur@frettabladid.is

Lækkað verð!

8. - 18. júlí.
Sunset Suites ***

Verð frá 98.900 kr.
Mv. 2 fulloröna og 2 börn í íbúð m. 1 svefnh.
Innifalið: flug, skattar og gisting.

miklu meira en sólarströnd

góða ferð

ferð.is
sími 570 4455

Grétar
„Kojak“

Hjörtur
„Mr Player“

Glænýr Villtur Lax

Fáránlegt Grilltilboð!

Allar steikurnar eru marineraðar og tilbúnar beint á grillið.

LÖNGUSTEIKUR
Kryddmarineraðar

1.390 kr/kg

KEILUSTEIKUR
Kryddmarineraðar

1.390 kr/kg

STEINBÍTSSTEIKUR
Kryddmarineraðar

1.390 kr/kg

ÞORSKSTEIKUR
Kryddmarineraðar

1.390 kr/kg

Opið
laugardag 10–15

STÓR HUMAR
Á GRILLIÐ

7.900 kr/kg





YTRI-KNARRARTUNGA Bæjaryfirvöld í Snæfellsbæ hafa þrýst á um bættu umgengi á sveitabæ í sveitarfélaginu.

Ábúendur á Ytri-Knarrartungu hlíta ekki tilmælum: Ítrekað áminnt fyrir slæma umgengni

BYGGÐAMÁL Bæjaryfirvöld í Snæfellsbæ gagnrýna harðlega umgengni á bænum á Ytri-Knarrartungu í Snæfellsbæ.

Smári Björnsson, forstöðumaður tæknideildar Snæfellsbæjar, segir suma bæi virkilega þurfa að taka sig á. „Það er einn af þessum Knarrartungubæjum sem er verstur og erfitt að eiga við. Þrátt fyrir margar tillögur og útrétta hjálparhönd frá okkur hefur þetta gengið illa,“ segir hann. Eitthvað þurfi að gera en af hálfu ábúanda sé „lítill vilji til þess að taka til“.

Hann segir þetta miður, sérstaklega miðað við hvað sveitarfélagið sé orðið fallett. Snæfellsbær hafi reynt að höfða til ábúenda.

Eftir að vinsamlegar tillögur og ábendingar um bættu umgengni dugðu ekki til komu yfirvöld á

staðinn með gám og buðust til þess að fjarlægja draslið þeim að kostnaðarlausu. Ekki var fallist á þá lausn.

„Þetta er alls ekki nógu gott,“ segir Smári, en bætir þó við að sumir sjái verðmæti í hlutum sem að aðrir sjá ekki. „Að mínu mati er þetta drasl en annar segir að þetta sé nytsamlegt.“

Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, segir að málið verði tekið fyrir í vikunni. Heilbrigðiseftirlit í hverjum landshluta láta sig varða umgengni hjá fólki, en það er aðallega á könnu sveitarfélaganna að benda íbúum í sínu sveitarfélagi á þegar umgengni er ábótavant.

Birna Guðmundsdóttir, ábúandi á Ytri-Knarrartungu, vildi ekki tjá sig um málið.

-nj

Mega ekki ættleiða frá upprunalöndum

Samkynhneigð hjón geta ekki ættleitt börn frá löndum sem ÍÆ er með samninga við vegna þess að ekkert þeirra leyfir ættleiðingar samkynhneigðra. Ein hjón hafa fengið forsamþykki. Ráðuneytið þarf að bregðast við, segja Samtökin '78.

SAMFÉLAGSMÁL Ekkert land í heiminum sem leyfir ættleiðingar til annarra landa leyfir ættleiðingar til samkynhneigðra hjóna. Nokkur samkynhneigð hjón hafa leitað til Íslenskrar ættleiðingar (ÍÆ) í von um að getað ættleitt barn frá útlöndum, en er alltaf vísað frá. Ein hjón hafa þó fengið forsamþykki en umsóknin var þó aldrei send út á grundvelli erlendra laga. Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri ÍÆ, segir félagið enn ekki hafa fundið neitt land í heiminum sem leyfi alþjóðlegar ættleiðingar barna til samkynhneigðra, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir.

„Það er einfaldlega þannig að það er ekkert verið að ættleiða frá þeim löndum sem heimila slíkar ættleiðingar, eins og til dæmis Íslandi, Svíþjóð eða Danmörku,“ segir hann.

Ættleiðingarferlið hér á landi er tvískipt. Fyrst fara hjón eftir íslenskum reglum til að fá forsamþykki og til þess verða þau að uppfylla innlendar kröfur sem gerðar eru til kjörforeldra.

„Svo erum við með samstarfslönd sem eru með sínar reglur og umsækjendur verða að uppfylla þær kröfur sem landið gerir. Og við þekkjum ekkert land í heiminum sem heimilar alþjóðlegar ættleiðingar samkynhneigðra,“ segir Kristinn.



BANNAÐ AÐ ÆTTLEIÐA Ekkert af samstarfslöndum Íslenskrar ættleiðingar leyfir ættleiðingar til samkynhneigðra hjóna. NORDICPHOTOS/GETTY

Brýnt að yta við utanríkisráðuneytinu

Sérstakur starfshópur um ættleiðingar starfar innan Samtakanna '78 og hefur hópurinn meðal annars unnið náðið með Íslenskrar ættleiðingu. Árni Grétar Jóhannsson, framkvæmdastjóri samtakanna, segir að verið sé að setja þrýsting á utanríkisráðuneytið til að búa til samninga við þau lönd sem séu ekki alfarið á móti ættleiðingum samkynhneigðra og hafa verið að leyfa slíkar ættleiðingar innanlands.

„Þetta verður eitt af verkefnum haustsins að sannfæra ráðuneytið um að fara í þessa vinnu, koma þessum málaflokki í lag og vinna af krafti í samningagerðum í samstarfi við Íslenska ættleiðingu,“ segir hann. „Það eru lönd sem hafa verið að ættleiða innanlands til hinsegin para á síðustu árum svo skrefið yrði ekkert langt.“ Árni finnur fyrir miklum vilja innan Samtakanna til að yta við málaflokknum, sem endurspeglar meðal annars í þessum starfshópi sem einbeiti sér einungis að ættleiðingum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að fyrsta ættleiðing samkynhneigðra hjóna hér á landi hafi gengið í gegn nýverið. Lög sem

heimila samkynhneigðum að ættleiða hafa þó verið gild síðan árið 2006.

sunna@frettabladid.is



**NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.**

VANDAÐUR

Hyundai ix35, dísil beinskiptur

Verð frá: 5.390 þús. kr.

Eyðsla frá 5,1 l/100 km* - CO₂ 149 g/km

Vandaður Staðalbúnaður:
brekkuhjál, brekkubremsa,
ESP-stöðugleikastýring, rafræn
stjórnun fjórhjóladrífs o.fl.



5 ÁRA
ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður 5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur með öllum nýjum Hyundai bílum.

ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN fyrir Hyundai viðskiptavini. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun sér að kostnaðarlausu.

HYUNDAI

Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
575 1200 - www.hyundai.is

Opnunartími Hyundai Kauptúni 1 (Beint á móti IKEA)
Opnið frá kl. 07.45–18.00 virka daga.

netto

Kræsingar & kostakjör



BLÁBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI

1.392

ÁÐUR 1.698 KR/KG

GRÍSAHNAKKI
HUNANGS

1.999

ÁÐUR 2.352 KR/KG



FOLALDAVÖÐVAR
KRYDDLEGNIR

1.889

ÁÐUR 2.998 KR/KG

37% AFSLÁTTUR



LAMBAGRILLSNEIÐAR
SALT & PIPAR

1.976

ÁÐUR 2.566 KR/KG



KJÚKLINGAVÆNGIR
TEX MEX

389

ÁÐUR 598 KR/KG



35% AFSLÁTTUR

LAMBALÆRISSNEIÐAR
FERSKAR

1.999

ÁÐUR 2.298 KR/KG



RJÓMAÍS 1 L
VANILLA/SÚKKULAÐI

349

ÁÐUR 698 KR/STK

50% AFSLÁTTUR



BAGUETTE 280 GR
BAKE OFF

115

ÁÐUR 229 KR/STK

BAGUETTE 440GR
BAKE OFF

199

ÁÐUR 398 KR/STK

50% AFSLÁTTUR



KARAMELLUTERTA
KRISTJÁNSBAKARÍ

692

ÁÐUR 899 KR/STK



VATNSMELÓNA

89

ÁÐUR 178 KR/KG



50% AFSLÁTTUR

DAZ ÞVOTTAEFNI
2.58 KG

1.198

ÁÐUR 1.498 KR/PK



EMERGE ORKUDRYKKUR
250 ML

69

ÁÐUR 119 KR/STK

42% AFSLÁTTUR



JUBBLY FROSTPINNAR
COLA/APPELSÍNU/JARÐARBERJA

197

ÁÐUR 359 KR/PK



Tilboðin gilda 27. - 30. júní

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

HEIMURINN



Hafna boði Morsis

1 EGYPTALAND Mótmælendur í Egyptalandi hafna tilboði Mohammed Morsis forseta um sátta-viðræður. Mohammed El Baradei, einn leiðtogi umbótasinnna, segir að tveggja og hálf títíma ræða Morsis á miðvikudag sýni að hann sé greinilega ófær um að viðurkenna þau vandamál sem Egyptaland á við að stríða. Búist er við fjölmönnum mótmælum í dag og um helgina. Mótmælendur krefjast þess að forsetakosningum verði flýtt.

Þúsundir mótmæla í Brasilíu

2 BRASILÍA Enn á ný mættu þúsundir manna til mótmæla í Brasilíu í gær skammt frá ípróttavelli í Fortazela áður en þar átti að hefjast leikur í undanúrslitum Álfukeppninnar í knattspyrnu. Mótmælin fóru í fyrstu friðsamlega fram en snerust að nokkru upp í átök við lögreglu. Mótmælin í landinu hafa varað linnulítið síðan 17. júní og beinast gegn spillingu í stjórnkerfinu og fjáraustri úr ríkissjóði í ípróttavíðburði meðan opinber þjónusta situr á hakanum.



Bandaríkjamaður laus úr haldi verkamanna í Kína

3 KÍNA Bandaríski auðjofurinn Chip Starnes er laus úr haldi verkamanna í kínverski lyfjaverksmiðju. Þar hafði honum verið haldið í viku meðan deilur stóðu yfir við starfsfólkið. Starnes er einn eigenda bandaríska lyfjafyrirtækisins Speciality Medical Supplies, sem kínverska fyrirtækið starfar fyrir. Starnes segir reynsluna hafa verið auðmýkjandi og hann hafi neyðst til að verða við óréttmætum kröfum.



Kerry reynir enn að koma viðræðum af stað

4 JÓRDANÍA John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjaanna, hyggst reyna eina ferðina enn að koma friðarviðræðum af stað milli Ísraels og Palestínúmanna. Hann ræddi í gær við Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, í Jerúsalem og ætlar að hitta Mahmoud Abbas Palestínuforseta í Jórdaníu í dag. Þattstaða hefur verið árum saman í deilunum og fátt bent til þess að breyting verði þar á.



VANDAMÁL Í FERÐAÞJÓNUSTUNNI Ríkisskattstjóri og forseti ASÍ segja svarta atvinnustarfsemi sérstakt vandamál í ferðaþjónustunni hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fleiri seðlar í umferð vegna svartrar vinnu

Ríkisskattstjóri segir fjölmörg atriði örugga vísbendingu um að dulin atvinnustarfsemi sé að aukast hér á landi. Sérstaklega mikið vandamál í ferðaþjónustunni, segir forseti ASÍ. Ríkisskattstjóri, ASÍ og SA með átak til að snúa þróuninni við.

VINNUMARKAÐUR Ljóst er að svört atvinnustarfsemi er að aukast hér á landi. Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og ríkisskattstjóri segja brýna nauðsyn að sporna við slíkri þróun.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir fjölmörg atriði vera fyrir hendi sem bendi til þess að svört atvinnustarfsemi sé mun meiri nú en áður. Meðal annars sé peningamagn í umferð meira en það var fyrir fáum árum, en viðskipti með beinum peningum en ekki í gegnum rafrænar færslur geta verið vísbending um að dulin viðskipti séu að aukast. Þá sé velta í virðisaukaskatti minnkandi á vissum sviðum.

„Athuganir sem ríkisskattstjóraembættið hefur gert ýmist í samstarfi við ASÍ og SA, eða á eigin vegum, sýna skýra vísbendingu í átt til aukinna undanskota í formi

svartrar vinnu,“ segir hann. „Mikil aukning í ákveðnum atvinnugreinum með mörgum nýjum aðilum eins í ferðaþjónustu geta verið vísbendingar um aukna dulda starfsemi.“

Þá bendir Skúli á að hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu telja að svört starfsemi í greininni sé meiri nú en áður. „Að öllu þessu virtu tel ég vera komnar svo miklar vísbendingar um aukið neðanjarðarhagkerfi að öruggt geti talist.“

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, tekur undir orð Skúla.

„Okkar tilfinning er sú að þetta fari vaxandi. Sérstaklega eins og í ferðaþjónustunni og þessi mikla fjölgun ferðamanna sem við erum að sjá, við sjáum það í fluginu en ekki í hagtolum frá greininni,“ segir hann. „Þeir ráfa hérna um eins og það sé enginn að sinna þeim og það er ekki gott að það sé hérna

„Peir ráfa hérna um eins og það sé enginn að sinna þeim og það er ekki gott að það sé hérna fullt af ferðamönnum sem fá engu þjónustu.“

Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

fullt af ferðamönnum sem fá engu þjónustu. Að minnsta kosti ekki sýnilega þjónustu.“

Í ljósi þessa hafa ríkisskattstjóri, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hrint af stað nýju átaki gegn dulinni atvinnustarfsemi í því skyni að bæta atvinnuhætti þjóðarinnar og sporna gegn neðanjarðarhagkerfinu. Átakið heitir Leggðu þitt af mörkum og var nýlega ýtt úr vör.

sunna@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



Nýr ŠKODA Octavia.
Hrífandi. Á hverjum degi.



Breiðari, lengri, léttari og hlaðinn búnaði

Nýr ŠKODA Octavia er glæsilegur og rúmgóður fjölskyldubíll, hlaðinn staðalbúnaði. Má þar meðal annars nefna nálgunarvara að aftan, 16" álfelgur, fjarstýringar í stýri fyrir útvarp og síma og Bluetooth búnað fyrir síma og tónlist.

ŠKODA Octavia kostar aðeins frá:*

3.790.000,-

* Octavia Ambition 1.2 TSI, 105 hestöfl, beinskíptur

Olís og Slysavarnafélagið Landsbjörg bjarga deginum!



KYNNTU ÞÉR SAFETRAVEL HJÁ OLÍS Í DAG



Í dag kl. 16–20 munu félagar úr Slysavarnafélaginu Landsbjörg kynna Safetravel-verkefnið og Hálendisvaktina á völdum Olís- og ÓB-stöðvum.*

Af því tilefni fá lykil- og korthafar Olís og ÓB **10 kr. afslátt** af lítranum í dag. Auk þess renna **2 kr. af hverjum lítra** til þessara verkefna.

SAFETRAVEL miðar að því að bæta forvarnir og draga úr slysum á ferðalögum hér á landi. Björgunarsveitir verða auk þess með vakt á hálendinu í sumar.

112 ICELAND snjallsímaforritið verður kynnt, en með því er á einfaldan hátt hægt að kalla á aðstoð ef um slys eða óhapp er að ræða og einnig skilja eftir sig „slóð“ með GPS-staðsetningum.

Á **safetravel.is** má nálgast allar helstu upplýsingar og ráðgjöf varðandi öryggi á ferðalögum.

Olís er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnafélagsins Landsbjargar

2 kr.

af hverjum lítra renna til Slysavarnafélagsins Landsbjargar í dag!

-10 kr.

af lítranum til lykil- og korthafa Olís og ÓB í dag!



Vinur við veginn!

Fundu skotvopn og fíkniefni: Tveir félagar Outlaws í haldi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan handtók í fyrradag tvo féлага í mótörhjólasamtökunum Outlaws eftir húsleit í Hafnarfirði. Þar lagði lögregla hald á haglabyssu, rafstuðbyssu, eggvopn, skotfæri og lítilræði af fíkniefnum.

Húsráðandi, karl á fertugsaldri, var handtekinn í þágu rannsóknar. Hinn maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, var einnig handtekinn í tengslum við málið, en er jafnframt eftirlýstur fyrir aðrir sakir.

- mlþ

Reykjavíkurborg lét Fjölmiðlavaktina greina umfjöllun um Breiðholtið yfir fjögurra mánaða tímabil: Jákvæð umfjöllun fjölmiðla um Breiðholt

FJÖLMIÐLAR Umfjöllun fjölmiðla um Breiðholtið hefur verið jákvæð og afar sjaldgæft er að fréttir vekji upp neikvætt viðhorf hjá neytendum miðlanna. Þetta er niðurstaða greiningar Fjölmiðlavaktarinnar sem Reykjavíkurborg lét gera fyrr á árinu og nær yfir fjögurra mánaða tímabil, frá desember 2012 og út mars 2013.

Óskar Dýrmondur Ólafsson, hverfisstjóri Breiðholts, segir ástæðu úttektarinnar vera þá að íbúar Breiðholts hafi löngum haft

áhyggjur af neikvæðri umfjöllun fjölmiðla um hverfið og því hafi verið kjörið að láta Fjölmiðlavaktina varpa ljósi á hvernig hún væri í raun. Í ljós kom að engin frétt var flokkuð sem mjög neikvæð, en 6,6 prósent voru hins vegar mjög jákvæð. Alls var um 422 fréttir að ræða.

Jóhann Guðni Reynisson, ráðgjafi hjá Fjölmiðlavaktinni, vonast til að fleiri hverfi stigi þetta skref og láti Fjölmiðlavaktina greina umfjöllun fjölmiðla um einstök

Engin frétt af 422 mjög neikvæð

20% frekar eða mjög jákvæð

3,3% frekar neikvæð

0% mjög neikvæð

76,5% hvorki né, sem þýðir að ekki eru taldir líkur á að þær breyti viðhorfi í garð viðfangsefnisins.

Greining Fjölmiðlavaktarinnar um umfjöllun fjölmiðla um Breiðholtið á tímabilinu desember 2012 til mars 2013. 422 fréttir fjölluðu á einhvern hátt um hverfið á tímabilinu.

hverfi. „Hún skiptir gríðarlegu fólks til manna og málefna,“ segir máli þegar kemur að viðhorfum Jóhann.

- sv



ISLANDSMET Skipverjar á Hrólfi hafa fiskað einstaklega vel að undanförunu.

Línubátur slær Íslandsmet: Hrólfur Einars- son hefur veitt yfir 300 tonn

SJÁVARÚTVEGUR Bolvíska línubáturinn Hrólfur Einarsson hefur slegið Íslandsmet smábáta í mánaðarafla.

Skipverjar á Hrólfi hafa veitt yfir 300 tonn á þremur vikum en fyrra Íslandsmet var 233 tonn. Hrólfur hefur því fiskað einstaklega vel, sérstaklega ef lítið er til þess að júnímánuður er ekki enn úti.

Skipverjar á Hrólfi Einarssoni veidda að meðaltali 14,4 tonn í róðri og hefur báturinn farið 21 róður í mánuðinum. Á vefsíðunni aflafretir.com segir að bolvískir bátar hafi fiskað ótrúlega vel þetta árið.

- ne

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sextán hafa slasast

Alls hafa 19 umferðarslys orðið það sem af er júnímánuði með þeim afleiðingum að sextán manns hafa slasast. Á sama tíma í fyrra urðu 32 slys og má því gera ráð fyrir að júní nú verði mun betri en sami mánuður í fyrra.

Fólk fær bara þrjá fjórðu af auglýstum hraða á netinu

Ísland er undir meðaltali Evrópulanda þegar kemur að niðurhalshraða nettenginga um símalínur (xDSL) miðað við auglýstan hraða. Framkvæmdastjórn ESB hefur birt fyrstu niðurstöður stórrar nethraðarannsóknar.

UPPLÝSINGATÆKNI Neytendur í Evrópu fá ekki þann nethraða sem þeir borga fyrir. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB).

Fram kemur að fólk fái að jafnaði 74 prósent af auglýstum hraða. Rannsóknin tók sérstaklega til háhraðanettenginga, xDSL, kapalkerfa og ljósleiðara.

„Þetta er í fyrsta sinn sem staðfestur er munur á auglýstum og raunverulegum hraða háhraðatenginga með sambærilegum og áreiðanlegum gögnum frá öllum ríkjum Evrópusambandsins,“ segir Neelie Kroes, aðstoðarforseti Framkvæmdastjórnar ESB, en að auki eru upplýsingar frá Króatíu, Noregi og Íslandi.

Fram kemur að svokallaðar kapalkerfistengingar eru áreiðanlegastar, en þar er hraðinn að jafnaði 91,4 prósent af auglýstum hraða. Næstbest standa sig ljósleiðarastengingar með 84,4 prósent, en verst xDSL tengingar yfir símalínur sem að jafnaði eru ekki með nema 63,3 prósent af auglýstum hraða. Ísland er þar rétt fyrir neðan meðaltal Evrópu, með 61,3 prósent.



NEELIE KROES



HRAFNKELL V. GÍSLASON

Fram kemur að gögn um hraða séu frá „besta tíma“ netumferðar, virka daga frá sjö til ellefu árdegis.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), segir umræðu um gæði netþjónustu hafa verið lengi í gangi og viljað brenna við að fólk teldi sig ekki fá þann hraða sem greitt væri fyrir. Hins vegar sé það þannig að fjarskiptafyrirtæki auglýsi gjarnan hraða „allt að“ einhverjum mörkum. Þau séu því tæknilega innan marka þótt að jafnaði náist til dæmis ekki nema sex


megabita hraði á sekúndu þótt auglýst hafi verið að hraðinn geti verið allt að tíu megabíttum.

Þá segir Hrafnkell að margvíslegir flöskuhálsar á netinu geti haft áhrif á hraða hverju sinni.

„En ég geri þó ekki lítið úr því að hraðamálin eru mikilvæg og eru mikið til skoðunar,“ bætir hann við stofnunin vildi gjarnan skilgreina betur ramma utan um þau gæði sem fólk eigi að geta gengið að í ólíkum nettengingum. Um leið fagnar hann því því að niðurstaða sé fengin í könnun Framkvæmdastjórnarinnar. „Könnunin er til stuðnings

xDSL tengingar

HLUTFALL AF AUGLÝSTUM HRAÐA



þeirri viðleitni að leiða fram opna og málefnalega niðurstöðu um hvað felst í þessum gæðum, eða hraða.“ Á næsta ári eða þarnaest segist Hrafnkell vonast til þess að verði komi grundvöllur sem byggja megi á leiðbeinandi reglum um hvað sé ásættanlegur hraði á netinu, miðað við eðli hverrar tengingar.

Rannsókn Framkvæmdastjórnarinnar er unnin með sérstökum búnaði SamKnows og verið að auglýsa eftir fleiri þáttakendum sem samþykki að slíkur búnaður sé settur upp hjá sér.

(Sjá www.samknows.eu). Hrafnkell segist í mars hafa sótt ráðstefnu um nethraða þar sem fjallað var um rannsóknina. „Þetta er gert með mjög flottum búnaði. Hér á landi voru settir upp hundrad slíkir kassar,“ segir hann. „Kostnaður við hvern þeirra er nokkuð mikill og fagnadarefni að Framkvæmdastjórnin skuli ætla að halda rannsókninni áfram og fjölga mælum.“

Gert er ráð fyrir að rannsóknin standi til ársloka 2014 og tvær mælingar verði framkvæmdar til viðbótar.

olikr@frettabladid.is

Réttu græjurnar

Drive giraffi gips- og spart slípvél 620w 0-980sn/min
29.900,-

Drive-HM-120C 1200W - 12cm Hráripinni - 2 hraðar
15.990,-

Drive hornalaser 360 gráður kr. 15.990 + þrífótur kr. 2.690 =
18.680,-

Drive hornalaser 90 gráður
9.990,-

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Seðlabanki Kína reynir að sefa ótta um að lánsfjákrísa sé að myndast: Skjálfti á kínverskum mörkuðum

PEKING, AP Lánsfjáskortur hefur skekið kínverska fjármálamarkaði síðustu daga. Fyrir vikið brást seðlabanki landsins við í vikunni og hét stuðningi lendi bankar landsins í vandræðum.

Vextir á fjármagnsmörkuðum Kína skutust upp í lok síðustu viku eftir að lausafjárskorts varð vart á kínverskum fjármagnsmörkuðum. Í kjölfarið lækkuðu hlutabréf í kínverskum kauphöllum mikið á mánudag vegna ótta um að lánsfjákrísa væri að myndast í þessu næst stærsta hagkerfi heims.

Á mánudag sagði Seðlabanki Kína að nægt lánsfé væri til staðar í hagkerfinu og kenndi óstjórn þarlendrar banka um stöðuna á fjármagnsmörkuðum.

Seðlabankinn lagði þó áherslu á að hann myndi styðja við banka í lausafjávandræðum og tryggja seljanleika á mörkuðum lendi bankastofnanir í tímabundnum lausafjárferðileikum. Í kjölfar yfirlýsingar seðlabankans lækkuðu millibankavextir mikið, eða í 5,83% úr 13% fyrir helgi.

Kínversk stjórnvöld hafa að



SJANGHÆ Vextir á millibankamarkaði í Kína skutust upp í methæðir fyrir helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

undanförunu reynt að draga loft úr lánsfjárbólu í kínverska hagkerfinu. Greinendur telja það samt sem áður hafa komið bönkum á óvart að seðlabankinn hafi ekki verið tilbúinn til

ad veita lausafjáraðstoð án tafar þegar fjárburrðar varð vart á millibankamarkaði. Hann hafi því ekki miðlað nægilega vel stefnu sinni til markaðsaðila.

- mlþ

TVÆR FLOTTAR Í FRÍÐ

Panasonic



**ALVÖRU VÉL FYRIR
KRÖFUHARÐA NÚ
Á ÁÐUR ÓÞEKKTU
VERÐI**



14.1 milljón punkta myndavél með MOS-myndflögu. 10x Optical LEICA linsa með POWER OIS hristivörn. Tekur 3D og Panorama myndir (360°/180°). Venus Engine IV og iAuto. Light Speed AF / Burst Shooting 5fps í fullri upplausn. 3" LCD skjár og Auto Focus Tracking. AVCHD FHD 1920x1080 hreyfimyndataka. Stereó hljóðnemi og hátalari. 60MB minni, kortarauf og Mini HDMI tengi. Má hlaða beint í straum eða USB tengi. Rafhlaða endist í allt að 220 myndir.

PANASONIC DMCSZ7

24.990

VERÐ ÁÐUR 34.990

**HÁSKERPU TÖKUVÉL
FYRIR ÞÁ SEM
VILJA VARÐVEITA
MINNINGARNAR
Í ALVÖRU GÆÐUM**



HD Camcorder

Tökuvél með háskerpu upplausn. Mjög ljósnæm MOS 1/2.33" upptökflaga. Vönduð og björt Panasonic linsa F1.8/3.5. Tekur í MPEG4-AVC/H.264. 5-AxisHybrid O.I.S + titringsdeyfir. 21x Optical og 50x Intelligent aðdráttur. 3" LCD snertiskjár og iA Intelligent Auto. Auto Focus Tracking og Face Detection. 5.1 Dolby Digital hljóðupptaka - Zoom. Innbyggt WiFi - Ustream í FHD. USB 2.0, miniHDMI og hljóðnematengi. Tekur upp á SD kort



PANASONIC HCV720

99.990

VERÐ ÁÐUR 119.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

LUMIX

SKULDAVANDI HEIMILA

Lánsveðshópur enn látinn bíða

Viljayfirlýsing um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila með lánsveð til íbúðakaupa verður ekki afgreidd á sumarþingi. Fjármálaráðherra segir að ekki sé fjárheimild fyrir málinu. Forsvarismaður lánsveðshópsins segir hópinn svikinn ef málið verði ekki afgreitt á þessu ári.

Lovísa
Eiríksdóttir
lovisa@frettabladid.is



Samkvæmt viljayfirlýsingu á milli fyrrverandi ríkisstjórnar og Landssamtaka lífeyrissjóða, sem undirrituð var í apríl síðastliðnum, á að vinna að framgangi aðgerða í þágu yfirveðsettra heimila að meðtöldum lánsveðum. Þessi svokallaði lánsveðshópur skuldar umfram 110 prósent af verðmæti fasteignar sinnar að meðtöldum skuldum, sem tryggðar eru með veði í fasteign í eigu þriðja aðila, og féll því ekki undir 110 prósent leiðina svokölluðu.

Samkvæmt yfirlýsingu átti að færa eftirstöðvar húsnæðislána þessa hóps niður að 110 prósentum af verðmæti eignar og þar með koma til móts við hópinn, samþætt þvi sem gert var fyrir þá sem féllu undir 110 prósent leiðina.

Áætlað var að aðgerðin tæki til um 2.000 heimila og að heildar-niðurfærslan myndi nema þremur milljörðum króna.

Aðgerðirnar eru þó ekki á dagskrá sumarþingsins en nauðsynlegt er að heimild verði gefin í fjárlögum til þess að framkvæmd geti hafist. Ráðgert var að skuldaaðlögunin kæmi til framkvæmda fyrir lok þessa árs.

Vantar fjárheimild

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að ekki sé fjárheimild fyrir þessu einstaka máli. „Við vorum upplýst um að þáverandi ríkisstjórn ætlaði að undirgangast þessa viljayfirlýsingu en við afþökkuðum að vera aðilar að henni meðal annars vegna þess að við vonuðumst til að lífeyrissjóðirnir hefðu meira fram á sjóna heldur en kveður á um í viljayfirlýsingu,“ segir Bjarni. Hann bætir við að þó þurfi að finna lausn á vanda þessa hóps.

„Við viljum gera lánsveðshópinn jafnsettan öðrum sem fá úrlausn sinna mála en gallinn við yfirlýsinguna er að hvergi er gert ráð fyrir fjármunum í þetta verkefni,“ segir Bjarni og ítrekar að ekki sé komin lausn á því hvernig bregðast eigi við skuldavandanum.

„Þessi yfirlýsing var gerð af þáverandi ríkisstjórn, fjórum dögum fyrir kosningar, sem tapaði svo umboði sínu eftir kosningar. Nú er það okkar verkefni að að finna fé til að leysa vandamál þessa hóps en við erum á sama tíma að leita úrlausnar annarra mála.“



YFIRVEÐSETT HEIMILI BÍÐA Um 2.000 heimili sem fengu lánsveð til íbúðakaupa á árunum 2004-2008 bíða nú enn eftir því að fá úrlausn sinna mála. Flest er þetta ungt fólk með stækkandi fjölskyldur sem situr fast í of lítilli íbúð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR



ÞÓREY S. ÞÓRÐARDÓTTIR

Skilin eftir í kuldanum

Sverrir Bollason, forsvarismaður lánsveðshópsins, segist ekki skilja af hverju þetta mál sé ekki á dagskrá. „Það var kveðið á um að forgangsverkefni þessarar ríkisstjórnar væri að taka á skuldavanda heimilanna, hér er tilbúið mál fyrir hóp þar sem pólitísk samstaða er um að þurfi sértækar úrlausnir og því ætti málið að vera afgreitt strax,“ segir Sverrir og bætir við að fólk sé búið að bíða of lengi eftir úrlausn. „Þetta er mjög íþyngjandi fyrir þennan hóp sem skilinn var eftir í kuldanum. Þetta

Spurning um réttlæti

Lánsveðshópurinn er afar skuldsattur og samkvæmt niðurstöðum sérfræðihóps sem skipaður var í fyrra voru 1.955 heimili með meira en 110 prósent veðsetningu og hafa því ekki getað nýtt sér helstu úrræði sem boðið hefur verið upp á fyrir heimili í skuldavanda. Samkvæmt viljayfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar og Landssamtaka lífeyrissjóðanna, sem undirrituð var 23. apríl 2013, átti þessi hópur að fá sömu úrlausn mála og þeir sem fóru 110 prósent leiðina en nú er óvíst hvort verði af því. Forsvarismaður hópsins segir réttlætismál að lánsveðshópurinn standi á sama grunni og sá hópur sem gekkst undir 110 prósent leiðina og því gangi ekki að sá hópur fái almenna skuldaleiðréttingu eins og þá sem núverandi ríkisstjórn hefur talað fyrir.

eru mest allt stækkandi fjölskyldur sem fastar eru í of litlu húsnæði og svo foreldrar þeirra sem eru með skuldir barna sinna fastar á eigin íbúðum. Mér þykir ótrúlegt að ríkisstjórnin ætli ekki að fara í þær aðgerðir sem búið er að undirbúa,“ segir Sverrir og telur að verði ekki farið í sértækar aðgerðir fyrir lánsveðshópinn á þessu ári sé verið að svíkja hópinn og teyma hann á asnaeyrunum. Sverrir ítrekar að lausnin sé komin en að ekki virðist vilji til að afgreiða málið.

Ágreiningur um lausn

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra tekur undir að það þurfi að taka á vanda þessa hóps hratt og örugglega en telur að lausnin sem kveðið er á um í viljayfirlýsingu sé ekki varanleg. „Mikilvægt er að farið sé í sérstakar aðgerðir fyrir þennan hóp, samhliða almennum aðgerðum, en lausnin er ekki varanleg ef hún skilur þetta fólk eftir yfirskuldsatt umfram verðmæti eigna sinna,“ segir Eygló.

Í yfirlýsingu er gengið út

„Það var kveðið á um að forgangsverkefni þessarar ríkisstjórnar væri að taka á skuldavanda heimilanna,“



hér er tilbúið mál fyrir hóp þar sem pólitísk samstaða er um að þurfi sértækar úrlausnir og því ætti málið að vera afgreitt strax.

Sverrir Bollason, forsvarismaður lánsveðshópsins

„Þessi yfirlýsing var gerð af þáverandi ríkisstjórn, fjórum dögum fyrir kosningar, sem tapaði svo umboði sínu eftir kosning-“



ar. Nú er það okkar verkefni að að finna fé til að leysa vandamál þessa hóps en við erum á sama tíma að leita úrlausnar annarra mála.“

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

frá því að hlutur lífeyrissjóða svari til 12 prósentu af heildarkostnaði og að ríkisvaldið tryggji greiðslu á 88 prósentum þeirrar niðurfærslu sem um ræðir.

Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að viljayfirlýsingin sé skýr af þeirra hálfu. „Það er grundvallaratriði að málið fari í gegnum þingið áður en við gerum nokkuð,“ segir Þórey, en lífeyrissjóðirnir áttu að annast framkvæmd skuldaaðlögunarinnar. „Núverandi stjórnvöld lýstu sig ekki andsnúin þessari yfirlýsingu þegar skrifað var undir og gættum við þess að það yrði tryggt,“ segir Þórey og bætir við að boltinn sé alfarid hjá stjórnvöldum.

RJÓMINN ER KOMINN Í NÝJAR UMBÚÐIR

Rjóminn er einstakur. Hann á sér fastan sess í matargerð okkar íslendinga. Þú finnur girnilegar og sumarlegar uppskriftir með rjóma á gottimatinn.is



Sjóvá er stoltur aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjörgar



GEFUM GÓÐ RÁÐ

á Olís-stöðvum um allt land í dag

Í dag, föstudaginn 28. júní, verða sjálfbóðaliðar frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg á völdum Olís-stöðvum um allt land og afhenda ferðalöngum poka með fræðsluefni, framrúðuplástrum og smá glaðningi sem getur komið sér vel á ferðalögum um landið.

Á sama tíma leggja fyrstu hópar sjálfbóðaliða á hálendið þar sem björgunarsveitir verða með svokallaða Hálendisvakt í júlí og ágúst. Hálendisvaktin stytir viðbragðstíma til muna og eykur þannig öryggi þeirra sem á hálendinu eru.

Kíktu á landsbjorg.is eða sjova.is og sjáðu á hvaða Olís-stöðvum þú getur átt von á glaðningi frá Landsbjörg.



FERSKASTI NAMMIBARINN



FERSK ÍSLENSK
JARÐARBER



KIRSUBER
Í LAUSU

TILBOÐ

2299KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2998



699KR/KG

Flatar ferskjur



499
KR/PK

Way better snakk

kornsnakk með spíruðu korni - glútenlaust



599
KR/PK

Cavendish

sætar kartöflur

BBQ-SÓSUR



Alvöru amerískar BBQ-sósur

Sweet Baby Ray



TILBOÐ

399KR/STK
VERÐ ÁÐUR 559

Skúffukaka
með súkkulaðikremi



TILBOÐ

389KR/PK
VERÐ ÁÐUR 429

La Baguette brauð
tilbúið á 10 mínútum



TILBOÐ

499KR/STK
VERÐ ÁÐUR 695

Kanillengjur
- nýbakaðar

HRÁSKINKA
Í ÚRVALI



TILBOÐ

299KR/STK
VERÐ ÁÐUR 799

Soja- og kókosís



CHICAGO TOWN PIZZUR, EDGE TO EDGE

- fljótlegt og þægilegt



TILBOÐ

499KR/PK
VERÐ ÁÐUR 629



OPIÐ

allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

og á Akureyri
í sumar!

MARINERAD OG MED
FERSKUM KRYDDJURTUM

HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

GRILL-
LAMBALAERI
1819 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2598

NÝTT!

KJÚKLINGABRINGUR
GRAND ORANGE

Holta

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



KJÚKLINGA-
BRINGUR
2099 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2799

MANGÓ-CHILI

Holta

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa



KJÚKLINGA-
LEGGIR
699 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 999

KRYDDLEGNAR
GRÍSAKÓTILETTUR
1724 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2298



LAMBAFILE
FROSID
3399 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3899



LAMBAKÓTILETTUR
FROSNA
1699 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1999

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN

2010



MORTHENS

„Dað er gott að elska“
Bubbi Morthens



Í pakkanum eru tveir
Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd
Fabrikkubrauð,
Fabrikkusósa, salt og pipar.

1145 kr/pk



STÓRI BÓ

„Dað er ekki gó fyrir en Bó segir gó“
Björgvin Halldórsson

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hjónaband og ættleiðingar samkynhneigðra:

Áfangar í mannréttindabaráttu

Áforsíðu Fréttablaðsins í gær voru tvær fréttir sem tengjast réttindabaráttu samkynhneigðra, hvor frá sínu landinu. Annars vegar var sagt frá því að íslensk samkynhneigð hjón hefðu í fyrsta sinn ættleitt barn. Hins vegar að Hæstiréttur Bandaríkjanna hefði kveðið upp tímamótaúrskurð, þar sem alríkislög sem banna samkynhneigðum hjónum að njóta sömu réttinda og gagnkynhneigðir njóta, meðal annars í velferðarkerfinu, voru lýst í andstöðu við bandarísku stjórnarskrána.

Sindri Sindrason og eiginmaður hans eru í hópi allra fyrstu samkynhneigðu hjónanna á Norðurlöndum sem ættleiða barn, Lagaákvæði sem leyfa slíkar ættleiðingar hafa þó verið í gildi í allnokkur ár; á Íslandi frá 2006.

Ein meginástæðan fyrir því að aðeins örfáar ættleiðingar hafa gengið í gegn er að samkynhneigð bör geta eingöngu ættleitt börn innanlands, en ekki frá erlendum ríkjum, eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag. Ekkert ríki sem Íslenzk ættleiðing er með samning við leyfir ættleiðingar samkynhneigðra hjóna. Árni Grétar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78, segir í blaðinu í dag að þrýsta þurfi á utanríkisráðuneytið að beita sér fyrir samningum við erlend ríki um að leyfa slíkar ættleiðingar. Það er full ástæða til.

Þessi tíðindi rifja hins vegar upp að ein af röksemdunum gegn því að leyfa hjónabönd og ættleiðingar samkynhneigðra á sínum tíma var að það gæti spilt fyrir möguleikum gagnkynhneigðra hjóna að ættleiða börn frá ríkjum sem ekki leyfðu ættleiðingar samkynhneigðra. Þess hefur hins vegar ekki orðið vart.

Enda eiga einstök ríki aldrei að láta það draga úr sér að tryggja mannréttindi að önnur ríki virði þau ekki. Eftir því sem fleiri ríki leyfa hjónabönd og ættleiðingar samkynhneigðra ættu ættleiðingar á milli landa að verða auðveldari.

Ákvörðun Hæstaréttar Bandaríkjanna er gríðarlegur áfangi í mannréttindabaráttu samkynhneigðra þar í landi. Sama dag ákvað rétturinn að fella skyldi úr gildi bann við giftingum samkynhneigðra sem samþykkt var í almenntri atkvæðagreiðslu í Kaliforníu.

Ákvarðanir réttarins þýða þó hvorki að hjónaband samkynhneigðra verði sjálfkrafa viðurkennt í öllum ríkjum Bandaríkjanna, né að fólk sem giftist löglega í einu ríki fái að njóta fullra réttinda í öðru. Auk þess þarf alríkisþingið að breyta ýmsum lögum til þess að dómur Hæstaréttar hafi tilætluð áhrif.

Þáðar þessar fréttir eru hins vegar til marks um að mannréttindabaráttu samkynhneigðra miðar áfram – hraðar en margur hugði fyrir fáeinum árum, en samt er alveg ótrúlega mikið eftir. Jafnvel hér á landi, þar sem lagalegur réttur samkynhneigðra er hvað bezt tryggður í heiminum, er talsvert langt í land að þeir njóti raunverulega sömu möguleika og réttar og gagnkynhneigðir. Þessari mannréttindabaráttu er langt í frá lokið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verulunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

VINSÆLASTA INTEL I5



TOSHIBA

Mjög öflugur Intel i5 örgjövji, 6GB vinnsluminni og stór 750GB harður diskur. 15,6" skjár og flottur hvítur litur.

139.990

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFÖSS HAFNARFJÖRÐUR

FRÁ DEGI TIL DAGS

Eindregið fylgjandi aðild Íslands
Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, greindi fjölmiðlum frá fundi sínum með Angelu Merkel Þýskalandskanslara í fyrradag. „Hún lýsti fullum skilningi á afstöðu nýrra stjórnvalda á Íslandi og afstöðu íslensku þjóðarinnar, sagði að Evrópusambandið ætti nú þegar nóg með þau ríki sem þegar væru innan sambandsins og þau vandamál þar sem væri þar við að glíma,“ sagði Ólafur. Í gær birtist svo frásögn af fundi þeirra á heimasíðu Merkel sjálfar. „Þýskaland hefur ávallt stutt Ísland í aðildarviðræðunum við ESB og er enn eindregið fylgjandi aðild landsins,“ segir þar. Og nú er spurning hvort segir réttar frá efnisatriðum fundarins.

Keppni í annarlegum hvötum
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðaráðherra, áttu í orðaskiptum um skuldamál heimilanna á þingi í gær. Brigsli um annarlegar hvatir gengu á víxl, þar til Guðbjartur batt enda á þau með þessum orðum: „Hæstvirtur forseti. Ég ætla nú ekki að fara í keppni við hæstvirtan forsætisráðherra um það hver hafi mestar annarlegar hvatir.“ Var það þar með afgreitt.

Bréf frá Elínu
Dálkinum hefur borist bréf: „Mig langar til að færa þessum ágæta dálki í Fréttablaðinu bestu þakki fyrir að benda mér á meinlega villu í ræðu minni á Alþingi á dögunum. Þar sagði ég að margt stórt gerði eitt smátt í stað þessa að segja að margt smátt gerði eitt stórt. Þarna var ég að tala um skattsvik og hve mikilvægt væri að allir stæðu saman gegn þeim hversu lítil sem þau virtust því að, vildi ég sagt hafa, að margt smátt gerði eitt stórt. Enginn nema ykkar athuguli dálkur nefndi þetta við mig og ég gat sem betur fer leiðrétt þetta eftir að ég sá Fréttablaðið í morgun. Þúsend þakki. Kveðja, Elín Hirst (þú mátt gjarnan birta þakkarbréf mitt).“ stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



Sjálfstæðismönnum má treysta

STJÓRN MÁL



Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri

Mér er minnisstætt þegar ég heyrði konu af vinstri kantinum segja frá fyrstu samskiptum sínum við bankakerfið fyrir áratugum. Hún þurfti að selja víxil eins og ungt fólk gerði á þeim tíma til þess að kaupa bíl eða eldhúsinnréttingu. Faðir hennar var landsþekktur vinstri maður, kommi jafnvel meðan leyft var að kalla menn það. Til hans leitaði unga stúlkur til þess að fá ráð um hvernig best væri að haga sér í samskiptum við bankana. Þá þurfti fólk sem vantaði smávægilega fyrirgreiðslu að sitja í biðsölum bankastjórnanna, sem oft voru þrír, sinn úr hverjum stjórnmálaflokknum. Ráð gamla kommans voru þessi: „Fáðu alltaf að tala við sjálfstæðisbankastjórnann. Það er hægt að treysta því sem hann segir. Hinir segja þér bara það sem þú vilt heyra og standa ekki við neitt.“ Þessum ráðum fylgdi róttæka unga konan með góðum árangri.

Fyrir síðustu kosningar gáfu formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins skýr loforð um að atkvæðagreiðsla um framhald viðræðna við Evrópusambandið skyldi fara fram á fyrri hluta kjörtímabilsins. Eftir að sjálfseyingaröfl náðu undirtökunum á Landsfundi Sjálfstæðisflokksins í febrúar var fylgið komið niður í 18% og nauðsynlegt að taka í taumana. Formanninum tókst

að snúa dæminu við, þó að kosningaúrslitin hafi vissulega verið mun lakari en í stefndi fyrir Landsfundinn. Ekki er að efa að þessi ótvíræðu loforð áttu þátt í því að bjarga því sem bjargað varð.

Forystumenn Samfylkingarinnar hafa alltaf verið á móti slíkri atkvæðagreiðslu. Í kosningum voru 2009 sáu þeir sér akk í því að setja Evrópumálin á oddinn sem flokksmál og unnu stórsigur. Enginn vafi er á því að hefði Evrópusambandsútsókn verið lögð fyrir þjóðina og samþykkt í þeim kosningum hefði málið ekki lent í því öngstræti sem raun ber vitni. Nú í vor var aftur tækifæri til þess að setja áframhald útsóknar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Aftur flæktist Samfylkingin fyrir. Hinir sjálfhverfu forystumenn héldu að þeir græddu á því að aðrir flokkar væru neikvæðir í garð aðildar. Þeir settu flokkinn ofar mál-efninu. Allir vita hvernig fór. Kjósendur treystu ekki Samfylkingunni, þó svo að meirihluti þjóðarinnar vilji ljúka viðræðunum.

Í kosningabaráttunni gaf Bjarni Benediktsson loforð um að þjóðin kysu um framhald viðræðna við Evrópusambandið á fyrri helmingi kjörtímabilsins. Hann efnir loforðið vegna þess að sjálfstæðismönnum má treysta.

Til atlögu við svefnsófann

Í DAG

Pawel Bartoszek stærðfræðingur



Skatturinn, ASÍ og Samtök atvinnulífsins („Hið opinbera plús“) fóru nýlega í átak til að uppræta svokallaða ólöglega gistingu í heimahúsum. „Gott mál,“ hugsar einhver eflaust. „Það á að taka þetta lið sem brýtur lögin og draga það út um dyragættina á hálskraganum.“ En samt: Þessi lög voru sett í þágu hagsmunaaðila. Eiginlega eru það lögin sem gera fólkið að lögbrotum, ekki öfugt.

Lobbyismi. Það er eina ástæðan fyrir því að það er ólöglegt að hýsa fólk heima hjá sér en ekki er ólöglegt að borga nánast engan vask af gistingu. Samtök ferðaþjónustunnar hafa unnið heimavinnuna sína en „Samtök fólks sem á svefnsófa“ ekki. Kannski vegna þess að þau síðarnefndu eru ekki til.

Unglingaherbergið leigt út

Tökum hjón sem búa í eigin húsnæði. Ungmennid tilkynnir þeim að það sé að fara í mánuð til útlanda. „Kannski að við drýgjum aðeins tekjurnar, og leigjum út herbergið?“ hugsa þau. „Auglýsum þetta á airbnb eða eitthvað.“ „En er það ekki ólöglegt?“ spyr annað þeirra. „Gerum þetta þá bara löglega!“ segir hitt. „Það getur nú ekki verið svo mikið mál.“

Fjórtaán skrifinnuskuskrif

Þau byrja því á að fara í dóms-húsið til að sækja forræðisvottorð fyrir íbúðina til að sýna að þau megi ráðstafa henni (Skref 1). Þau sækja síðan um virðis-auskattsnúmer hjá skattstjóra (Skref 2). Það þarf víst að borga vask af þessu þótt lágur sé. Síðan þurfa þau auðvitað að sækja um búsetuvottorð hjá Þjóðskrá (Skref 3) og svo dugur ekki minna en sakavottorð hjá lögreglustjóra (Skref 4). Ekki viljum við að það séu einhverjir handrukkarar að leigja túristum íbúðir.

Svo þarf tollstjórinn að votta að þau séu skuldlaus við ríkissjóð (Skref 5) og auðvitað þarf lífeyrissjóður þeirra að staðfesta sambærilegt skuldleysi (Skref 6). Þá er skjalasöfnun vegna umsóknarinnar næstum lokið en reyndar þarf eitt í viðbót: uppdrátt af íbúðinni á staðfestu afriti frá byggingarfulltrúa sveitarfélagsins (Skref 7). Þá eru öll gögn komin. Sjö skjöl, sjö staðir sem fólkið þarf að fara á.

AF NETINU

Borgaraleg óhlyðni Alþingis?

Samkvæmt fréttum gera reglur Evrópuráðsins ráð fyrir kynjakvótum. Hér segir að kynjahlutföll eigi að endurspeglar kynjahlutföll á þingi og að minnst einn fulltrúi af því kyni sem á hallar skuli sitja í hverri nefnd.

Þessu er ekki hægt að framfylgja ef kosið er í nefndir. Samt er íslenska sendinefndin kosin.

Þjóðþingið gefur þannig skít í reglur Evrópuráðsins. Það verður ekki túlkað sem annað en yfirlýsing um að reglurnar eigi ekki rétt á sér. Kannski yfirlýsing um að kosningar séu lýðræðislegri en kynjakvótar.

Þegar almennir borgarar brjóta reglur meðvitað í pólitískum tilgangi, heitir það borgaraleg óhlyðni. Hvað heitir það þegar þjóðþing notar sömu taktík í fjölþjóðlegu samstarfi?

<http://blog.pressan.is/evahauks/>

Eva Hauksdóttir

Prinsessan á bauninni

Það lýsir af skrifum Sigmundar Davíðs að af íslenskum stjórnmalámonnum kemst hann næst því að vera prinsessan á bauninni. En kannski hentar það mönnum illa að stýra þjóðum ef þeir hafa viðkvæman bakhluta prinsessunnar – og tapa svefni yfir einni baun.

<http://blog.pressan.is/ossur/>

Össur Skarphéðinsson

Að blekkja með línuritum

Morgunblaðið birti í vikunni línurit sem það kallar „rannsókn“ unna af Pipar TPWA um áskriftarfjölda Stöðvar 2 og Skjás Eins. Línuritið er í raun engin rannsókn því það tekur u.þ.b. 2 mínútur að fá sama graf út úr neyslukönnun Capacent sem var heimild þess. Aðalatriðið er þó að þessi niðurstaða Pipar TPWA byggir á meingallaðri aðferðafræði og er í engu samræmi við veruleikann.

FJÖLMIÐLAR



Sverrir Agnarsson starfar hjá 365 við fjölmiðlarannsóknir

Þessu þurfa hjónin síðan að skila til lögreglu og borga 24.000 þúsund krónur (Skref 8). Næst kemur heilbrigðiseftirlitið í heimsókn og skoðar íbúðina (skref 9). Síðan þarf sveitarfélagið að veita jákvæða umsögn (skref 10). Sömuleiðis slökkviliðið (skref 11), Vinnueftirlitið (skref 12), byggingarfulltrúi (skref 13) og lögregla (skref 14).


Aðeins þá, nokkrum mánuðum og tugþúsundum króna síðar, er hægt að leigja út þetta eina herbergi. Og þá er gert ráð fyrir að allt sé í lagi: Að handsápa og pappírskarfa séu í herberginu og allt svoleiðis.

Ef hjónin kysu nú að leigja sama herbergi út til þriggja mánaða en ekki til þriggja daga þá er skyndilega ekki lengur þörf á neinu af þessu. Nei, þá dugur bara einfaldur samningur sem fólk sækir á netinu og prentar út. Svo þarf bara að fylla tekjurnar út í réttan reit á skattframtalinu. Heilbrigðiseftirlitið þarf ekki að mæta og enginn spyr slökkviliðið um leyfi. Enda væri það fíranlegt. Þetta er, jú, íbúð. Fólk býr þarna.

Ýkt niðursveifla

Auðvitað sýnir línurit svona upp-

FJÖLDI ÁSKRIFENDA Í PÚS SEM HORFA Á SÍNA STÖÐ EINHVERN TÍMA I VIKUNNI



byggt ýkta niðursveiflu hjá sjónvarpsstöð sem samkvæmt hefd á fjölmörgum íslenskum heimilum selur flestar áskriftir um jólin, næstmest um páskana og minnst á sumrin.

Væri hægt að fullyrða að það sé samdráttur í verslun í Kringlunni út frá könnunum sem væru gerðar um jólin fyrsta árið, páskana það næsta og í byrjun júní síðasta viðmiðunarárið?

Það er erfitt að vita með vissu hver áskriftarfjöldi Stöðvar 2 eða Skjás eins er á hverjum tíma, stöðvarnar vita það einfaldlega ekki sjálfar vegna þess að fjöldi áskrifta segir ekki til um hversu margir eru á bak við áskriftirnar, það ræðst af fjölda þeirra sem búa á áskriftarheimilunum sem er óþekktur og sibreytilegur fjöldi.

En það eru til betri gögn og betri aðferð til að meta áskriftarfjölda því Capacent gerir líka rafrænar áhorfskannanir sem byggjast á „panel“ sem í eru allir fjölskyldu-meðlimir (12-80 ára) þeirra heimila

sem taka þátt í könnuninni. Þessi panell er uppfærður oft á ári þannig að hann sé í samræmi við raunverulegan fjölda þeirra heimila sem eru með áskrift að sjónvarpsstöðvum.

Rafrænu gögnin hafa þann kost ef meta á áskriftarfjölda að þau skrá áhorf allra fjölskyldumeðlima þannig að við getum séð hversu margir áskrifendur í þúsundum eru að horfa á hverri mínútu og hægt er að bera saman fjöldann á sömu árstímum.

Það hlýtur að teljast varlega áætlað að áskrifandi að sjónvarpsstöð, Stöð 2 eða Skjá einum, horfi a.m.k. 5 mínútur á sína stöð einhvern tíma í vikunni og ef fjöldi áskrifenda er metinn með þeirri aðferð er útkoman eins og í þessu línuriti.

Þetta er miklu raunhæfara mat á fjölda áskrifenda því áskriftarheimilum Stöðvar 2 fækkaði eðlilega eftir hrun og náði botninum árið 2010 en 2011-2013 hefur sá fjöldi sem býr á heimilum með áskrift staðið í stað eins og á Skjá einum.

Benidorm

2. júlí í viku

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 7 náttu ferð til Benidorm 2. júlí. Í boði er m.a Hotel Carlos I.

Hotel Carlos I
Kr. 78.700 með fullu fæði.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 99.200. Sértílbóð 2. júlí í viku.



frá aðeins kr.
78.700
með fullu fæði

Costa del Sol

11. júlí í 14 nætur

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum 11. júlí í 14 nætur. Í boði er m.a Aguamarina íbúðarhótelid. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum.

Aguamarina
Kr. 89.900

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 118.900. Sértílbóð 11. júlí í 2 vikur.



frá aðeins kr.
89.900

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HUMARHÁTÍÐ Á HÖFN

Hin árlega humarhátíð er haldin um helgina á Höfn í Hornafirði, en hún hefur alltaf verið afar vel sótt. Hátíðin var fyrst haldin árið 1993 og hefur stækkað með hverju árinu. Mikil og vegleg dagskrá verður í boði alla helgina. Hana má skoða á hornafjordur.is.



Í DAG FÖSTUDAG

OPNUNAR-TILBOÐ

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM



Mosel

Landsins mesta úrval af sófasettum



Vín



Torino



Písa



Milano



Roma



Lyon

VIÐ ERUM FLUTT Á BÍLDSHÖFÐA 18

Vertu velkomin í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18

Patti
HÚSGÖGN

Ath. tilboðið gildir aðeins föstudaginn 28. júní.

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn *Eldað með Holta* á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn *Eldað með Holta* á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að BBQ-kjúklingaleggjum

með engifer, chili og hvítlauk. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

BBQ-KJÚKLINGALEGGIR MEÐ ENGIFER, CHILI OG HVÍTLAUK

12-16 kjúklingaleggir

1 dl olía

1 msk. engifer, smátt saxað

½-1 chili, frælaust og smátt saxað

2-3 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir

1 tsk. nýmalaður pipar

Salt

Allt sett í skál og blandað vel saman. Geymið í kæli í helst 2 klukkustundir. Sigtíð þá olíuna frá og saltið. Grillið á milliheitu grilli í 20 mínútur. Snúið leggjumunum reglulega. Penslið kjúklingaleggina með grillsósunni og grillið í 5 mínútur til viðbótar. Berið fram með restinni af bbq-sósunni og til dæmis grilluðum kartöflum, grænmeti og salati.

BBQ-SÓSA MEÐ ENGIFER, CHILI OG HVÍTLAUK
2-3 dl bbq-sósa að eigin vali

1 msk. engifer, smátt saxað

½-1 steinlaus chili, smátt saxað

1-2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir

1 msk. óreganó eða kóriander smátt saxað,

má sleppa

Allt sett í skál og blandað

vel saman.



SUMARMATUR

Meistarakokkurinn Úlfar fer létt með að útbúa girnilegan rétt á grillið sem einfalt er að útbúa. MYNDIR/VALLI


NING'S

SUMARTILBOÐ

Djúpsteiktur rækjur



Eggjanúðlur



Svínakjöt „appelsínu“



Kjúklingur „Kung Pao“



1995 á mann
verð fyrir tvo 3990
gildir aðeins fyrir tvo eða fleiri
Yasmin hrísgrjón, Soyasósa
ásamt 2l Coke fylgir með

Veitingastaðir okkar eru opnir alla daga frá 11:30 - 22:00

Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði

www.nings.is | sími: 5889899





Hreima er best!
**Hreims-
borgarar**

Laugardaga kl. 9 – 12 í allt sumar
Hreimur, Magni, Vignir Snær
og Erna Hrönn

BYLGJAN
989

HÉÐAN FLYTUR ENGINN

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Íbúar Strandabyggðar eru hugsanlega hamingjusamasta fólk á landinu. Hamingjudagar eru nú haldnir núnda árið í röð á Hólmavík og fjórfaldast íbúafjöldinn yfir hátíðisdagana.

Sveitarstjórn Stranda- byggðar skrifaði undir sérstaka hamingjusamþykkt árið 2005. Markmið samþykktarinnar er að auka hamingju fólks hér á svæðinu. Hátíðin er hluti af því markmiði,“ útskýrir Esther Ösp, tómsundafulltrúi Stranda- byggðar, glaðlega í símanum þegar Fólk slær á þráðinn en þar standa nú yfir Hamingjudagar með fjölbreyttri dagskrá.

Esther veit ekki til þess að önnur sveitarfélög á landinu vinni markvisst að hamingju íbúanna með þessum hætti og er ekki frá því að Hólmvíkingar séu hamingjusamasta fólk á landinu og sáttmálinn sé að skila sér. „Héðan flytur allavega enginn, það er frekar húsnæðisskortur og hækkandi fasteignaverð hér á svæðinu,“ segir hún hlæjandi. „Hátíðin er vel sótt á hverju ári og hingað eru allir velkomnir. Íbúafjöldinn hefur yfirleitt fjórfaldast í bænum á Hamingju- dögum.“

Dagskrá hátíðarinnar hófst á þriðjudaginn en nær hámarki um helgina. Meðal þess sem prýðir dagskrána er tónlistarsmiðja og tónleikar með Svavari Knúti tónlistarmanni. Sirkus Íslands treður upp og kvennakórinn Norðurljós heldur tónleika. Þá verður slegið upp sundlaugar- partýi og sunginn brekkusöngur, farið í jóga á Galdratúni og í kassabílarally svo einungis fátt eitt sé nefnt. En hver er hápunktur hátíðarinnar?

„Hamingjutónarnir á laugar- dagskvöldið eru hápunkturinn,“ segir Esther. „Þá koma einnig hamingjuhlauparnir í mark eftir 53 kílómetra hlaup og fá sér fyrstir af hnallþóruhlaðborðinu en íbúar Hólmavíkur bjóða upp á tertur af ýmsum toga og leggja mikinn metnað í baksturinn. Þá um kvöldið spila heimamenn og vinir á útitónleikum og við kveikjum eld í tunnum svo



EINTÓM HAMINGJA Íbúar Strandabyggðar eru hugsanlega hamingjusamasta fólk á landinu.



FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Keppni í íþróttum og leiksýningar af ýmsum toga verða í boði fyrir gesti.

stemmingin verður einstök. Á sunnudeginum eru furðuleikar á sauðfjársetrinu þar sem keppt er í trjónubolta og kvennahlaupi, þar sem karlar hlaupa með konur sínar á bakinu. Nú vonumst við bara eftir góðu veðri.“

Nánar má kynna sér dagskrá hátíðarinnar á www.hamingjudagar.is.

■ heida@365.is



HNALLÞÓRUHLAÐBORÐ Bæjarbúar bjóða öllum gestum hátíðarinnar upp á tertusneið.

SÆTAR KARTÖFLUR Á GRILLIÐ

Grillaðar sætar kartöflur eru frábært með- læti með kjöti eða fiski. Sætar kartöflur eru sumarlegar á diskunum og bragðast ákaflega vel auk þess að vera hollar. Þegar þær eru grillaðar verða þær stökkar að utan en mjúkar að innan. Þegar sætar kartöflur hafa verið einu sinni á borðum verða þær það fljótt aftur. Flestum líkar þetta skemmtilega sæta bragð.

- Það sem þarf:**
- 3-4 sætar kartöflur
 - salt og pipar
 - smávegis ólífuolía
 - safi úr hálfri sítrónu og smátt rifinn börkur
 - ferskt kóríander

Einfalt er að útbúa kartöflurnar. Flysjið þær og skerið í stóra báta. Það má hafa hýðið á kartöflunum eða eftir smekk. Sjóðið stutta stund eða þar til þær fara að mýkjast. Látið mesta hitann rjúka úr þeim. Penslið bátana með olíu og bragðbætið með salti og pipar. Blandið saman límónusafa, límónuberki og kóríander. Það má setja steikarkrydd út í blönduna ef vill. Geymið þær til kartöflurnar eru tilbúnar. Raðið kartöflubátunum á heitt grillið og hafið þær í 8-10 mínútur á hvorri hlið eða þær til að þær eru komnar með grillrenndur. Fer eftir stærð



GIRNILEGT Sætar kartöflur eru ljúffengur sumarmatur. bátanna og hversu öflugt grillið er. Raðið á disk og dreifið sítrónublöndunni yfir. Berið fram með grilluðu kjöti eða fiski.

Vissir þú að...
Börn eiga rétt á læknisáðstoð og heilbrigðisþjónustu.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

NÝSKÖPUN

FÖSTUDAGUR 28. JÚNÍ 2013

Kynningarblað

Umhverfisvænt ský

GreenQloud er íslenskt nýsköpunar-fyrirtæki sem er með fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims. [SÍÐA 2](#)

Nýsköpunarsmiðja

Tíu sprotafyrirtæki taka þátt í Startup Reykjavík 2013 sem Arion banki og Klak-Innovit standa fyrir. [SÍÐA 4](#)

Grunnur að framtíðinni

Mikil gróska á sér stað í starfsemi nýsköpunarsetursins Klak-Innovit. [SÍÐA 4](#)





GreenQloud var stofnað fyrir þremur árum af tveimur reyndum frumkvöðlum í hugbúnaðargeiranum á Íslandi. Bala Kamallakharan er framkvæmdastjóri GreenQloud, en fyrirtækið hefur vakið heimsathygli vegna náttúruverndarsjónarmiða.

MYNDVALLI

GreenQloud breytir heiminum

GreenQloud er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki. Þetta græna tölvuský er fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims en það er rekið á Íslandi vegna einstakra möguleika í notkun á endurnýjanlegri orku, landfræðilegri legu og nettengingarpunkta.

GreenQloud var stofnað fyrir þremur árum af tveimur reyndum frumkvöðlum í hugbúnaðargeiranum á Íslandi. Í kjölfar kreppunnar vildu þeir skapa eitthvað nýtt og reyna að koma af stað nýjum iðnaði sem myndi byggja á styrkleika landsins og nýta þekkingu þeirra á hugbúnaði. Þannig lýsir Bala Kamallakharan, framkvæmdastjóri GreenQloud, tilurð fyrirtækisins sem vakið hefur heimsathygli vegna nýstárlegrar hugmyndafræði. „Þá langaði einnig að gera eitthvað fyrir umhverfið enda gerðu þeir sér grein fyrir hvert stefndi í samskipta- og tölvuiðnaðinum sem er orðinn stór mengunarvaldur. Þeir vildu leggja sitt af mörkum til að breyta því,“ segir hann.

Forsvarsmenn GreenQloud láta smæð sína ekki hamla sér í því að nýta nýjar hugmyndir til að takast á við risana á markaðnum, en GreenQloud er í samkeppni við aðila á borð við Amazon og Rackspace.

Umhverfisvænt ský

Sum af virtustu ráðgjafafyrirtækjum Bandaríkjanna hafa spáð því að samskipta- og tölvuiðnaðurinn verði stærsti valdur útblásturs gróðurhúsalofttegunda árið 2020 ef ekkert verður að gert. Nú þegar ber samskipta- og tölvuiðnaðurinn ábyrgð á 2% af óþarfa losun koldíoxíðs í heiminum, sem jafngildir mengun allrar flugumferðar. Tölvuský, og þar með internetið, vaxa hreinlega of hratt til að annað en breyting á orku-gjöfum gagnavera heims leysi vandann.

GreenQloud hefur vakið mikla athygli fyrir umhverfisvæna stefnu sína. „Okkar

sannfæring er sú að tölvuský eigi að keyra á endurnýjanlegri orku. Eina leiðin sem við sáum til þess var að útvega notendum aðra möguleika en þá sem þegar voru til staðar,“ segir Bala en GreenQloud hefur þróað víðtækan stuðning við iðnaðla sem gerir skýþjónustuaðilum kleift að skipta yfir í umhverfisvænt tölvuský GreenQloud án breytinga á eigin hugbúnaði.

Hugbúnaður og vélbúnaður GreenQloud er keyrður alfarið innan íslensku gagnaveranna, sem standa vel að vígi á heimsvísu vegna þeirrar endurnýjanlegu orku sem hér er að finna, sem og hentugs hitastigs sem dregur úr orkuþörf við kælingu búnaðarins. GreenQloud er því góður kostur samanborið við stórfyrirtæki á borð við Amazon og Rackspace sem notast ekki við endurnýjanlega orku, heldur keyra á orku sem unnin er úr kolum að sögn Bala.

Birta tölfraði um kolefnislosun

GreenQloud mælir hversu mikla kolefnislosun notendur spara andrúmsloftinu. „Við erum fyrsta tölvuskýsfyrirtækið sem birtir tölfraði um kolefnislosun í tengslum við starfsemina. Við segjum notendum okkar hversu mikið kolefni sparast á því að vera í viðskiptum við okkur,“ útskýrir Bala en GreenQloud stefnir á að opinbera þessar upplýsingar.

Tölfraðin byggist ekki aðeins á samamburði fyrirtækja heldur einnig svæða. „Við getum til dæmis reiknað út hversu miklu kolefni fyrirtæki í Indlandi hefðu sleppt út í andrúmsloftið, hefðu þau ekki verið í viðskiptum við GreenQloud,“ segir Bala og telur

að GreenQloud hafi þegar sparað andrúmsloftinu milljónir kílóa kolefnis.

Ódýrasti kosturinn

Töluvert hagræði er fyrir fyrirtæki að nýta sér tölvuský að sögn Bala. Þannig þurfi þau ekki að kaupa sinn eigin búnað, sama hversu stór þau séu og hversu hratt þau vaxi. „Þá trúum við ekki á þá mytu að fólk eigi að borga meira fyrir umhverfisvæna orku,“ segir Bala. GreenQloud sé ódýrasti kosturinn sem keppi við stóru tölvuskýfyrirtækjin. „Við rúkkum ekki hærra iðgjald fyrir að vera ábyrg, en okkur finnst ábyrgðin vera fólgin í að keyra á endurnýjanlegri orku,“ útskýrir hann og tekur dæmi um að hýsing lítillar vefsíðu hjá GreenQloud kosti frá 1.000 krónum á mánuði. Fjöldi fyrirtækja nýtir tölvuský GreenQloud í dag til að hýsa vefi, vefumsjónarkerfi og keyra hugbúnaðarlausnir af öllum toga. Einstaklingar og fyrirtæki geyma líka gagnasöfn, myndir og öryggisafrit í tölvuskýi GreenQloud.

„Aðalástæðan fyrir því að við getum boðið upp á samkeppnishæfan valkost sem byggir á umhverfisverndarsjónarmiði er Ísland,“ upplýsir Bala. „Landið býður nú þegar upp á endurnýjanlega orku og lausnin okkar er að miklu leyti byggð á hugbúnaði sem unninn var af teyminu okkar hér,“ segir hann og bætir við að hann telji GreenQloud vera stærsta útflytjanda umhverfisvænnar orku frá Íslandi. „Enda erum við með viðskiptavinum í yfir áttatíu löndum.“

Góður kostur fyrir Íslendinga

Bala telur GreenQloud afar góðan kost

SKÝ Hafa Breytt Heiminum

Tölvuský er framandi orð en öll höfum við notað slík ský, til dæmis þegar við notum Facebook, Twitter, Gmail, Hotmail og Instagram. Tölvuský eru í raun hugbúnaðarkerfi sem gera kleift að samnýta mikið magn tölvubúnaðar í gagnaverum til fjárhagslegar og rekstrarlegar hagræðingar. Tölvuský eru alsjálfvirk og gera fólk kleift að leigja vinnslugetu, hýsingarpláss o.fl. til mjög skamms tíma eða lengri tíma eftir þörfum.

fyrir íslensk fyrirtæki. Rekstrarkostnaður þeirra minnki, íslensk lög ná yfir starfsemi GreenQloud, auk þess sem þjónustan sé nálæg. „Við erum eina tölvuskýsfyrirtækið á Íslandi sem býður upp á þessa þjónustu,“ segir hann og telur afar dýrmætt fyrir íslensk fyrirtæki að geta hafið rekstur án þess að fjárfesta í umfangsmiklum tölvubúnaði. „Sá sem stofnar fyrirtæki í dag þarf að útvega netþjón, leigja svæði og kaupa internetaðgang. Slíkt er óþarfi með hjálp GreenQloud. Það eina sem þarf að gera er að stofna aðgang hjá á www.greenqloud.com og þá er allt til reiðu. Fyrirhöfnin er nánast engin. Þess vegna velja nær öll íslensk frumkvöðlafyrirtæki að vera í viðskiptum við okkur,“ segir Bala.

Hann bendir á að hægt sé að panta sjö daga prufuáskrift á heimasíðu GreenQloud, www.greenqloud.com. „Ef þér líkar ekki þjónustan þá er engin ástæða til að nota hana.“

Sumardrykkir

Júní 2013



Sælustundir sumarsins í góðra vina hópi.

MYND/ANTON

Ljúfar veigar í lautarferðina

Sælustundir sumarsins eru flestar í góðra vina hópi og fátt er betra en að klingja glösom í sólinni. Samúel Þór Hermannsson vínþjónn gefur uppskriftir að svalandi sumarveigum sem einfalt og fljótlegt er að blanda og slá þannig upp veislu úti á túni eða niðri á strönd.

Ég nota Mickey Finn eplalíkjör í drykkina en Mickey Finn hefur alltaf verið þekkt fyrir gæðakokkteila, búna til úr ekta ávöxtum. Til að mynda þarf 40 epli til að búa til einn lítra af Mickey Finn Sour Apple," segir Samúel en líkjörinn á sér langa sögu.

„Mickey Finn var írskur að uppruna en fluttist til Ameríku þegar tímarnir voru erfiðir heima fyrir. Þegar hann kom til Chicago hófst ferill hans í barmennsku og áður en langt um leið hafði hann unnið sig upp í bransanum og var orðinn einn af aðal bareigendum Chicago-borgar. Í dag er Mickey Finn næstsöluhæsti líkjörinn á Írlandi á eftir Baileys og söluhæsti eplalíkjörinn á Íslandi.“



FERSKUR GRANATEPLA- OG HINDBERJADRYKKUR

6 cl Stolichnaya-vodka
24-36 cl Mickey Finn Sour Raspberry
Granateplasafi
Granatepli

Byrjum á að fylla könnu af klökum. Hellum svo 6 cl af Stolichnaya-vodka yfir og svo er Hammer-gini og Mickey Finn Sour Raspberry skellt í könnuna. Fyllt upp með granateplasafa
Út í þennan drykk er frábært að bæta við ferskum granateplum.



BLUEBERRY PEACH

6 cl Hammer-gin
24-36 cl Mickey Finn Sour Blueberry
Ferskjusafi
Bláber

Byrjum á að fylla könnu af klökum. Hellum svo 6 cl af Stolichnaya-vodka yfir og svo er Hammer-gini og Mickey Finn Sour Blueberry skellt í könnuna. Fyllt upp með ferskjusafa.
Frábært að bæta við ferskum bláberjum í þennan drykk.



GRÆNA SKRÍMSLIÐ

6 cl Stolichnaya-vodka
24-36cl Mickey Finn Sour
Engiferöl

Byrjum á að fylla könnu af klökum. Stolichnaya-vodka og Mickey Finn Sour Apple er svo skellt í könnuna og fyllt upp með engiferöli.
Út í drykkinn er mjög fallett að setja nokkrar lime-sneiðar.





Á GÓÐUM SUMARDEGI
Porkell segir stemninguna ávallt góða í kaffihúsinu og skálar hér með góðum gesti.
MYND/ANTON

Lífleg stemning í garðinum

Porkell Andrésson, framkvæmdastjóri Café Flóru býður gestum upp á lifandi tónlist í sumar. Hann setti saman nokkra sumarlega drykki sem hægt er að njóta í íslenskum gördum í sumar.

Café Flóra hefur verið starfrækt í Grasagarðinum í Laugardal allt frá árinu 1997. Í sumar býður kaffihúsið upp á nýbreytni í starfsemi sinni, en öll fimmtudagskvöld út ágúst geta gestir notið lifandi tónlistar í boði hússins. „Í gegnum tíðina hafa okkur borist töluvert af fyrirspurnum frá íslenskum tónlistarmönnum um að fá að halda tónleika í garðskálanum og því var ákveðið að setja þetta tilrauna-verkefni af stað,“ segir Porkell Andrésson, framkvæmdastjóri Café Flóru. „Við erum mjög ánægð með dagskrána sem við höfum sett saman, enda er úrval tónlistamanna frábært. Þetta er góð blanda af þekktum listamönnum og þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref.“

Café Flóra opnar 1. maí ár hvert og er opin frá 10 á morgnana til 22 á kvöldin.

Porkell setti saman nokkra einfalda sumardrykki sem hann segir auðvelt að blanda heima. Uppistaðan í þeim öllum er fyrsti drykkurinn, Cointreau Fizz, en möguleikarnir á útfærslum eru margir, eins og dæmin sýna.



COINTREAU FIZZ

- 50 ml Cointreau
- ½ límóna
- sóðavatn

Fyllið glas með klökum, kreistið hálfu límónu yfir, hellið Cointreau út í og toppið að lokum með sóðavatni.



COINTREAU FIZZ MED JARÐARBERJUM OG MINTU

- 50 ml Cointreau
- 15 ml límónusafi
- 4-5 fersk jarðarber
- 3 myntulauf
- sóðavatn

Myntan og jarðarberin eru sett í hristara og þjappað vel saman. Þá er Cointreau og límónusafanum bætt út í og fyllt upp með klökum. Hrist og hellt í glas. Að lokum er sóðavatni bætt út í og skreytt með myntulaufi.



COINTREAU FIZZ ORANGE

- 50 ml Cointreau
- ½ fersk límóna
- 100 ml sóðavatn

Hálf límóna er kreist í glas sem er fyllt með klökum. Cointreau er bætt út í og að lokum toppað með sóðavatni. Skreytt með límónubátum og þunnum appelsínusneiðum.



COINTREAU FIZZ AGÚRKA OG BASILÍKA

- 50 ml Cointreau
- 20 ml fersk límóna
- 3 cm agúrka
- 4 basilíkulauf
- 50 ml sóðavatn

Agúrkan er skorin í bita sett í hristara ásamt basilíku. Cointreau og límónusafanum bætt út í. Hristarinn er svo fylltur með klökum og hrist þar til það kemur frosthúð á hristarann. Klaka settur í glas og vökvinn sigtaður yfir klakann og svo er sóðavatni blandað út í. Skreytt með basilíkulaufi.

Lífið

FÖSTUDAGUR
28. JÚNÍ 2013

Baldur Jóhannesson
og Ásdís María
Elfarsdóttir
**HEIMSÆKJA
NÝJAN MENN-
INGARHEIM 2**

Kristín Edda
Óskarsdóttir
**SÝNIR SPENNADI
VARALITATÍSKU
FYRIR SUMARIÐ 4**

Berglind
Hreiðarsdóttir
**ÚTBÝR FALLEGA
BRÚDKAUPS-
KÖKUPINNA 8**

Elísabet Eyþórsdóttir

Upplifir drauminn með hljómsveitinni Sísý Ey

FRÉTTABLAÐIÐ

› visir.is/lifid

HVERJIR HVAR?

Valdimar Guðmundsson tónlistarmaður lét sjá sig á Faktory síðastliðna helgi og dansaði fram á rauða nótt með félögum sínum. Það



sást einnig til **Kiddu Svarf-dal** ritstýru hun.is en hún kom við á opnun Lemon á Laugaveginum ásamt unnusta sínum Magnúsi Péturs-



syni. **Gulli Briem** sást á Sólun í vikunni að snæðingi með dóttur sinni, Anítu Briem leik-konu.



Lífið

Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Marín Manda Magnúsdóttir
marinmanda@frettabladid.is

Umsjón Lífsins á Vísir.is
Elly Ármann
elly@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.

Forsíðumynd
Einar Egilsson

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid

Hár og makeup
Þórunn Hulda
Vígúsdóttir



Heimamenn baða sig í heilagri á.

Ferðasögurnar er hægt að nálgast inni á bloggi sem parið heldur úti <http://hnotskurnin.blogspot.com/>

FÓLK ÓLÝSANLEGT INDLAND

Ásdís María Elfarsdóttir og Baldur Jóhannesson upplifðu drauminn og ferðuðust til Indlands og lærðu jóga og hugleiðslu.

SALON REYKJAVÍK

NÝJA LÍNAN VOR-SUMAR 2013
HAUTE COIFFURE FRANÇAISE
ER KOMIN Í HÚS, VERIÐ VELKOMIN

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN - FÖS: 9 - 18 LAU: 10 - 13 SÍMI: 56 85 305

Ég hafði lesið bók sem unglingur um andlegt ferðalag konu og líf hennar og störf í Indlandi og ég varð djúpt snortin af hugmyndinni um uppljómun, jóga og þjónustu við aðra," segir Ásdís María Elfarsdóttir mannfæðingur og bætir við að þá hafi hún ákveðið að einn daginn skyldi hún upplifa Indland og sjálfboðastarf. Þetta var löngu fyrir ofurvinsældir Eat, Pray, Love eftir Elizabeth Gilberts. Þegar hún kynntist manninum sínum, Baldri Jóhannessyni, var hún ekki lengi að sannfæra hann um að fara með sér á vitund ævintýra sem smituðu hann af varanlegri ferðalagabrá.

Ásdís María Elfarsdóttir og Baldur Jóhannesson höfðu lagt pening til hliðar í mörg ár og var hugmyndin sú að þau gætu verið í bakpokaferðalagi í heilt ár. Lífið í Kópavoginum var sett á bið, hús-gögnin voru seld og þau tilkynntu vinum og ættingjum að þau hefðu enga hugmynd um lokadagsetningu ferðalagsins. Flugmiðar aðra leiðina voru keyptir og svo var lagt af stað í ferðalag um nánast ólýsanlegt Indland.

„Á Indlandi finnur maður bæði ríkasta og fá-tækasta fólk og oftar en ekki býr það hlið við hlið. Maður kynnist ansi ólíkum viðhorfum til ná-ungans en tíðkast á Vesturlöndum. Myndin Slum-dog Millionaire var að sumu leyti raunsönn en að sumu leyti mjúk útgáfa því þar var alltof lítið af fólki í senunum," segir Baldur. Parið segir betl vera eitthvað sem ekki sé hægt að horfa fram hjá þrátt fyrir að heimamenn geri það. „Verandi menntuð sem mannfæðingur veit ég svo margt um orsakir betls og afleiðingar þess að gefa betlurum, en á sama tíma er erfitt að snúa sér frá smástelpu sem kemur til manns, vímuð af lími, og biður um pening," segir Ásdís og heldur áfram: „Það er ekki hægt að fara varhluta af því að upplifa fátækt og stéttaskiptingu á Indlandi, og við erum flest meðvitund um hana í gegnum fjölmiðla og netið. Hins vegar má það ekki gleymast í þessari umræðu að bera virðingu fyrir heimalandi fólks og menningu og ekki bara tala um hvað allt er fátæklegt.“ Tíminn á Indlandi var notaður óspart til að upplifa ólíkan menningarheim og kennaranám í Brahmani Yoga. Þau tóku 500 stunda réttindin í jóga en það var Ingibjörg Stefánsdóttir sem kynntu þau fyrir náminu og ashtanga-jóga. Myndirnar tala sínu máli um lífið á Indlandi þar



Baldur Jóhannesson og Ásdís María Elfarsdóttir á ævintýr-alegu ferðalagi um Indland.



sem Ásdís og Baldur upplifðu ótalmörg ævintýri og eftir sitja tilfinningar eins auðmýkt, kærleikur og mikill lærdómur.

„Indverska ríkisstjórnin er með slagorðið Incredible India, sem smellpassar. Það er ótrúlegt að vera þarna, í góðri og slæmri merkingu þess orðs. Indland gerir mann orðlausan og ég get aldrei almenninglega svarað spurningunni: „Hvernig er Indland?“ Það er ótrúlegt, í þeim skilningi að maður trúir ekki stundum því sem er fyrir framan augu manns," segir Ásdís að lokum.

CUBE

SKVISUR



Til afgreiðslu strax



Til afgreiðslu strax



Væntanlegt



Væntanlegt



WWW.TRI.IS



1 SHINE 20 EDITION

2 GIRL ABOUT TOWN MAC

3 CALYPSO BOBBY BROWN

4 INTERLUDE CHANEL

5 LADY DANGER MAC

6 UP THE AMP MAC

Módel: Elísabet Ormslev

FÖRÐUN Á ALLRA VÖRUM


Varalitátískan er sjóðheit í sumar en varirnar eiga að vera farðaðar í sterkum og áberandi litum.



Mælir með MAC – Kristín Edda Óskarsdóttir, förðunarfræðingur og sálfræðinemi við HÍ.

Mér finnst mattar varir málið í sumar því það er mjög flott andstæða við ljómann í húðinni. Mattar varir voru einnig mjög áberandi á tískupöllum fyrir sumarið í þessum dökkbleiku og órans-tónum,“ segir Kristín Edda Óskarsdóttir förðunarfræðingur og bætir við að sterkir litir verði áfram vinsælir í varalitátískunni í sumar. Kristín Edda sýndi Lífinu hvernig lostafullar varir eiga að líta út í sumar og notaði varaliti frá Chanel, Edition, Mac og Bobby Brown. Kristín Edda segir íslenskar konur vera ófeimnar við að nota liti enda séu þær mjög meðvitaðar um hvað sé í gangi hverju sinni. Dökkbleikir,

appelsínugulir og kóral-litir verða sérstaklega vinsælir og varalitablýanturinn er nauðsynlegur með og þá einna helst með dökkum varalitum eins og hafa verið vinsælir upp á síðkastið. Hins vegar sé öðruvísi stemning í gangi núna þar sem línurnar eru mikið mýkri en áður. Kristín Edda mælir einnig með því að undirbúa varirnar með varaprimer og hvíla aðeins blýantinn. „Ég er akkúrat núna mjög hrifin af dökkbleikum litum og pastel-fjólubláum tónum. Uppáhaldsmerkið mitt er Mac. Ég hef elskað það frá því að ég gekk inn í búðina í fyrsta skipti. Ef ég þarf að nefna einn lit þá fékk ég mér Girl About Town-varalitinn frá MAC. Ég gæti ekki verið ánægðari með hann.“



Við náum til fjöldans

Póstdreifing

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. **Örugglega til þín.**

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Hamingjuhornið

HAFDÍS HULD SÖNGKONA

HVAÐ GERIR ÞÚ TIL ÞESS AÐ RÆKTA HUGANN? „ÉG FER Í GÖNGU- TÚR HÉRNA Í DALNUM EÐA LES GÓÐA BÓK.“

HVERNIG HLEDUR ÞÚ BATTERIIN? „YFIR TE- BOLLA MED GÓÐUM VINUM EÐA MED ÞVÍ AÐ FARA Í ÚTREIDARTÚR.“

HVAÐ FÆR ÞIG TIL AÐ BROSU UPP ÚR ÞURRU? „DÓTTIR MÍN HÚN ARABELLA IDUNN, ÞAÐ ER EKKI ANNAD HÆGT EN AÐ BROSU Í NÁ- VIST HENNAR.“

HVER ER LYKILLINN AÐ HAMINGJUNNI? „ÉG HELD AÐ HAMINGJAN FEL- IST Í ÞVÍ AÐ HAFU GOTT FÓLK Í KRINGUM SIG. ÞAÐ VERÐUR ALLT SKEMMTI- LEGRA Í GÓÐUM FÉLAGS- SKAP.“





Draumaútlitið er ekki blekking

Ertu að reyna að grennast? Komdu þér í form með **Pink Fit** brennslupakkanum.

Pink Fit

brennslu- pakkin

Þrjár vörur sem gera kraftaverk. **Eat Control**, **Ultra Loss Shake** og **L-Carnitine**.

Þessi pakki hjálpar þér að ná undraverðum árangri á aðeins 21 degi.



Aðeins 6 skref

Eat Control kemur jafnvægi á blóðsykurinn og löngun í sykur og sætuefni minnkar!



Fæst í Sportlíf í Glæsibæ og á www.sportlif.is

ELÍSABET EYÞÓRSDÓTTIR

ÞAKKLÁT FYRIR FORELDRA MÍNA

Tónlistarkonan Elísabet Eyþórsdóttir er meðlimur hljómsveitarinnar Sísý Ey sem skotist hefur fram á sjónarsviðið að undanfögnu. Elísabet hefur verið umkringd tónlist frá blautu barnsbeini, en fjölskylda hennar hefur lifað og hræst í tónlistarheiminum. Lífið ræddi við Elísabetu um æskuna, hljómsveitina, listamannlífið og hvernig það er að elska konu.



NAFN
Elísabet Eyþórsdóttir

ALDUR

26 ára

ATVINNA

Tónlistarkona

BÖRN

5 ára strákur

HJÚSKAPARSTAÐA

Í sambandi

Hvað ertu að fást við þessa dagana? „Ég er aðallega að vinna við tónlist með Sísý Ey þessa dagana.“

Hvar ólstu upp? „Ég ólst upp að mestu leyti miðsvæðis. Við fluttum í Grafarvoginn í nokkur ár en svo aftur í miðbæinn. Mamma og pabbi eru búin að vera saman í yfir 30 ár og eru ótrúlega góð og yndisleg. Ég er svo þakklát fyrir að eiga þau sem foreldra því við erum svo náin.“

Eruð þið þrjár systurnar eða eruð þið fleiri systkinin? „Við eigum svo einn bróður sem er 15 ára og er algjör snillingur. Það er mjög mikill vinskapur á milli okkar sem ég er ótrúlega þakklát fyrir. Mamma og pabbi eru svo ótrúlega góð og yndisleg. Ég er svo þakklát fyrir að eiga þau sem foreldra því við erum öll mjög náin.“

Foreldrar Elísabetar eru Ellen Kristjánsdóttir söngkona og Eyþór Gunnarsson píanóleikari í Mezzoforte en Elísabet segir að það hafi aldrei verið nein pressa frá foreldrum hennar að þær systur veldu tónlistina sem framabaut.

Gaf það auga leið að þú myndir velja tónlistarbrautina eins og foreldrar þínir? Ég ætlaði alltaf að verða söngkona og píanóleikari af

því að mig langaði að vera bæði eins og mamma og pabbi því ég hef alltaf litið svo mikið upp til þeirra. Við systurnar fengum að ráða því alveg 100 prósent sjálfar hvað okkur langaði að gera í lífinu og það vildi bara svo til að við vildum allar vinna við tónlist.“

Hvernig kom það til að þið stofnuðuð hljómsveit saman og hvaðan kemur nafnið? „Hugmyndin að bandinu kom frá Carmen vinkonu okkar árið 2011 en hún er einnig í Sísý Ey. Henni fannst sniðugt að fá okkur systur til að syngja saman og í framhaldi af því fengum við snillinginn hann Friðfinn með okkur í bandið. Nafnið á hljómsveitinni kom frá Sóleyju frænku okkar systra en amma okkar var kölluð Sísý og átti hún mjög mikinn þátt í okkar lífi. Hún hvatti okkur mikið í tónlistinni og bara í öllu sem við gerðum. Hún var mín stærsta fyrirmynd í lífinu. Ey er svo bara stytting á nafninu hans pabba.“

Ein stór fjölskylda

Hvernig er fyrirkomulagið í bandinu, er ekki einn karlmaður innan um allar konurnar? „Jú Friffrí, eða Friðfinnur Sigurðsson, er eini karlmaðurinn í bandinu en það er aldrei neitt vesen vegna þess. Við erum oftast bara ein stór hamingjusöm fjölskylda og allir geta talað um allt. Friffrí sér um „beat“-in og tekur allt upp sem við gerum. Við vinnum að lögunum saman og pössum bara að allir séu sáttir og þá gengur bara rosalega vel.“

Spilið þið systurnar á hljóðfæri? „Já, ég spila á píanó og hef verið að fikta við að spila á bassa. Elín spilar á gítar og Sigga á píanó og gítar. Friffrí spilar á allt mögulegt og Carmen á saxafón.“

En eins og er þá sjá Elín og Friffrí um að spila á hljóðfærin. Friffrí spilar alla „synthana“ og öll hljóð í lögunum okkar.“

Mögnuð upplifun á Sónar

Nú voruð þið að spila á Sónar Reykjavík og þið voruð einnig að spila á Sónar Barcelona, hvernig var það? „Það var mikill heiður að fá að vera með á Sónarhátíðinni í Barcelona og hópurinn okkar var ekki af verri endanum. Wow Air styrkti okkur með ferðinni út og gerði okkur þannig kleift að komast öll saman. Hátíðin bauð upp á ótrúlega mikið af flottri tónlist og tónleikarnir okkar gengu rosalega vel. Fólkið dansaði og það er svo góð tilfinning að sjá alla í svona skemmtilegri stemningu. Það var bara rosaleg upplifun. Við fengum hjálp frá vinum okkar til að gera þetta mögulegt en Imba vinkona sérhannaði búninga á okkur og Magga vinkona aðstoðaði líka. Svo fengum við Adda, sem er líka þekktur sem Intro Beats, til að taka upp tónleikana upp á vídjó. Unnsteinn Manuel söng svo með okkur eitt lag og peppaði áhorfendur upp. Án þeirra hefði þetta alls ekki verið mögulegt.“

Það er eitthvað magnað við það að dansa með fullt af fólki um miðjan dag í 30 stiga hita við geggjaða tónlist. Við fórum út fimm dögum fyrir tónleikana og náðum að slaka á í sólinni og komast í mega gir fyrir tónleikana. Hljómsveitin fór öll saman á æðislega strönd í einstaklega fallegum bæ sem heitir Sitges. Ég held að það hafi verið eitt þá skemmtilegasta sem ég hef gert.“

Hvaða verkefni eru í deiglu hjá ykkur í sumar? „Næst á dagskrá er bara að halda áfram að semja og vinna að öllu sem fylgir

GUINOT
INSTITUT • PARIS

Brúnkukrem + bodylotion í einni vöru

LAIT HYDRABRONZE

Gefur góðan raka.
Húðin dekkist með hverri notkun.

SÖLUSTADIR:
www.guinet.com



Uppáhalds

MATUR

Sushi

DRYKKUR

Fanta lemon í dós

**VEJTINGA-
HUS**

Grillmarkaðurinn

HREYFING

World Class

VERSLUN

Þær eru margar

HÖNNUÐUR

Jeremy Scot

DEKUR

Nudd

Mér finnst samt mikilvægt að setja fókussinn aðallega á útlönd því þar er stærri markaður fyrir tónlistina okkar. Það er ótrúlega gaman hversu góðar viðtökur við erum búin að fá hér heima og erlendis.

Því. Svo erum við að fara hita upp fyrir Chic og að spila á Listasafninu um helgina. Það er allt mögulegt í gangi sem er mjög spennandi.“

Hvert eruð þið að stefna með hljómsveitina ykkar? Eru fleiri smáskífur á leiðinni? „Við stefnum á einhvern góðan stað vonandi og við erum að vinna í útgáfumálum þannig að það fer að koma að því.“

Draumur að vera tónlistarkona á Íslandi? Er hægt að lifa á listinni? „Það er gaman að vera tónlistarkona á Íslandi. Mér finnst samt mikilvægt að setja fókussinn aðallega á útlönd því þar er stærri markaður fyrir tónlistina okkar. Það er ótrúlega gaman hversu góðar viðtökur við erum búin að fá hér heima og erlendis. Trúi stundum ekki að þetta sé í alvöru að gerast. Þetta er svo sannarlega draumur að rætast. Ég vona bara að ég geti lifað á því í framtíðinni.“

Er ástfangin af konu

Hvað veitir þér innblástur?

„Strákurinn minn, kærastan mín, fjölskyldan, vinir mínir, góð tónlist og jákvæð viðhorf til lífsins.“

Nú ert þú í sambandi með konu, hafið þið verið lengi saman? „Ég er í sambandi með konu, já. Það er auðvitað allt öðruvísi að vera með konu í sambandi eða karlmanni, en fyrir mig er það algjörlega málið. Natalie er klárlega minn betri helmingur og ég er rosa ástfangin af henni. Við höfum þekkt lengi og eigum okkar sögu. Ég hef verið algjörlega opin með kynhneigð mína og það skiptir fjölskylduna mína engu máli hvort ég sé með konu eða karlmanni.“

Foreldrarnir eru fyrirmyndin

Hver eða hverjar eru fyrirmyndir þínar í tónlist, tísku og lífinu almennt? „Fólk sem fylgir hjartanu í lífi og starfi, er auðmjúkt, hjálpsamt og jákvætt finnst mér alltaf vera til fyrirmyndar. Svo eru mamma og pabbi alltaf mín stærsta fyrirmynd í tónlist. Í tísku finnst mér fólk sem getur fylgt sinni sannfæringu um hvað sé flott og borið það með stolti.“

Hvað er hamingja í þínum huga? „Hamingja í mínum huga er það að geta verið jákvæður og þakklátur fyrir það sem maður hefur í lífinu. Svo er það fimm ára strákurinn minn sem er algjör snillingur. Hann elskar allt sem viðkemur tónlist og er ótrúlega músíkalskur. Hann hefur mjög sterkar skoðanir á tónlist og hann syngur, „beatboxar“, trommar og dansar mikið. Hann biður aðallega um lög með Prodigy en fyrsta orðið hans var „prodigy“. Við barnsfaðir minn erum góðir vinir þannig að þetta gengur allt saman upp.“

Hvar viltu vera eftir 5 ár? „Það er erfitt að segja, ég tek bara einn dag í einu og nýt þess að vera til,“ segir Elísabet að lokum.

Myndaalbúmið



• Elísabet með soninn í fanginu • Hljómsveitin Sísy Ey • Á sviðinu á Sónar • Bandið á góðri stundu

LANGAR ÞIG Í BÍÓ?

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

BORGAR BÍÓ

BÍÓ ★ PARADÍS

midi.is

BRÚÐKAUPS KÖKUPINNAR

GÓMSÆTT, GOTTERÍ SEM RENNUR LJÚFLEGA NIÐUR



„Kökupinnar eru í flestum tilfellum blanda af köku og kremi sem rúllað er í kúlur, þær settar á prik og dýft í hjúp. Möguleikar í blöndun eru hins vegar óteljandi og mæli ég með því að fólk prófi sig áfram með það sem þeim þykir best,“ segir Berglind Hreiðarsdóttir, mannaútsjóri hjá World Class. Bakstur og kökuskreytingar eru áhugamál Berglindar en hún var fengin til að útbúa þessa dásemd- ar kökupinna fyrir brúðkaup vinfólks hennar sem giftu sig í þessum mánuði. Boðið var upp á pinnana með fordrykknum þar sem brúðhjonunum fannst þetta falleg og nýstárleg hugmynd, ásamt því sem kökupinnar eru dásamlegir á bragðið.

Í brúðkaupinu voru tvær tegundir í boði, fjólubláir pinnar fyrir brúðgumann en þeir innihéldu vanilluköku, vanillusmjörkrem, saxað súkkulaði og maukuð fersk jarðarber. Að ósk brúðarinnar voru hvítir pinnar sem innihéldu vanilluköku, vanillusmjörkrem, hvítt saxað súkkulaði og þykka karamellusósu.

Áhugasamir geta lært allt um kökupinna á námskeiðum hjá Gotterí og Gersemum sem hefjast að nýju í haust, www.gotteri.is



AFMÆLISÚTSALAN HELDUR ÁFRAM




50% AFSLÁTTUR AF REGNFATNAÐI



EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA GÓÐ KAUP Á
SÉRSTAKRI 20 ÁRA AFMÆLISÚTSÖLU

ILSE JACOBSEN

GARÐATORGI - GARÐABÆ



SNYRTIBUDDAN MÍN EVA DÖGG

förðunarmeistari og hárgreiðsluveinn

Hvað er í snyrtibuddunni þinni? MAC Mineralize-púður, Zoom Black Fast Lash-maskari frá MAC, Blacktrack eyeliner frá MAC, MAC hue-varalitur, MAC Highlight Emanuel Ungaro, MAC augabrúnablýantur, Mac studio fix og nokkrir burstar.

Kanntu einhver feagnar- ráð/leynitrix? Ég mæli með að undirbúa húðina vel undir farðann með primer sem gefur húðinni fallegan ljóma og farðinn helst betur á. Blautur augnskuggi undir þurran augnskugga kemur sér vel á dansiballi þar sem augnskugginn á það til að renna af. Gerviaugnhár eru líka í miklu uppáhaldi og

gera svo mikið fyrir mann. Ég nota þau oft ef ég er að fara eitthvað extra fínt. Eyeliner myndi ég heldur ekki sleppa því hann getur mótað augun, lyft þeim og stækkað.

Burstinn sem ég nota er skáskorinn, heitir Trix nr. 263 og er frá MAC.

Clinique All About Eyes serum er frábært en það kemur í veg fyrir þrútin augu og minnkar bauga. Svo mæli ég með hárfroðunni Volume Mousse frá Label M sem gefur góða lyftingu í hárið þegar ég blæs það.

Hvert er eftirlætisilmvatnið þitt? Versace Yellow Diamond.

Nýtt!



Nicorette® QuickMist munnholsúði

HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótínfíkn, til að draga úr fráhrariseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan hábrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnaheftum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.





Skápurnin í stofnunni var áður brúnn.



Sænski bekkurinn var málaður með grunni og hann fékk nýtt áklæði.



Lilja Björk Birkisdóttir endurgerir gamla muni og gefur þeim nýtt líf.

Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:

App sem þú þarft

Nýtt í spjaldtölvu og snjallsímann



Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvu og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.



FRÉTTABLAÐIÐ

HÖNNUN BÝR TIL FRANSKT DRAUMAHEIMILI

Lilja Björk Birkisdóttir gerir upp húsgögn og malar gamla fallega muni.

Ég hef alltaf heillast rosalega mikið af þessum stíl frá því að ég var unglingur en ég sá fyrir mér í einhverjum draumi að mig langaði að eiga svona heimili einhvern tímann. Svo fluttum við í stærra húsnæði og mig vantaði húsgögn til að fylla upp í plássíð og byrjaði því af fullum krafti að endurgera mublur," segir Lilja Björk Birkisdóttir. Það má vera að heimilið sé þar sem hjartað er en þegar maður er skapandi þá er aldeilis ekki sjálfgefið að rölta út í búð og kaupa nákvæmlega þau húsgögn sem maður leitar að. Hjá Lilju Björk er hugmyndaflug til staðar og áhuginn fyrir hönnun og húsgögnum með frönsku ívafi er svo mikill að hún ákvað sjálf búa til franska stemningu fyrir sitt draumaheimili. Lilja Björk heldur úti Facebook-síðunni Franska Liljan þar sem hún deilir ýmsum verkefnum og aðferðum með áhugasömum. Hún segir viðbrögðin hafa verið einstaklega góð. Jafnvel karlmennirnir fjórir á heimilinu hvetja hana til dæða þrátt fyrir að heimilið sé orðið heldur kvenlegra en áður fyrr. „Maður verður að hafa augun opin. Stundum kaupir ég einhver húsgögn í Góða hirðinum eða á Bland.is því mér líst vel á þau en svo hef ég ekki endalaust pláss og sel þá hluti sem ég hef verið að gera upp. Þetta er svolítið tímafrekt þegar maður er að leita að réttum hlutum og getur stundum verið svolítið erfitt," segir Lilja Björk og bætir við að hún sé

heimavinnandi og hafi því nægan tíma til að dunda í þessu. Húsgagnamálun segist hún ekki hafa sérstaklega lært nema í gegnum bækur og annað efni sem hún hefur verið að rýna í af miklum ákafa. Múrbúðin hefur oftar en ekki orðið fyrir valinu þegar kaup á málningu eða grunn og segist Lilja Björk hafa verið að prófa sig áfram með alls kyns uppskriftir að kalkmálningu. „Ég nota mikið hvíta Meistara-grunninn. Svo nota ég svarta matta veggmálningu og mála alltaf kantana eða alla mubluna með henni og hvíta grunninn ofan á til að fá þetta dökka slit þegar maður þússar, það finnst mér svolítið flott.“

KALKMÁLNING LILJU

1 hluti gífsduft

Vatn

3 hlutar akrýlmálning (má vera t.d. veggmálning eða akrýllakk, en ekki grunnur)

Aferð: Ég byrja á því að setja duftið í ílát eins og t.d. fötu, og þynni það út með vatni, smá í einu. Það er gott að hræra í, þetta á að vera álíka þykkt og súrmjólk.

Þegar duftið er uppleyst og blandan er jöfn, þá bæti ég út í málninguna og hræri vel. Svo má alltaf þynna blönduna með vatni ef hún verður of þykk.

Eina sérvslun landsins
með grill og garðhúsgögn

Grillbúðin



www.grillbudin.is

VELDU
GRILL
SEM ENDIST
OG ÞÚ
SPARAR



LANDMANN
Er frá Þýskalandi

TEST
WINNER!



Viðhaldsfri garðhúsgögn úr Tekki



Kynnið ykkur muninn á Tekki og öðrum harðvið

Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is



Kári Sverrisson

ALDUR: 31

STARF: Ljósmyndari og altmuligtmand á Lemon Laugavegi

Hvern faðmaðir þú síðast? Ég faðmaði kærastann minn síðast.

En kysstir? Kyssti bestu vinkonu mína Söndru bless, á munninn.

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig? Hún heitir Þrúða og vinnur hjá Lingo. Hún aðstoðaði mig við að sækja um í draumánámið í London og nýlega hringdi hún í mig til þess að segja mér að ég hefði komist inn í meistaranám í fískuljósmyndun í London College of Fashion.

Hvaða galla í eigin fari ertu búinn að umbera allt of lengi? Fullkonnunaráráttuna í mér.

Ertu hörundsár? Get verið það, er nokkuð mannlegur.

Dansarðu þegar enginn sér til? Mér finnst betra, þægilegra og skemmtilegra að dansa með öðrum.

Hvenær gerðirðu þig síðast að fifli og hvernig? Fyrir stuttu þegar ég reyndi að nota afsláttarkort Olís á N1, það var gott ljóskumóment.

Hringirðu stundum í vælubílinn? Nei, þegar ég er í því ástandi þá gleymi ég því að það sé til vælubíll.

Tekurðu strætó? Helst ekki, kannski í hallæri og í ýtrustu neyð

Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag? Suma daga stoppa ég í smá stund og aðra daga stoppa ég mjög stutt.

Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim? Nei, ekki nema ég þekki þetta fræga fólk. Þá fær það lítið veif frá mér. Annars eru þessir frægu einstaklingar bara alveg eins og ég og þú.

Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig? Ég vann einu sinni karóíkíeppni, og ég átti að fæðast í janúar 1982, ekki desember 1981, en ég fæddist mánuði fyrir tímann.

Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina? Ég ætla alls ekki að láta mér leiðast.

HELGARMATURINN SALSÁ-KJÚKLINGABORGARI

Ari Már Heimisson, kokkur og eigandi Kaffi-Kompanísins á Kjarvalsstöðum, mælir með hollum og bragðmiklum salsaborgara fyrir fjóra um helgina

4 ferskar kjúklingabringur
1 mangó
3-4 tómatar
½ rauðlaukur
3-4 hvítlauksgeirar
½ búnt kóriander, ferskt
1 stk. lime
1 poki klettasalat
Brauðbollur frá Polarbröd
4 bökunarkartöflur, stórar
Salt og pipar
Paprikukrydd
½ líter létt ab-mjólk
1 dl olía

Mangósalsa: Skerið mangó, rauðlaukinn, og tómatauna í litla bita. Saxið einn hvítlauksgeira og koriander og blandið saman við. Limesafi er kreistur yfir og kryddað með örliðu salti og pipar.
Hvítlauksósa: Hellið ab-mjólkinni í skál, pressið restina af hvítlauknum saman við og kryddið létt með salti og pipar.

kryddið með salti og pipar. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn er hann skorinn í tvennt og borgaranum ráðað saman með klettasalatinu, mangósalsanu og hvítlauksósunni.

Kartöflubátar: Skerið kartöflurnar í tvennt og síðan í

þunna báta. Setjið í ofnskúffu, kryddið með paprikukryddi, salti og pipar. Veltið þeim því næst upp úr oliunni. Bakað í ofni á 200°C í ca. 20-25 mín eða þar til þær eru orðnar mjúkar í gegn. Gott er að byrja á að gera kartöflurnar áður en kjúklingurinn er eldaður þar sem þær þurfa langan tíma í ofninum.



Grillið kjúklingabringurnar og

199 KR.

DAGAR 28.-30. JÚNÍ

ALLAR VÖRUR - EITT VERÐ!



DORA & DIEGO VERÐA Á STAÐNUM FRÁ KL. 15-17 FÖSTUDAG & LAUGARDAG

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM!

ALLAR VÖRUR Á 199 KR. FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS
ATH! GILDIREKKI AF SÆLGÆTI OG GOSI

MegaStore

Sími: 771-2360

www.facebook.com/megastore.iceland

Smáralind



BELGÍSKUR HVEITIBJÓR Á KRANA Hoegaarden-bjórinn er hinn upprunalegi belgíski hveitibjór. Nora Magasin er eini staðurinn á landinu sem býður upp á hann úr krana.



FLOTTUR STAÐUR Veitingahúsið Nora Magasin er skemmtilegt útlits.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

Lifandi upplifun á Nora Magasin

Nýir vindar blása á veitingastaðnum Nora Magasin í Pósthússtræti 9. Lögð er áhersla á frábæra matarupplifun og fjölbreyttar veitingar í föstu og fljótandi formi. Nora Magasin er eini staðurinn á Íslandi þar sem hægt er að fá hinn sögufræga belgíska Hoegaarden-bjór á dælu.



Víð opnuðum óformlega fyrir hálfum mánuði en á morgun verður formlegt opnunarteiti," segir Brynja Skjalda, rekstrarstjóri Nora Magasin veitingahússins í Pósthússtræti 9.

Hugmyndafræðin að baki veitingahúsinu er sérstök. „Kokkurinn okkar, Akane Monavon, er hálf frönsk og hálf japönsk. Hún hefur ferðast um allan heim og kynnt sér ólíka matarmenningu og hefur því skemmtilega sýn á mat og eldamennsku," segir Brynja.

Á efri hæð Nora Magasin hefur verið byggt auka eldhús þar sem hægt er að matreiða í auglýsing gestanna. „Akane vill að upplifun matargesta snúist um samskipti við kokk og þjóna, að þeir finni lyktina af matnum og sjái hann. Þannig verði veitingahúsaferðin að lifandi upplifun," útskýrir Brynja.

Sögufrægur belgískur bjór

Á Nora Magasin er í boði úrval af bjór. „Við verðum með fimm tegundir á krana og töluvert af flöskubjór," segir Brynja og minnst sérstaklega á Hoegaarden-bjórinn. „Það er belgískur hveitibjór sem er sérinnfluttur fyrir okkur frá Belgíu. Við erum eini staðurinn á Íslandi sem er með Hoegaarden á krana," segir Brynja og lýsir bjórnum nánar. „Hoegaarden er hinn upprunalegi belgíski hveitibjór (Wit). Hann var fyrst bruggaður á 15. öld í smábænum Hoegaarden. Hann er skýjaður eins og hveitibjór sæmir og leyndarmálið á bakvið frískandi bragðið er ekta appelsínubörkur og smáræði af kóríander."

Gestir Nora Magasin eru afar hrifnir af bjórnum að sögn Brynju. „Fólkið er sólgíð í bjórinn og nýtur þess að drekka hann úr glasi úti í sólinni," segir hún og bendir á að mikið sé lagt upp úr afslappaðri og notalegri útiaðstöðu hjá Nora Magasin.

Brynja segir bjórinn henta vel með ýmsum mat, á borð við fisk- og grænmetisrétti. „Hann er til dæmis rosa góður með bláskelinni af matseðlinum okkar og ekki síður með ostaplattanum," segir Brynja og býður fólk velkommið á Nora Magasin.




REKSTRARSTJÓRI OG KOKKUR Brynja er hér með kokkinum Akane Monavon sem nýtir matarhefðir frá mörgum heimshornum í eldhúsinu.



NOTALEGT Gott er að sitja á Nora Magasin og velta fyrir sér heimsfréttunum.



BARINN Úrvalið á barnum er mikið.



Aðalsteinn Bjarni Sigurðsson á kokkteilabarnum á Loftinu. Þar ræður gamaldags hvunn dagsrómantík ríkjum og tvinnakefli, snið og fleiri áhöld úr annríki liðinna tíma úr saumastofu Egils Jacobsen gleðja augað.

MYNDR/ANTON

Munkamjöldur á saumastofunni

Loftið Lounge er hvalreki fyrir þá sem vilja dreypa á freistandi kokkteilum í góðum félagsskap, kærkomnu næði og fagurri umgjörð. Þar er Happy Hour síðdegis hvern dag og þar má kneyfa belgíska munkabjórinn Leffe. Eftir helgi verður einnig boðið upp á flambæra eftirrétti á Loftinu.

Loftinu var sótt í skraddara- andann úr saumastofu Egils Jacobsen og stemningin því ofin gamaldags sjarma. Að stíga hér inn er eins og að hverfa aftur til ársins 1930,“ útskýrir Aðalsteinn Bjarni Sigurðsson um heillandi innviði og andrúmsloft Loftsins sem innanhúshönnuðurinn Hálfán Pedersen skapaði.

Loftið er einmitt á loftinu í hinu gullfallega húsi Egils Jacobsen við Austurstræti.

„Hér fer vel um gesti í hlýlegum huggulegheitum. Loftið fellur gestum eldri en 27 ára vel í geð og svona stað hefur vantað í næturlífssenu Reykjavíkur. Það er svo oft sem fólk langar að tylla sér inn yfir drykk og spjalli en hrökklast út vegna hávaða og skarkala,“ segir Aðalsteinn.

Dyrnar á Loftinu eru opnaðar klukkan 16 alla daga og þá hefst Happy Hour sem stendur fram til 19. Um helgar er Loftið opið til fjögur að morgni en vertinn

lokar dyrunum klukkan þrjú til að skapa heimilislega partístemningu.

„Aðalsmerki Loftsins eru svalandi kokteilar og vín á framúrskarandi verði. Á Happy Hour kostar lítill bjór 500 krónur, léttvínsglas 500 og sérvaldir kokkteilar þúsund krónur. Við leggjum mikla áherslu á fína kokteila úr góðu áfengi og notum bittera mikið,“ segir Aðalsteinn.

Meðal guðaveiga á kokteilar Loftins er belgíska mjöðurinn Leffe Blonde sem var upphaflega bruggaður árið 1240 af

munkum klaustursins Abbaye de Notre Dame de Leffe í héraðinu Namur.

„Aðeins besta hráefni ratar í Leffe til að búa til þennan bragðmikla og gyllta bjór sem hefur kryddaðan ilm og frábært jafnvægi á milli sætu og alkóhóls,“ segir Aðalsteinn um Leffe. Þess má geta að frá og með næstu mánaðamótum verður boðið upp á gómsæta, flambæra eftirrétti á Loftinu, frá klukkan 16 til 21.

Loftið Lounge er á 2. hæð í Austurstræti 9.

Ljúffengar veitingar í náttúrunni

Ferðalangar um landið geta nú keypt tilbúna kokkteila og ljúffeng kassavín sem henta vel í útileguna, tjaldhýsið og sumarbústaðinn. Auðveldur, þægilegur og góður kostur í sumarferðalagið.

Nú þarf ekki lengur að finna barþjón á ferðalagi um landið í sumar. Kominn er á markað tilbúinn blandaður kokkteill í kassa, tilbúinn fyrir gæðastund á íslensku sumarkvöldi. Samúel Þór Hermannsson vínþjónn segir að nú sé hægt að blanda hinn fullkomna mojito í bústaðnum, tjaldhýsinu eða á sumarferðalaginu um landið. „Vikingfjord vodka-kokkteilar eru búnir til úr náttúrulegum hráefnum eða Vikingfjord vodka, lime, myntu og hrásykri. Eitt box ætti að duga í um það bil tólf drykki. Svo er upplagt að fylla glasið með klaka og skreyta með myntulaufum og lime.“

Á ferðalagi um landið er líka mjög þægilegt að kippa með hvítvínshjúfni frá Vinicola del Pais sem nefnist Crin Roja. „Þetta er einstaklega ljúffengt hvítvín. Vínhúsið er staðsett nálægt Ciudad Real í Alcázar de San Juan á Spáni sem er eitt besta svæðið í Castilla, hátt yfir sjávarmáli og með gjöfulan jarðveg. Roqueta-fjölskyldan keypti vínhúsið árið 2006 en hún býr yfir meira en aldar reynslu í vinnrækt og vingerð.“

Um er að ræða gæðavín sem Vinicola del Pais framleiða úr eigin þrúgum sem nefnast macabeo. „Víngráðurinn er um 600 hektarar að stærð og inniheldur dæmigerðar spænskar þrúgur í bland við alþjóðlegar þrúgur. Þar á meðal eru tempranillo, monastrell, cabernet sauvignon, macabeo, arén og syrah. Vínin eru öll framleidd með nýjustu tækni og aðferðum.“ Sannkallaður sumarglaðningur á björtum sumarkvöldum.



Hvítvinið Crin Roja fæst í belju og er góður ferðafélagi í sumar.



Nú er lítið mál að blanda fullkominn mojito í bústaðnum, tjaldhýsinu eða á ferðalaginu í sumar.

MYNDR/ANTON



Silverberg

Þróun á mælingarbúnaði fyrir líkamsræktarstöðvar og hugbúnaði fyrir notendur.



Zalibuna

Hönnun og uppsetning eins manns sleðarennibrautar niður Kambana.



Herberia

Framleiðsla og skráning hágæða jurtalyfja fyrir Evrópumarkað.



Golf Pro Assistant

Vefhugbúnaður fyrir golfkennara.



Activity Stream

Hugbúnaður sem greinir og miðlar viðskiptaupplýsingum í rauntíma.



Þoran Distillery

Þróun og framleiðsla fyrsta flokks, einmalts viskís til útflutnings.



SAReye

Þróun á samþættri leitartækni.



Snjöhús Software

Þróun á hugbúnaði fyrir snjallsíma. Vinnur núna að þróun á einkaþjálfaappi.



Mindlantis

Framleiðsla hágæðavara sem byggja á hugmyndum barna.



Y-Z

Þróun á nýrri aðferð við að auka notagildi fatnaðar.



Startup
Reykjavík

Arion banki
Innovit
Klak

TÍU SPENNANDI HUGMYNDIR

Nú hafa tíu sprotafyrirtæki hafið þátttöku í **Startup Reykjavík verkefninu**, en þau voru valin úr hópi 207 umsækjenda í upphafi mánaðarins. Arion banki leggur fyrirtækjunum til aðstöðu, fjárfestir í þeim og veitir þeim, ásamt samstarfsaðilum, ráðgjöf til að hjálpa þeim að vaxa og dafna.

Startup Reykjavík er samstarfsverkefni **Arion banka og Klak-Innovit**. Fylgstu með á www.startupreykjavik.com og á [Facebook.com/StartupReykjavik](https://www.facebook.com/StartupReykjavik).

Tíu sprotafyrirtæki taka þátt í Startup

Arion banki og Klak Innovit standa að 10 vikna nýsköpunarsmiðju.

Á þriðju hæðinni í Borgartúni 18 hafa tíu ný sprotafyrirtæki komið sér fyrir. Í sumar taka þau þátt í nýsköpunarverkefninu Startup Reykjavík sem er samstarfsverkefni Arion banka og Klak-Innovit og fer nú fram í annað sinn. Verkefninu er ætlað að flýta vexti og þroska fyrirtækjanna tíu eins mikið og hægt er á þeim tíu vikum sem verkefnið stendur yfir.

Segja má að með þátttöku í Startup Reykjavík fái fyrirtækin sæti um borð í hraðlest sem ætlað er að koma þeim á næsta áfangastað fyrr en ella hefði orðið. Fyrirtækin fá m.a. 2 milljónir í hlutfé frá Arion banka gegn 6% eignaradild bankans í viðkomandi fyrirtæki, þau fá fyrsta flokks sameiginlega skrifstofuadstöðu, banka, tíu vikna þjálfun frá mentorum víðs vegar úr atvinnulífinu og starfsfólki Klak-Innovit, aðgang að víðtæku tengslaneti og tækifæri til að kynna sig fyrir framan hóp fjárfesta á lokadegi verkefnisins í ágúst.

Fer vel af stað

Verkefnið hefur nú staðið yfir í tvær vikur. Teymin hafa fengið mentora í heimsókn, hlustað á fyrirlestra og unnið hörðum höndum að ýmsu sem tengist



Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í nýsköpun hjá Arion banka, ræddi við þátttakendur í Startup Reykjavík og gesti á opunardegnum verkefnisins fyrir um tveimur vikum.

fyrstu skrefunum. Þeirra bíður enn mikil vinna allt fram í miðjan ágúst þegar verkefninu lýkur með sérstökum fjárfestadegi. Þar munu teymin kynna hugmyndir sínar og árangurinn sem þau hafa náð með þær í sumar og freista þess að vinna hylli fjárfestanna.

Fjárfestir í 20 sprotafyrirtækjum

Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í nýsköpun hjá Arion banka segir beinan stuðning við íslenskt frumkvöðlaumhverfi skipta miklu máli fyrir íslenskt samfélag. „Í gegnum Startup Reykjavík hefur Arion

banki á tveimur árum fjárfest í tuttugu sprotafyrirtækjum sem fá ekki bara stuðning frá bankanum í gegnum Startup Reykjavík heldur einnig að því verkefni loknu frá starfsfólki bankans. Þær hugmyndir og þau teymi sem veljast inn í Startup Reykjavík eru flest á sínum fyrstu stigum og veitir Arion banki þeim þolinmótt fjármagn í formi hlutfjár.“ Einar segir markmiðið með Startup Reykjavík vera að stuðla að heilbrigðara og sterkara umhverfi fyrir íslenska frumkvöðla auk breiðari flöru fyrirtækja sem geta sem fyrst orðið áhugaverðir kostir fyrir fjárfesta.

FYRIRTÆKIN SEM TAKA ÞÁTT Í STARTUP 2013

Zalibuna: Zalibuna mun hanna og byggja einmennings rússíbana í náttúru Íslands þar sem farþegar geta notið útsýnis, náttúruferðar og spennu, allt í einni ferð.

www.zalibuna.is

Poran: Poran verkefnið snýst um að koma á lagginnar fyrstu vískí framleiðslunni á Íslandi og að búa til fyrsta flokks, einmalts vískí til útlutnings.

www.thoran.is

Mindlantis: Sýndarheimur á netinu þar sem sköpunarkraftur barna er virkjaður og skapandi ævintýraveröld prúð út frá hugmyndum þeirra.

www.mindlantis.com

Activity Stream: Hugbúnaðurinn auðveldar fyrirtækjum að veita framúrskarandi þjónustu með því að greina viðskiptaupplýsingar og miðla í rauntíma.

www.activitystream.com

GolfPro Assistant: GolfPro Assistant er vefhugbúnaður fyrir golfkennara sem aðstoðar þá við alla þætti golfkennslu s.s. þjónustu og samskipti þeirra við nemendur.

www.golfproassistant.com

Herberia: Herberia brúar bilið á milli óskráðra náttúruvara og hefðbundinna lyfja með því að framleiða og skrá hágæða jurtafyrir Evrópumarkað.

www.facebook.com/herberiamedicines

SAReye Þróun á samþættri leitartækni sem byggir annars vegar á loftmyndatöku og hins vegar úrvinnslu á myndunum með myndgreiningartækni ásamt nánari greiningu á upplýsingunum með hóp-greiningartækni.

www.sardrones.com

Silverberg: Hanna, þróar og selja mælingarbúnað fyrir líkamsræktarstöðvar og hugbúnað þar sem notendur geta fylgst með árangri sínum.

www.signup.silverberg.is

Snjóhús Software: Snjóhús hannar, þróar og selur hugbúnað fyrir snjallsíma og vinnur nú að þróun einkaþjálfa apps.

www.snjohus.com

Y-Z: Y-Z hyggst þróa nýja aðferð við að auka notagildi fatnaðar með tæknilegum útfærslum sem bæta framúrstefnulegum eiginleikum við klassíska hönnun.

www.ziskazun.blogspot.com

Í hádeginu á þriðjudögum í allt sumar gefst gestum og gangandi sérstakt færi á að kíkja í heimsókn í Startup Reykjavík því þá eru sagðar svokallaðar frumkvöðlasögur. Sögumaður hverju sinni er frumkvöðull sem náð hefur eftirtektarverðum árangri og viðkomandi segir frá einhverju áhugaverðu tengdu því að stofna og reka fyrirtæki á eigin spýtur.

Grunnur lagður að framtíðinni

Mikil gróska á sér stað í starfsemi nýsköpunarsetursins Klak Innovit. Félagið býður upp á fjölda spennandi viðburða sem nýtast frumkvöðlum og hugmyndaríkum einstaklingum á öllum aldri.

Nýsköpunarsetrið Klak Innovit varð til fyrr á þessu ári þegar Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðla-setur, sameinuðust. Að sögn Kristjáns Freys Kristjánssonar framkvæmdastjóra er hlutverk Klak Innovit að hjálpa fólki að gera hugmyndir sínar að veruleika en það gerir félagið fyrst og fremst með því að bjóða fjölbreytt verkefni sem öllum er frjálst að taka þátt í. „Við leiðum líka saman fjárfesta og sprotu, veitum sprotafyrirtækjum og öðrum áhugasömum ráðgjöf og húsnæði ásamt aðstoð og öflugum tengingum við einstaklinga, samtök og fyrirtæki út um allan heim.“ Klak Innovit er í eigu Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Nýherja, auk nokkurra einstaklinga. Verkefni Klak Innovit eru fjölbreytt en á meðal þeirra eru:

Startup Reykjavík

Nýsköpunarverkefnið Startup Reykjavík er samstarfsverkefni Klak Innovit og Arion banka. „Þar býðst sprotafyrirtækjum tvær milljónir króna í hlutfé gegn 6% eignarhlut Arion banka, tíu vikna þjálfun frá mentorum víðs vegar úr atvinnulífinu og starfsfólki Klak Innovit. Þeim býðst sameiginleg skrifstofuadstaða, aðgangur að víðtæku tengslaneti og tækifæri til að kynna sig fyrir framan hóp fjárfesta á lokadegi verkefnisins í ágúst.“

Gulleggið

Klak Innovit stendur árlega fyrir frumkvöðlakeppninni Gullegginu. „Meginmarkmið keppinnar er að skapa vettvangur fyrir athafnafólk til að öðlast þjálfun og

reynslu í mótun nýrra viðskiptahugmynda. Samhliða er þátttakendum boðið upp á námskeið, ráðgjöf og aðstoð sérfræðinga. Til þess að taka þátt þarf einungis að skila inn stuttu ágripi af hugmyndinni á einni blaðsíðu.“

Seed Forum Iceland

Á Seed Forum Iceland ráðstefnunni gefst íslenskum sprotu- og vaxtarfyrirtækjum færi á að kynna sig fyrir fjárfestum með það fyrir augum að hljóta fjárfestingu. Fyrirtækin sem taka þátt í Seed Forum Iceland eru gaumgæfilega valin úr hópi þeirra fyrirtækja sem talin eru skara fram úr.

Atvinnu- og nýsköpunarhelgar / Startup Weekend

Atvinnu- og nýsköpunarhelgin (ANH) er samstarfsverkefni Klak Innovit og Landsbankans. Viðburðurinn er að erlendri fyrirmynd sem reynst hefur vel og eru víðlíka helgar haldnar um allan heim (e. Startup Weekend). „Markmið helganna er að virkja fólk til athafna og er hver helgi hugsuð sem vettvangur fyrir þá sem langar að koma eigin viðskiptahugmynd í framkvæmd eða taka þátt í uppbyggingu hugmynda annarra.“

Nýsköpunarhádeggi Klak-Innovit

Þriðjudagshádeggi eru Nýsköpunarhádeggi Klak Innovit. „Við fáum áhugaverða og spennandi frumkvöðla í heimsókn sem segja sögu sína og deila reynslu sinni með áhorfendum. Öllum er frjálst að mæta á Nýsköpunarhádeggi en í sumar býðst áhugasömum að mæta á sambærilega viðburði sem heita Startup Stories. Þau fara fram í Startup Reykjavík, Borgartúni 18 á 3. hæð og eru frá kl. 12 hvern þriðjudag.“



Starfsmenn Klak Innovit, frá vinstri: María Þorgeirsdóttir, Kristján Freyr Kristjánsson framkvæmdastjóri, Ragnar Örn Kormásson, Diljá Valsdóttir og Stefán Þór Helgason.

Snilldarlausnir Marel

Hugmyndaríkir framhaldsskólanemar koma hugmyndum sínum í framkvæmd með þátttöku í Snilldarlausnum Marel – hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna. „Við höfum staðið fyrir keppninni í fimm ár í samstarfi við Marel og Samtök atvinnulífsins. Á þeim tíma hafa yfir eitt hundrað nýjar hugmyndir af ýmsum toga borist keppninni.“

Önnur verkefni

Meðal annarra verkefna sem Klak Innovit kemur að má nefna TEDx og Viðskiptasmiðjuna. „Við höfum umsjón með TEDx

fyrirlesturum á Íslandi en margir þekkja Ted Global ráðstefnurnar sem vakið hafa heimsathygli. Viðskiptasmiðjan er farvegur fyrir frumkvöðla og stjórnendur fyrirtækja til að móta verðmæta viðskiptahugmynd, skapa trúverðugt teymi og framtíðarsýn fyrirtækis sem miðar að vexti og árangri. Viðskiptasmiðjan er bæði hönnuð fyrir fyrirtæki sem eru í rekstri og frumkvöðla sem eru að móta viðskiptahugmynd sína.“ Auk þess sinnir Klak Innovit öðrum tímabundnum verkefnum eins og Nordic Innovation Marine Marketing Program (NIMMP), tímaritinu Nordic Innovation og Alþjóðlegu athafnavikunni.

smáauglýsingar

smaar@frettabladid.is / visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan



FORD - F350 árg.'08 6,4L KING RANGE BÚIÐ AÐ OPNA PÚSTIÐ OG SETJA Í HANN TÖLVI ER Á 40" DEKKJUM, VEL BÚINN OG FALLEGUR BILL V-4390stgr. Ásett 5mills. Skoðar skipti. RAÐNÚMÉR.192883.



SUBARU LEGACY 4-2000 EK.197P, NY TIMAREIM, VATNSD/ELA NY og NY KÚPLING. SKOÐAÐUR.GOTT EINTAK V-490P 100% kortalán. RAÐNÚMÉR.250384

Bifreiðasalan
Stórhöfði 15, 110 Rvk
Sími: 577 4400
www.bifreiðasalan.is

bilaborg.is

Sími 517-1111



BMW M6. Árgerð 2007, ekin 39 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 13.900.000. Rnr.125316. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001 Glæsilegur bíll.



PORSCHE Cayenne s 351 hö. Árgerð 2004, ekin 89 PKM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 3390 þús. Glæsilegur bill uppl 517-1111 eða 696-1001




FORD F150 Supercrew 4x4 king ranch. Árgerð 8/ 2007, ekin 70 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.133219. Er staðnum uppl síma 517-1111 eða 696-1001

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is



CAN-AM Renegade 800 götuskráð. Árgerð 2009, ekin 4 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.250.000. Gott staðgreiðsluverð! Rnr.106264.

Bílabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opnið á laugardögum 12-16
www.bilabankinn.is



LEXUS IS250 SPORT 04/2007, ekin aðeins 48 PKM, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 3.590.000, engin skipti. Rnr.251127 á www.bilo.is - Sá fagri er í salnum!

ISBAND.IS



Nýr Dodge Durango Crew Metan / Bensín, V6, 290hó, eyðsla 11 l/100km í blönduðum akstri, Stór glæsilegur, mjög vel búinn og flottur jeppi á ótrúlegu verði, Verð 8.690þ.kr. Billinn er í salnum, komdu og skoðuðu úrválið, nr 130121,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opnið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16
http://www.isband.is

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvoגי 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is


bifreidar.is

577 4777



PALOMINO YEARLING IY-4102 10 FET Árgerð: 2011 Verð 2.200.þús Tilboð: 1990.þús Lítið sem ekkert notað.

bifreidar.is
Réttarhás 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is



LMC MÜNSTERLAND 500 RBD nýskr. 07/2007, er á staðnum, komdu og skoðuðu! Verð 2.990.000. Rnr.250669 á www.bilo.is



LEXUS IS250 SPORT 04/2007, ekin aðeins 48 PKM, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 3.590.000, engin skipti. Rnr.251127 á www.bilo.is - Sá fagri er í salnum!

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Fiat / Adria Adriatic, 2006, ek. 60 þús. Sólarrella, Sjórnarp og Salerni. Lækkað verð. V. 4.900 þús. Á staðnum.



Til sölu Chateau 330, 1989. Sólarrella, Auka Fortjald, Hentar vel fyrir fólksbíla. Flott hýsi. V. 890 þús. Á staðnum.



Til sölu VW TRANSPORTER, 1996, ek. 198 þús. Eldavél og Truma Miðstöð. Upphækkanlegur toppur. V. 1090 þús.

Ferðavagnamarkaður
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími: 445 3367
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is



Sparneytnir, öruggir og áreiðanlegir fjörgengismótorar frá Suzuki. Eignum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
http://www.suzuki.is



JAGUAR XKR COUPE . Árg 4/2008, ek 10 PKM, 420hó, Sá flottasti, Ein með öllu, Fluttur inn nýr, Ásett verð 12.900.000. Rnr.114909. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 517 9999
Opnið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Toyota RAV 4. 03. 5 Dyra. Í fínu standi. Ekin 69000km. Automatic. Silfurgrár. Hiti í sætum og loftkæling. Ásett verð 1.290.000. Engin skipti. Vetrardekk á felgum seljast sér. Uppl. 825 8251.



38" LC 90 VX ÁRG 2001
Vil skipta þessum fyrir óbreyttan stóran jeppa eða stóran fólksbíl á svipuðu verði. Ekin 260þús, ásett 2,5m. S. 897-1471.



Nærri 50% lægra verð! Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkomið með öllu. Prufukeyrðu hann! Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is S. 5522000.



Toyota Landcruiser 80VX, 4,2 dísel, 38" dekk, leður. Árg. '94 Ek. 424.000km. Auka tankur. Læstur að framan og aftan. 4:88 hlutföll. Loftdæla, loftkútur o.fl. Verð 2.190.000 kr Uppl. s. 697 4540.



Subaru-295þús. Subaru impreza árg'2001 ekin 270þús, ný skoðuður, mjög góður bíll. S: 868-6214

500-999 þús.



!!! SJÁLFSKIPTUR 390P!
Nissan Almera 2003 sjálfskiptur 1.8 ekin 160þ 5dyra nýskoðuður 14" frábær bíll sem eyðir litlu Verð 590þ TILBOÐ 390þ!!! uppls 777-3077

Bílar óskast

!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð '98-03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 866 4904.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



Fleetwood Bayside fellihýsi m/öllu, árg. '08. Nýskráð júlí '09, nánast ekkert notað. Uppl. 853 8280.

Tjaldvagnar

Til sölu Camplet Concorde, árg.'03. Með 230 w rafmagnslögn og auka gaslögn, vel með farinn. Uppl í S: 862 0876

Bátar



STRANDVEIÐIBÁTUR TIL SÖLU
DNG rúllur Viking 700 - dekkður. Nonni KE 151 / 7196 Yanmar 75 hp 24 V kerfi, lagt fyrir 3 vindum. VHF, radar, dýptarmælir, sjálfstyring, STK. Verð 7.9 millj. Ýmis Skipti koma til greina. Uppl. s. 696-1001

Garðyrkja
GARDLIST 554 1980



Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrváli. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyota Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

SMÁPARTAR.IS

Eignum miklu úrvál af varahlutum í Subaru árg. '97 til '02, Skoda Octavía árg. '00 til '07. Honda CR-V árg. '05-V Polo, '07 Passat, '01. Suzuki Baleno árg. '00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

VW - SKODA - VARAHLUTIR
Eignum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hf. S. 534 1045.

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípuagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta
Þvegillinn 5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö PRIF&HREINLÆTI
S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & ÚTANBORÐSMÓTORAR
Viðgerðir Skemmuvegur 34 Brin gata
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS Sími: 554 0661

Smávéla viðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegspjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Altrúa garðþjónusta
Garðþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð.
Róbert S. 866 9767

ÓDÝR GARÐSLÁTTUR
Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605.

Bókhald
Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar
Getum bætt við okkur inni- og útiverknum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Síguður 896-5758.

REGNBOTALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is



ERT ÞÚ ALVEG MILLJÓN?

Við hjá 10-11 erum stolt af því að árlega verla rúmlega 5 milljónir viðskiptavina hjá okkur.

Við verðlaunum milljónasta hvern viðskiptavin okkar með veglegum gjöfum.

Við förum í tvær milljónir á næstu dögum!

Óskum Dagbjörtu til hamingju en hún var viðskiptavinur númer milljón. Farðu á Facebook-síðuna okkar og sjáðu þegar við komum Dagbjörtu á óvart í Lág múlanum!

Sá viðskiptavinur sem rýfur tveggja milljóna múrinn vinnur flug og gistingu fyrir tvo til London eða Kaupmannahafnar með WOW air...

...og glæsilega veislumatarkörfu að verðmæti 30.000 kr.



WOW
air

FITON / SIA



1011

Fljótlegt og þægilegt

MERKISATBURÐIR

1119 Krossfarar bíða ósigur í Blóðvallarbardaga utan við Antíokkíu.

1519 Karl I. Spánarkonungur er krýndur keisari hins Heilaga rómverska ríkis sem Karl V.

1541 Ný kirkjuskipun er samþykkt í Skálholtsbiskupsdæmi og með því hefjast siðaskiptin á Íslandi.

1762 Katrín mikla tekur við keisarategni í Rússlandi eftir lát eiginmanns síns Péturs III.

1840 Hátféðahöld í Reykjavík í tilefni af krýningu Kristjáns VIII. Danakonungs og drottningar hans.

1912 Fyrsti leikurinn í fyrsta Íslandsmótinu í knattspyrnu fer fram. KR keppir á móti Fram á Íþróttavellinum við Melana og fer leikurinn 1-1.

1914 Fyrri heimsstyrjöldin hefst þegar Frans Ferdinand er myrtur í Sarajevó.

PETTA GERÐIST 28. JÚNÍ 1867

Grímur Thomsen kaupir Bessastaði

Það var þennan dag árið 1867 að Grímur Thomsen skáld og alþingismaður keypti æskuheimili sitt að Bessastöðum og settist þar að ásamt eigin konu sinni Jakobínu Jónsdóttur. Grímur fæddist á Bessastöðum árið 1820, sonur gullsmíðsins og skólaráðsmannsins Þorgríms Tómassonar og Ingibjargar Jónsdóttur konu hans.

Saga Bessastaða nær allt frá landnáms-tíð til vorra daga, en rannsóknir forn-leifafraeðinga hafa leitt í ljós að fyrstu íbúarnir settust þar að á landnámsöld og hefur búseta þar verið óslitin síðan.

Á þjóðveldisöld bjó þar Snorri Sturluson, skáld og höfðingi, en eftir dauða Snorra sló Noregskonungur eign sinni á staðinn. Síðari hluta miðalda sátu í konungsgarði á Bessastöðum æðstu fulltrúar erlends valds á Íslandi, en eftir einveldistöku Danakonungs urðu Bessastaðir embættisbústaður fulltrúa konungs, landfógeta og amtmanns, allt þar til yfirtjórn landsins flutti til Reykjavíkur. Árið 1805 fluttist Hólavalla-skóli, þá eini lærði skóli

landsins, til Bessastaða. Hann hlaut heitið Bessastaðaskóli og starfaði til 1846.

Grímur fór ungur til náms við Hafnarháskóla, þar sem hann nam lög, heimspeki og bókmenntir. Eftir árafjöld í útlöndum varð Grímur alþingismaður og bóndi að Bessastöðum á Alftanesi og er enn í dag talinn eitt af höfuðskáldum Íslendinga. Hann lést árið 1896 og seldi ekkja hans Landsbanka Íslands Bessastaði.



✝

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir,amma og langamma

KRISTJANA GUÐNÝ EGGERTSDÓTTIR (NANNA)

Verður jarðsögunin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 1. júlí kl: 13:00

**Eggert Magnússon
Guðrún Magnúsdóttir
Inga Steinunn Magnúsdóttir
Kristjana Vigdís Magnúsdóttir
tengdabörn,barnabörn og barnabarnabörn.**

✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

ERLA LÍSA SIGURÐARDÓTTIR Völvufelli 44, Reykjavík

Lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 23. júní 2013 Jarðarförin verður auglýst síðar

**Kolbrún Pálína Hafþórsdóttir Páll Heiðar Magnússon
Sigríður Einarsdóttir Ragnar Þórarinn Bárðarson
Jónas Steindór Óskarsson María Erla Hilmarsdóttir
Sigurður Óskar Óskarsson Þórunn Edda Björgvinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn**

✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, dóttur, tengdamóður, systur og ömmu.

INGIBJARGAR ÓLAFAR ANDRÉSDÓTTUR, hjúkrunarfræðings, Birkiás 13 , 210 Garðabæ

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki krabbameinsdeilda, 11 B og 11 E, líknardeildar og heimahlyningar Landsspítala háskólasjúkrahúss, fyrir einstaka umhyggju og hlýju.

**Kristín Logadóttir Hallgrímur Þór Sigurðsson
Andrés Már Logason
Kristín Magnúsdóttir
Örn Andrésson
Guðbjörg Erla Andrésdóttir
Magnús Andrésson
Hrafn, Lóa og Már Hallgrímsbörn.**

✝

Okkar kærri frændi,

JÓN GESTUR SIGURÐSSON frá Tungu,

verður kvaddur í Hvammstangakirkju laugardaginn 29. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Hollvínasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.

Systkinabörn.

WWW.KVEDJA.IS

Útvararstofa
SVAFARS & HERMANNSS

Virding Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Fimm grip og textar sem minna á sápuóperu

Hljómsveitin Sviðin jörð verður vakin upp frá dauðum í kvöld eftir sjö ára þögn. Hún er samstarfsverkefni útvarpsmannanna Magnúsar R. Einarssonar og Freys Eyjólfssonar, sem sendu á sínum tíma frá sér plötu með eigin lögum við texta Davíðs Þórs Jónssonar.

Það er talað um að þetta sé dýrasta plata Íslandssögunnar,“ segja þeir Magnús og Freyr. „Hún kostaði þrjú hjónaskilnaði, þrjár meðferðir, gjaldþrot og barreikninga í metratali.“ Platan sem er til umræðu kom út árið 2006 og heitir því uppörvandi nafni Lög til að skjóta sig við. Á henni flytja þeir félagarnir eigin lög við texta Davíðs Þórs Jónssonar. Yrkisefnin eru dekkri hliðar tilverunnar; ástarsorg, fylleri og almennur eymingjaskapur, og lögin eru í kántrístyl eins og slíkum viðfangsefnum hæfir. „Þetta er kántrí eins og kántrí á að vera,“ segir Freyr. „Allir alvöru kántrítexatar eru mjög mjög sorglegir.“ „Það er ekki alveg rétt,“ gripur Magnús fram í. „Kántrí er þrjú gitar-grip og sannleikurinn sagði Johnny Cash, en við erum með aðeins flóknari útgáfu af þessari formúlu. Fimm til sex grip og texta sem minna á sjónvarpssápu.“

Ástæða þess að við erum að ræða plötuna núna er að í kvöld mun Sviðin jörð stíga á svið á Café Rosenberg og rifja upp nokkur lög frá þessu dökka tímabili í lífi félaganna. Hvað kom til að þeir ákváðu að endurvekja þennan draug? „Sviðin jörð er uppvakningur, zombie. Þú getur yfirgefið Sviðna jörð, en Sviðin jörð yfirgefur þig aldrei,“ segir Magnús véfréttarlegur. „Ég veit ekki hvað Magnúsi gengur til með þessu,“ segir Freyr. „Þetta eru verstu fréttir ársins í mínum huga.“ Hví þá? Óttastu að óhamingjan sem fylgdi þessu tímabili gangi aftur líka? „Já, ég óttast það. Síðan þetta var höfum við allir fundið hamingjuna á ný og mér finnst dálítið ógnvekjandi að rifja þetta tímabil upp,“ segir Freyr. „Þótt við förum dimma dali og napra tinda óttumst við aldrei því Hjörtur Howser, maðurinn sem á frægasta „hætt“ poppsögunnar, verður okkur til halds og trausts,“ segir Magnús og virðist ekki hafa nokkrar áhyggjur.

Er ekki gjörsamlega vonlaust að vera sannfærandi kántrímúsíkanti ef maður er hamingjusamur? „Það má segja það,“ viðurkennir Magnús. „Það fyrsta sem glatast við að öðlast hamingju er sannfæring, hún er hamingjufólki gagnslaus með öllu.“ Þið munið þá væntanlega ekki flytja lagið „Þið, þetta happy happy lið“ í kvöld? „Jú, reyndar, enda er verið að ulla á hamingjufólkið í textanum,“ segir Magnús. „Músikin er spegill sem hittir mann sjálfan fyrir.“

Sviðin jörð verður ekki eina hljómsveitin sem stígar á svið á Café Rosenberg í kvöld. Þar munu einnig troða upp tvær aðrar hljómsveitir Magnúsar, Bítladrengirnir blíðu og Spottarnir. „Það er þarna brot úr hinum mörgu hillum í tónlistarskáp Magnúsar,“ segir Freyr. „Ég er bara statisti.“ Einhver sérstök ástæða fyrir þessum tónleikum, Magnús? „Ja, ég er að fara í sumarfrí og ætla að slökkva á símanum, draga fyrir gluggana, setja tölvuna á sleep, læsa dyrunum og leggja í naflaskoðun með köttinn sem félagi,“ segir Magnús. „Sérhver svanasöngur er upphaf nýrrar hljómkviðu.“

fridrikab@frettabladid.is



SVIÐIN JÖRD Útvarpsmennirnir og frændurnir Magnús R. Einarsson og Freyr Eyjólfsson vekja upp gamlan draug á Café Rosenberg í kvöld. FRETTABLADIÐ/ARNPÓR

Nú eru bara jólin hjá okkur

Einstakt barokkhjódfæri var vígt í gærkveldi á Hólum í Hjaltadal, þar sem barokkhátíð stendur yfir fram á sunnudag. Það nefnist virginall og er úr sembalfjölskyldunni.

„Nú eru bara jólin hjá okkur,“ sagði Eypór Ingi Jónsson, organisti á Akureyri, í gær þegar nýbúið var að taka utan af barokkhjódfæri sem var að berast frá Ítalíu. Það kom rétt mátulega fyrir barokkhátíðina á Hólum sem hófst í gærkveldi með vígslu hjódfærisins.

„Þetta er lítið hjódfæri af sembalfjölskyldunni, svokallaður virginall, sem á sér engan sinn líka á Íslandi. Það er smíðað algjörlega eftir þörfum endurreisnar- og snembarokk-tónlistar,“ segir Eypór Ingi og bætir við að fámennum hópi áhugasólska hafi tekist að afla fjár fyrir hjódfærinu. „Fyrir um sex árum stofnuðum við smá félagsskap til að efla barokktonlistina á Norðurlandi með fræðslu, tónleikahaldi og hátíð einu sinni á ári. Við sáum strax að við þyrftum ekta hjódfæri og höfum að safna fyrir virginall, sem var mjög sérstakt hjódfæri á 17. öld. En við erum bara hálfnuð því þetta verða tvö hjódfæri í einu.“


Á barokkhátíðinni í ár kennir ýmissa grasa. Þátttakendur eru frá Íslandi, Finnlandi, Svíþjóð, Hvíta-Rússlandi, Úkraínu og Hollandi.

-gun



VIRGINALL Sérstakt hjódfæri á 17. öld.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS

Ferskar

BÓNUS SAMLOKUR

MÁNUDAGA - MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA



198
KR. stk



298
KR. PK

PÓLSKAR PYLSUR
360 grömm



398
KR. 10 stk

BÓNUS PYLSUR
485 grömm



159
KR. 280gr

5 stk.
PYLSUBRAUÐ



95
KR. 200gr

STEIKTUR LAUKUR
EUROSHOPPER 200gr



259
KR 770gr

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 GR



79
KR. 33cl



298
KR STK

HEIMA EINNOTA GRILL

NÝBAKAÐ Í BÓNUS



198
KR 4 STK.

BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR 4 STK.



109
KR. 500 ml



198
KR 4 stk

HEIMA GRILL ÁLBAKKAR 4 STK.

OS SAMLOKUOSTUR

Í SNEIÐUM VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG



1298
KR. kg

300 KR.
VERDLÆKKUN



198
KR. 165gr

DORITOS SNAKK 165 GRÖMM



198
KR. PK

BÖKUNARKARTÖFLUR Í ÁLPAPPÍR u.p.b. 700 gr



579
KR. 3 x 200gr



ÁÐEINS 50 KR. STYKKIÐ

1595
KR 32 stk

PRINCE POLO 32 STK. Í KASSA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

SKEMMTILEGT FÖSTUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:



19:15

THE SIMPSONS

Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátekarsamari.



19:35

ARRESTED DEVELOPMENT

Stórskemmtileg gamanþáttaröð um hina stórskrýnu en dásamlega myndu Bluth-fjölskyldu.



20:05

BESTA SVARID

Jón Jónsson verður gestur Sverris Þórs Sverrissonar, Sveppa, í spurninga- og skemmtipættinum í kvöld.



7:00-20:00

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



22:00

MONEYBALL

Mögnuð mynd sem er byggð á sannri sögu með Brad Pitt og Jonah Hill í aðalhlutverkum.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is



SUDOKU

LÉTT					MIÐLUNGS					PUNG					
2	1	5		6	8			5	3	2			5		8
6	2			9	1	7		4	2		6		9		
			8		5					5	9		8	1	2
	1		4	8	3	4		8			2			7	6
		3	5	9				9	5	1			4	6	
9	2							2	6	3			5	3	
6	3	9	1	7	5	1			5	8	6			1	
1				6	7	7	1				3		9	3	
9				3		9							2		9

7	9	6	3	5	2	1	4	8	7	8	4	2	3	6	5	1	9	8	7	3	5	9	2	6	1	4
8	3	5	4	9	1	2	7	6	9	2	6	1	5	8	7	3	4	4	5	9	3	6	1	8	2	7
1	2	4	6	7	8	3	9	5	5	3	1	7	9	4	6	8	2	1	6	2	7	4	8	5	9	3
2	4	9	8	3	6	5	1	7	4	9	3	5	6	1	8	2	7	9	3	1	6	5	4	7	8	2
3	5	8	1	2	7	4	6	9	1	5	8	4	7	2	9	6	3	5	2	4	9	8	7	1	3	6
6	7	1	5	4	9	8	2	3	2	6	7	9	8	3	1	4	5	6	8	7	1	2	3	4	5	9
9	1	3	7	8	4	6	5	2	6	1	9	3	2	7	4	5	8	3	9	5	8	7	6	2	4	1
4	8	2	9	6	5	7	3	1	3	4	5	8	1	9	2	7	6	7	4	8	2	1	9	3	6	5
5	6	7	2	1	3	9	8	4	8	7	2	6	4	5	3	9	1	2	1	6	4	3	5	9	7	8

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNID



Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Við verðum að nota tímann á viturlegan hátt og átta okkur á því að það er alltaf réttur tími til að breyta rétt.“

Nelson Mandela

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. hæfileiki, 6. mannþvaga, 8. meðal, 9. blaður, 11. tveir eins, 12. afspurn, 14. gistihús, 16. kvað, 17. viður, 18. tál, 20. klaki, 21. faðmur.

LÓÐRÉTT

1. eins, 3. fisk, 4. ölvun, 5. kraftur, 7. sammála, 10. hlóðir, 13. sigað, 15. andaðist, 16. kóf, 19. ónefndur.

LAUSN

49...Hxa3! Einfaldast. Eftir 50. Bxa3 Hxa3 51. Hb1 Kb4 gafst hvítur upp. Eftir fimm umferðir af níu er Lenka í 4.-5. sæti. www.skak.is Stórmeistarinn Henrik Danielsen teflir í Vaxjö í Svíþjóð.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Stórmeistari kvenna, Lenka Ptácníková, teflir nú á alþjóðlegu móti í Prag. Í fyrstu umferð vann hún heimamaninn Milan Barton. Svartur á leik



49...Hxa3! Einfaldast. Eftir 50. Bxa3 Hxa3 51. Hb1 Kb4 gafst hvítur upp. Eftir fimm umferðir af níu er Lenka í 4.-5. sæti. www.skak.is Stórmeistarinn Henrik Danielsen teflir í Vaxjö í Svíþjóð.

CampinGaz Adelaide grill

Glæsileg gasgrill á vandaðri grind úr stáli og tekki. Grillin eru með brennara og grillgrind úr pottjárni, sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Grillið sjálft er postulíns emelerað að utan og innan.

CampinGaz Adelaide 3 brennara

- Mjög öflugt 14 KW = 47.769 BTU
- 3x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x60 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 128x59x109cm
- Þyngd 48kg



Gasgrill 4ja brennara
59.998 kr



CampinGaz Grilláhöld 4stk
verð 3.998kr

Yfirbreiðslur fyrir grillin
einnig fáanlegar, verð 4.998kr.

CampinGaz Adelaide 4 brennara

- Mjög öflugt 18,7 KW = 63.807 BTU
- 4x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x77 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 144,5x59x109cm
- Þyngd 54kg

Frækna og finnskar

BÆKUR ★★★★★



Stúdíóið

Pekka Hiltunen. Sigurður Karlsson þýddi.

UPPHEIMAR

Lia er ung finnsk kona, grafískur hönnuður að mennt, sem vinnur sem umbrotsmaður á virtu tímariti í London. Hún er dálítið einræn og sérlunduð en þegar hún verður vitni að því að lík finnst í bílskotti og kynnist stuttu síðar annarri finnskri konu í London, Mari, kemst heldur betur hreyfing á líf hennar. Mari rekur nokkurs konar ofurteymi sem vinnur við það að koma upp um fólk sem hefur óhreint mjöl í pokahorninu. Hún er haldin þráhyggju fyrir því að finna eitthvað misjafnt um leiðtoga öfgasinnaðs hægriflokks í Bretlandi og þegar Lia kemst að því að líkið í bílskottinu hafi verið af lettneskri vændiskonu skipta þær með sér verkum til að veita morðingjanum og stjórn-málamanninum makleg málagjöld.

Stúdíóið er ein af þessum glæpasögum sem í raun snúast minnst um glæpi og mest um persónur rannsakandanna, en er þó afskaplega

pólítískt réttshugsandi þar sem man-sal á austur-evrópskum konum og sú hætta sem stafar af fylgisauk-ningu öfgasinnaðra þjóðernissinna er í brennidepli. Persóna Liu, sem allt stendur og fellur með, er afskap-lega vel dregin og lesandanum finnst hann þekkja þessa konu út og inn að lestri loknum. Mari er öllu óræðari persóna; þessi kona sem ekki veit aura sinna tal og er í her-ferð gegn spillingu og illum öflum virkar engan veginn sannfærandi. Samskipti þeirra Liu eru frábær-lega skrifuð og að sumu leyti má segja að bókin sé óður til finnskra kvenna sem láta ekkert stöðva sig á leið sinni að því markmiði sem þær hafa valið. Aðrar persónur eru hálf-gerðar skuggamyndir, enda sjáum við þær einungis með augum Liu, sem ekki getur talist hafa mikinn áhuga á að kynnast öðru fólki ofan í kjölinn.

Sagan er ekki beint spennandi í hefðbundinni merkingu en svo vel skrifuð og áhugaverð að hún heldur lesandanum við efnid og honum leiðist aldrei. Sjónarhornið færast milli rannsókna á málunum tveim og vandlega er passað upp á að les-andinn sé nú ekkert of vel haldinn af upplýsingum á einu bretti.

Þýðing Sigurðar Karlssonar er til fyrirmyndar eins og við mátti búast, ekki ein klúðursleg setning á 440 síðum, sem er afrek sem margir af fremstu rithöfundum þjóðarinnar ættu í basli með að jafna.

Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Vel skrifuð og öðruvísi glæpasaga sem tekur á viðkvæmum málum sem verið hafa í brennidepli undanfarin ár.



FREDRIK BACKMAN Útgefandinn tímdi ekki að borga undir hann á Bókamessuna í Gautaborg því hann hélt að enginn hefði áhuga. Backman fór því sjálfur, áritaði 500 bækur og seldi réttinn á bókinni til tíu landa. MYND/KALLE ASSBRING

Önuga karluglan sem sló í gegn

Svíinn Fredrik Backman hefur slegið í gegn með bókinni Maður að nafni Ove. Hann segir vinsældirnar hafa komið sér á óvart og ekki síður útgefandanum.

Hinn 32 ára gamli Svíi Fredrik Backman sló rækilega í gegn í heimalandi sínu síðastliðið haust með sinni fyrstu skáldsögu, Maður sem heitir Ove; bráð-fyndinni en um leið harmrænni sögu um þvergirðinginn Ove, 59 ára gamlan ekkil sem hefur allt á hornum sér en þarf að fóta sig upp á nýtt lífinu eftir fráfall eigin-konu sinnar og atvinnumissi.

Rétturinn á bókinni hefur verið seldur til fjölda landa. Bókin kom út í íslensku þýðingu hjá Veröld á dögunum og til stendur að gera kvikmynd eftir henni innan tíðar. Backman hefur starfað sem lausa-penni og er gríðarvinsæll bloggari í Svíþjóð en um 50.000 manns fylgjast reglulega með heimasíðu hans.

Í biðröð í Apple-verslun

Backman segir það hafa blundað í sér lengi að skrifa skáldsögu.

„Ég leit hins vegar ekki á það sem raunhæfan möguleika, ég hélt

ekki að fólk hefði nógu mikinn áhuga á því sem ég skrifa til að ég gæti lifað af því. Mér finnst það enn mjög ótrúlegt.“

Hann segist þó ekki geta sagt til um hvenær bókin kom til hans, eins og margir höfundar.

„Þetta byrjaði bara á skemmtilegum karakter sem óx á blogg-inu mínu og Jonasar Cramby, sem blogger á sömu síðu og ég, Cafe.se. Við kölluðum þennan karakter „Ove“ og hann var svona góðlát-leg alhæfing um hinn dæmigerða sænska, miðaldra karl; mann-gerð sem amast við öllu og öllum á grundvelli prinsippa. Konan mín segir að ég sé smám saman að breytast í þennan karl en Ove er samsúða úr mörgum körlum, þar á meðal mér, og líka konum. Ég vona að það sé eitthvað algilt við hann, eitthvað sem er auðvelt að skilja og samsama sig með burt-séð frá því hver maður er eða hvar maður býr.“

Hugmyndin að því að skrifa

heila bók um Ove kviknaði hins vegar í biðröð í Apple-verslun.


„Ég stóð fyrir aftan mann sem var alveg brjálaður út í starfs-fólkið því það gat ekki útskýrt fyrir honum hvað iPad væri. Ég sá gremjuna safnast upp þegar starfsfólkið reyndi að skýra að þetta væri tölva en samt ekki og þegar hann komst að því að það fylgdi ekki lykilorð sprakk hann.“

Ég hugsaði með mér að þetta gæti orðið fjandi fín byrjun á bók. Ég spurði Jonas hvort ég mætti nota þennan karakter sem við höfðum verið að leika okkur með, sem hann samþykkti góðfúslega. Ég byrjaði að skrifa og nú erum við hér.“

Ove á oft kollgátuna

Ove er ekki geðugur maður, upp-fullur beiskju og óþoli gagnvart þeim sem ekki sjá heiminn frá hans bæjardyrum eða hafa ekki unnið sér meira til saka en að

FULLKOMIN SKVÍSUBÓK Í FRÍÐ!



2. PRENTUN VÆNTANLEG



Björg Magnúsdóttir hittir beint í mark með yndislega myndinni sögu

www.forlagid.is
- alvöru bókabúð á netinu



Opið alla virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | 101 RVK | Sími: 575-5636

kunna ekki að bakka með kerru. Backman segist þó ekki hafa haft áhyggjur af því að Ove væri of fráhrindandi.

„Mér finnst hann ekki svo óþolandi. Jú, Ove stendur á sínu, er jafnvel þrjúskur og andstyggi- legur, en hann vill vel og oft hefur hann jafnvel á réttu að standa, eða það finnst mér að minnsta kosti, og þess vegna finnst mér Ove umfram allt hrikalega skemmtilegur. Ég skil hins vegar vel að margir lesendur líti á hann sem algjöran skíthæl en það þýðir þá að ég er oft líka algjör skíthæl.“

Það hangir margt á spýtnni í Manni sem heitir Ove; að eldast, ástvinamissir, kynslóðabilið, að vera utanveltu í samfélaginu og þar fram eftir götunum. Barátta Ove við „kerfið“ er líka veigamikill þáttur í frásögninni. Backman segir bókina þó ekki endilega endurspegla sýn hans á hvernig það er að eldast í Svíþjóð eða fela í sér meðvitaða gagnrýni, til dæmis á hið rómaða sænska velferðarkerfi.

„Ég hef aldrei lagt upp með það að skrifa samfélagslega gagnrýni. Ég er satt best að segja ekki nógu klár til þess. Ég er bara náungi sem vill segja sögur eins vel og skemmtilega og ég get. Ef fólk vill kryfja bókina eitthvað frekar er því auðvitað frjálst að gera það en sjálfur hugsa ég aldrei um söguna sem eitthvað annað og meira en sögu.“

Frásögnin einkennist af hárfínu jafnvægi milli kaldhæðni og einlægni. Backman segist ekki hafa lagt sérstaka áherslu á það.

„Ég kann einfaldlega að meta kaldhæðni, það er minn húmor, en á hinn bóginn er ég líka frekar tilfinninganæmur maður. Mér finnst húmor fyndnastur þegar í honum er einhver undirliggjandi tregi og öfugt.“

Vinsældirnar komu á óvart

Backman segir vinsældir bókarinnar hafa komið sér rækilega á óvart og ekki síður útgefanda hans.

„Þegar bókinn kom út í september í fyrra spurði ég útgáfustjóran hvort ég ætti að fara og árita á Bókamessunni í Gautaborg. Hann hló bara að mér og sagði: „Nei nei, þú yrðir bara vonsvikinn því enginn myndi mæta.“ Ég borgaði því undir mig sjálfur og bjó mig undir að fimm manns létu sjá sig. Þeir urðu um 500 og daginn eftir seldi umboðsmaðurinn minn réttinn að bókinni til tíu landa. Það var fyrst þá sem ég sagði við konuna mína: „Fjandinn, þetta gæti orðið eitthvað.“

Það er ekki á vísan að róa í bókabransanum og Backman segir að þrátt fyrir vinsældir Ove sé ekki öruggt að hann geti endurtekið leikinn.

„Ove virðist hafa hreyft við einhverju djúpstæðu í fjölda fólks. Margir virðast kannast við hann úr eigin umhverfi; eiginmanni, föður, nággranna eða hvaðan sem er, og þykir þess vegna kannski meira til hennar koma en hæfileikar mínir segja endilega til um.“

Ég held að það sé ekki hægt að spá því með vissu hvort bók eigi eftir að slá í gegn. Mér á ábyggilega ekki eftir að takast það með hverri bók sem ég skrifa. Ef ég skrifa einhvern tímann aðra bók sem verður jafnvinsæl yrði það frábært. Ef ekki er ég sáttur við að hafa gert það að minnsta kosti einu sinni.“

Backman hefur þegar lokið við næstu skáldsögu sína, Min mormor hálsar och säger förlát (Amma biður að heilsa og biðst fyrirgefningar), sem kemur út í Svíþjóð í haust.

„Hún fjallar um sjö ára gamla stúlku, sem á ýmislegt sameiginlegt með Ove; hún er skapill og finnst fólk vera fífl. Hún á hins vegar ömmu af því tagi sem fólk kallar „sérstakt“, ein af þessum ömmum sem reykir innandyr á spítölum, fer nakin út á svalir og skýtur á Votta Jehóva með málningarbyssu. Þetta er öðruvísi bók en Maður sem heitir Ove en ég vona að hún rati til sinna.“

Elsta sumartónlistarhátíð á Íslandi

Tónlistarhátíðin Sumartónleikar í Skálholtskirkju hefst á laugardaginn og stendur næstu sex vikur.

Þetta er elsta tónlistarhátíðin á Íslandi á sumrin og elsta hátíð á Norðurlöndum sem einbeitt sér að barrokk og annarri gamalli tónlist,“ segir Sigurður Halldórsson, listrænn stjórnandi Sumartónleika í Skálholtskirkju. „Þannig að þetta er orðin mjög „establisert“ hátíð.“

Hátíðin hefur verið haldin á hverju ári frá 1975 og er þetta því 39. sumarið sem Skálholtskirkja ómar af söng og hljóðfæraleik í sex vikur. Fyrstu tónleikarnir verða á laugardaginn klukkan

15 og þar flytur norsk kammerkórinn Christians Consort trúarleg norsk þjóðlög ásamt verkum eftir Tallis, Gounod og Bruckner undir stjórn Martin Pearson. Einnig verður flutt nýtt verk eftir Úlfar Inga Haraldsson fyrir brass og orgel. Á seinni tónleikunum sem hefjast klukkan 17 verða líka flutt verk eftir Úlfar ásamt verkum eftir Tryggva M. Baldvinsson og norska tónskáldið Bjarne Sløgedal. Þar koma fram ungir málmblastursleikarar ásamt Martin Pearson orgelleikara.

„Það kemur óvenjumikið af gestum frá útlöndum í ár,“ segir Sigurður. „Kórinn Christians Consort kemur frá Noregi og svo kemur annar kór, Bristol Bach Choir, frá Bretlandi, auk fjölda hljóðfæraleikara. Einnig er óvenjumikið af nýrri og nýlegri tónlist í ár og ber þar fyrst að nefna að Hljómeyki mun flytja nýtt tónverk eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, sem er staðartónskáld sumarsins.“

Dagskrá hátíðarinnar í heild má nálgast inn á heimasíðunni sumartonleikar.is.



LISTRÆNN STJÓRNANDI Sigurður Halldórsson stjórnar nú sumartónleikum í Skálholtskirkju í níunda sinn.

MYND ÚR EINKASAFNI



SAMEINADIR KRAFTAR Í LOFTI, Á LÁÐI OG LEGI

Mánudaginn 1. júlí
tekur Samgöngustofa
til starfa.

Starfsfólk Samgöngustofu hlakkar til að sameinast um enn liprari þjónustu og metnaðarfull verkefni til að bæta samgöngur og auka öryggi fólks á ferðinni í lofti, á láði og legi.

Hlutverk Samgöngustofu er að stuðla að öruggum, sjálfbærum og greiðum samgöngum á Íslandi. Öll viðfangsefni Umferðarstofu og Flugmálastjórnar færast því til Samgöngustofu, ásamt eftirliti með öryggi samgöngumannvirkja og verkefnum Siglingastofnunar sem varða skip eða áhafnir, auk umferðar- eftirlits og leyfisveitinga sem áður voru á hendi Vegagerðarinnar.

Fyrst um sinn starfar Samgöngustofa í húsakynnum þriggja eldri stofnana á höfuðborgarsvæðinu: **Flugmál í Skógarhlíð 12, siglingamál í Vesturvör 2 og umferðarmál í Borgartúni 30.**

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is





EIRÍKUR SMITH færði sig úr abstraktverkum yfir í hlutbundið raunsæi upp úr 1968 og naut í framhaldinu mikilla vinsælda.

Tilvist Eiríks í Hafnarborg

Sýning á verkum Eiríks Smith undir yfirskriftinni Tilvist verður opnuð í Hafnarborg á laugardag. Á sýningunni eru verk Eiríks frá árunum 1968 til 1982 og vísar titillinn til tilvistarlegra spurninga sem leituðu á listamanninn á þessum tíma.

Á þessu tímabili tók Eiríkur að færa sig frá abstraktmálverki og yfir í hlutbundin raunsæisverk, en sú þróun varð til þess að hann náði mikilli almannahylli, verk hans tóku að seljast geysivel og mætti segja að verkin sem hann málaði á þessu tímabili væru þau sem hann er hvað þekktastur fyrir.

Sýningin er fjórða í röð sýninga sem Hafnarborg heldur og kynna ólík tímabil á löngum ferli Eiríks. Sýningarstjórar eru Ólöf K. Sigurðardóttir, forstöðumaður Hafnarborgar og Heiðar Kári Rannversson.



STJÓRNARMENN Í KÍM OG RÁÐHERRA
Ólöf K. Sigurðardóttir, Ragnar Kjartansson, Illugi Gunnarsson og Þóroddur Bjarnason.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Viljum teygja okkur út til myndlistarsamfélagsins

Nýtt opnara ferli við val á fulltrúa Íslands á Fenejvatvíæringinn var kynnt í gær. Aðilar innan listarsamfélagsins geta sent inn tillögur sem fagræð KÍM vinnur úr.

Nýtt og opnara ferli verður tekið upp við val á framlagi Íslands á Fenejvatvíæringinn í myndlist. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar efndi til í gær að viðstöddum Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra.

Nýjungin felst í því að héðan í frá verður kallað eftir tillögum og stefnt er að því að velja úr innsendum tillögum þann listamann, eða þá listamenn, sem verða fulltrúar í Þjóðarskála Íslands 2015. Með þessu fyrirkomulagi er horfið frá því lokaða ferli sem hingað til hefur verið viðhaft, en frá árinu 2007 hefur fagræð KÍM alfarið séð um val á fulltrúa Þjóðarinnar.

„Við vildum teygja okkur út til myndlistarsamfélagsins og gefa öllum fagaðilum innan þess kost á að senda inn tillögur um fulltrúa á þennan umfangsmesta listviðburð í heimi,“ segir Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar KÍM. „Það má kannski segja að við séum að

ræsta út „reykfylltu bakherberginn“, eins og gárungarnir segja. Lokað ferli skapar tortryggni, það er tilhneiging til að líta á það sem elftisma. Mér finnst þetta nútímaleg og lýðræðisleg leið og í anda dagsins í dag.“

Hið nýja fyrirkomulag leysir fagræðið ekki af hólmi og KÍM verður eftir sem áður ábyrgðaraðili skálans og annast alla umgjörð hans. „Þetta tryggir hins vegar að fleiri sjónarmið komast að og fleiri listamenn til álit.“

Spurður hvort þessi breyting sé vísir að enn opnara ferli í framtíðinni segir Þóroddur það vel koma til greina.

„Mér finnst heillandi hugmynd að leika sér að því hvernig á að velja fulltrúa á svona atburð sem er kostaður að stórum hluta fyrir skattfé. Með þessari nýjung erum við líka að varpa fram þeirri spurningu hvernig fólk vill hafa þetta, ekki bara

Óskað eftir tillögum

Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar óskar eftir tillögum að fulltrúa / fulltrúum Íslands á Fenejvatvíæringi. Eftirfarandi eru sérstaklega hvattir til að senda inn vel útfærðar tillögur: listamenn, sýningarstjórar, listfræðingar, söfn og sýningarstaðir. Nánari upplýsingar um þær kröfur sem tillögurnar þurfa að uppfylla má finna á heimasíðu KÍM - icelandicartcenter.is. Skilafrestur er til 1. september. Fagræðið vinnur síðan úr þeim tillögum sem berast og er stefnt að því að ljúka ferlinu fyrir lok september.

hvaða listamenn eiga að fara utan heldur hreinlega hvers konar list við viljum senda á þennan viðburð og kynna í okkar nafni.“
bergsteinn@frettabladid.is

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi

Kópavogstún. Kópavogsbakki 2 og 4

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga S kipulags- og byggingardeildar Kópavogs að breyttu deiliskipulagi Kópavogsbakka 2 og 4. Vegna 2,5 til 3,0 m hæðarmunar á götu og landi sunnan við Kópavogsbakka 2 og 4 völdu lóðarhafar að reisa húsin á háum sökklum í stað þess að vera með jarðvegspúða undir þeim eins og gert var á húsunum í Kópavogsbakka 6, 8 og 10. Heimilud hefur verið nýting á hluta sökkulrýmis í húsinu nr. 4 en ekki í nr. 2. Umrædd breyting felur í sér heimild til lóðarhafa Kópavogsbakka 2 og 4 að nýta umrædd sökkulrými undir einbýlishúsunum fyrir geymslur og íveruherbergi. Samanlagt flatarmál húsanna eykst og þ.m. lóðarnýting. Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:2000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 14. maí 2013. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan verður til sýnis á Skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 28. júní 2013. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Umhverfissviði, Skipulags- og byggingardeild eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 12. ágúst 2013. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs



Kópavogsbær

kopavogur.is



Framkvæmdastjóri óskast.

Spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling. Sláturfélag Austurlands, sem rekur kjötvinnslu og matvöruverslun á Egilsstöðum, óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.

Helstu starfssvið:

1. Starfsmannastjórnun.
2. Fjármálastjórn.
3. Samskipti við birgja og viðskiptavini.
4. Fagleg yfirumsjón með vinnslu og verslun

Hæfniskröfur.

1. Fagmenntun á sviði kjötvinnslu og meðferð matvæla.
2. Reynsla af stjórnunarstörfum.
3. Snyrtimennska, skipulagshæfileikar og reglusemi ásamt góðum hæfileikum til manlegra samskipta

Um er að ræða ábyrgðarstarf, sem krefst fórnfýsi og umhyggju og felur í sér að halda áfram því mikla uppbyggingarstarfi, sem unnið hefur verið á vegum félagsins undanfarin ár.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí næstkomandi

Nánari upplýsingar gefa Gestur J. Hallgrímsson s. 895 8929 og Sigurjón Bjarnason í s. 471 1171.

NÝJIR

MEÐLÆTISRÉTTIR

Í KJÖTBORÐI NÓATÚNS



Fylltir tómatar með mozzarella osti



Sætar kartöflur og blandað grænmeti



Brokkoli og gulrætur í kryddlegi



Hot Wings Oriental



Pastasalat með ólífum og papriku



Grillaðar strengjabaunir



Smælki með steinselju og rauðlauks marineringu



Maískólfar á grillþrjóni



Fylltar kartöflur



Brokkolisalat með trönuberjum og beikoni



Kartöflusalat sælkerans



Kalkúnaspjót



Kjúklingspjót



Smælki með grillgrænmeti



Miðjarðarhafs kryddgrjón



Saltbakaðar kartöflur



Rösti kartöflur



Rósmarín smælki á spjoti



Við gerum meira fyrir þig!

Opið til miðnættis alla daga

8-24

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Hringbraut - Austurvegur - Grafarholt

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR

28. JÚNÍ 2013

Hátíðir

15.00 Húmarhátíð á Höfn hefst í dag. Dagskrá hátíðarinnar má finna á humar.is.

Tónlist

19.00 Útvarpsstöðin X977 og Bar 11 slá saman í afmælisveislu í tilefni af 20 ára afmæli stöðvarinnar og og 10 ára afmæli barsins. Gleðin stendur til klukkan 01.00.

22.00 Robert the Roommate og Skúli Mennski halda á tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð kr. 1500.

22.00 Skuggamyndir frá Býsins leika fyrir gesti í Gamla bænum, Hótel Reynihlíð. Sveitina skipa: Haukur Gröndal klarínett, Ásgeir Ásgeirsson bouzouki, Þorgrímur Jónsson og frá Tyrkland Cem Misirliloglu á slagverk.

22.00 Hljómsveitirnar Bftladrengirnir blíðu, Spottarnir og Sviðin jörð leika og syngja á Café Rosenberg.

23.00 Brendan Brekkan skemmtir á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

Fyrirlestrar

09.00 Ráðstefna í Háskólanum í Reykjavík í minningu dr. Guðjóns Magnússonar prófessors, um áhrifaþætti á heilsu og vellíðan - frá rannsóknnum til aðgerða. Aðalfyrirlesari ráð-

stefnunnar er Sir Michael Marmot, sem leitt hefur með vinnu á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) í greiningu á félagslegum áhrifaþáttum heilbrigðis og áhrifum ójöfnuðar á heilsu. Hinn erlendi fyrirlesarinn á ráðstefnunni er prófessor Felicia Huppert, forstjóri The Wellbeing Institute við Cambridgeháskóla og meðlimur í ráðgjafahópi David Cameron, forsætisráðherra Breta, um mælingar á vellíðan fyrir stefnumótun. Einnig verða kynntar nýjustu niðurstöður úr könnuninni „Heilsa og líðan Íslendinga“ þar sem farið verður yfir þróun heilsu og líðan Íslendinga frá 2007-2012. Ráðstefnan stendur til kl. 17.

12.10 David W. Lewis ljósmyndari heldur fyrirlestur um Bromoil ljósmyndatækni í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, en um þessar mundir stendur yfir sýning á myndum Lewis á safninu. Bromoil ljósmyndunaraðferðin er ein af elstu ljósmyndunaraðferðunum og líklega sú sjaldgæfa. Aðgangur ókeypis og allt áhugafólk um ljósmyndun er hvatt til að mæta.

Myndlist

15.00 Sívía Björg opnar listasýningu hjá Kirsuberjatrénu, Vesturgötu 4, 101 Reykjavík. Þar verða spænskir tapasréttir og sangrí á boðstólum.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



GEFA ÚT MYNDBAND
Hljómsveitin Kaleo frumsýnir myndband við Vor í Vaglakógi í kvöld.

Frumssýna myndband við Vor í Vaglakógi

Hljómsveitin Kaleo frumsýnir myndband við lagið Vor í Vaglakógi í kvöld.

Hljómsveitin Kaleo úr Mosfellsbæ frumsýnir nýtt tónlistarmyndband í kvöld við útgáfu sína af hinu sígilda íslenska dægurlagi Vor í Vaglakógi.

Útgáfan sem strákarnir hljóðrituðu fyrir stuttu er gerð með góðfúslegu leyfi höfunda og hefur á augabragði náð miklum vinsældum. Lagið, sem verður gefið út um helgina, er sem stendur í efsta sæti vinsældalista Rásar 2 og situr í níunda sæti á lista Bylgjunnar. Myndband af lifandi flutningi þeirra er komið með um þrjátíu þúsund spilarir á síðunni Youtube.

„Þetta lag var búið að vera lengi í miklu uppáhaldi hjá söngvaranum Jökli. Hann byrjaði að þróa þessa útgáfu fyrir nokkrum árum og svo byrjuðum við að spila hana

Frumssýningarpartí í kvöld

